

Árbók Íslands 2013

Jón Árne Friðjónsson Ph.D.

tók saman

EFNISYFIRLIT

Árferði	100
Bókmenntir og fræði	101
Búnaður	111
Forseti Íslands	115
Hafís við Ísland	117
Iðnaður	118
Íbúar Íslands	119
Íþróttir	122
Kirkjan	127
Mannalát	129
Náttúra Íslands	132
Próf	137
Raforkumál	138
Samgöngur og ferðamál	141
Slys	144
Stjórnsmál	146
Sveitarstjórnarmál	153
Tónlist	155
Útvegur	158
Verslun	160
Vísitölur og verðlag	162
Ýmislegt	163

HEIMILDIR

Byggt á útgefnum ritum, opinberum fjölmiðlum, vefsíðum og skýrslum einstakra stofnana, fyrirtækja, háskóla og íþróttasambanda, auk svara við fyrirspurnum. Mikilvægustu upplýsingaveitir eru: Ferðamálastofa, Fiskistofa, Hagstofa Íslands, Háskóli Íslands, Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun, Samgöngustofa, Skrifstofa forseta, Orkuveita Reykjavíkur, RARIK, Veðurstofa Íslands, Þjóðkirkjan.

Heimildarmenn og höfundar einstakra kafla:

Markús Möller – *Vísitölur og verðlag*

Dr. Guðrún Kvaran – Ólafur Ásgeirsson, kveðjuorð

Sigurður Kristjánsson – *Búnaður*

Dr. Þór Jakobsson – *Hafís við Ísland*

Ljósmyndir:

Mynd bls. 99 Guðni Hannesson

Mynd bls. 128 Sigurður Ægisson

Mynd bls. 135 Sigtryggur Ari Jóhannsson

Aðrar myndir Jón Árni Friðjónsson



Ólafur Ásgeirsson forseti Hins íslenska þjóðvinafélags lést eftir erfið veikindi 11. maí 2014. Hann gegndi ýmsum trúnaðarstörfum um ævina, var m.a. skólameistari Fjölbautaskólans á Akranesi 1977–1984 og þjóðskjalavörður Þjóðskjalasafns Íslands 1984–2012 að hann lét af störfum vegna veikindanna. Skátahöfðingi var hann 1995–2004.

Ólafur var kjörinn í stjórn Þjóðvinafélagsins 1987 og hafði því setið í stjórn þess í rúman aldarfjórðung þegar hann lést, þar af sem forseti frá 1999. Fundir voru haldnir í húsakynnum Þjóðskjalasafnsins og var afar ljúft að vinna með honum að verkefnum félagsins. Hann gekk í að leysa mál sem upp komu af festu og röggsemi og brosið heillandi fylgdi honum frá fyrsta fundi til hins síðasta.

Ólafur var sagnfræðingur að mennt og kynnti sér vel sögu Hins íslenska þjóðvinafélags sem stofnað var 1871. Frá fyrsta fundi leyndi sér ekki áhugi hans á hinu aldna félagi og hann kom afar vel í ljós þegar hann sem forseti lagði til að félagið tæki þátt í hátíðarhöldum í tilefni af 200 ára afmæli fyrsta forseta þess, Jóns Sigurðssonar, bæði með stuttri ráðstefnu í hátíðarsal Menntaskólans í Reykjavík 17. júní og með útgáfu sérheftis af *Andvara* 2011 sem helgað var Jóni. Það var verulega ánægjulegt að mega taka þátt í undirbúningi með Ólafi ásamt öðrum í stjórn og fylgja eftir þessu metnaðarfulla verkefni. Þar kom vel í ljós hæfileiki hans að geta unnið með öðrum og ótrautt að settu marki.

Stjórn Hins íslenska þjóðvinafélags þakkar Ólafi samfylgdina, trausta stjórn og óbilandi áhuga á framtíð félagsins.

ÁRFERÐI

Veturinn 2013 var harður og vorið erfitt víða um norðan- og austanvert landið; snjóþyngsli og svellalög ollu sums staðar miklum kalskemmdum. Sumarið var hins vegar úrkomusamt sunnanlands og vestan- en sæmilega hagfellt og hlýtt norðanlands. September var kaldur og veturinn sem í hönd fór varð úrkomusamur.

Árið var tiltölulega hlýtt, einkum austanlands, en kaldast suðvestanlands. Árshiti í Reykjavík var yfir meðallagi í 18. sinn í röð en í 15. sinn á Akureyri. Í Reykjavík komst hiti mest í 20,2 stig hinn 27. júlí en í 23,7 á Akureyri 10. júlí. Hæstur varð meðalhiti á Garðskaga, 5,9 stig, en lægstur á Brúarjökli, -2,4 stig. Meðalhiti í byggð var lægstur í Möðrudal, 0,7 stig. Hæsti hiti á landinu mældist í Ásbyrgi 21. júlí, 26,4 stig, en mestur kuldi við Mývatn 6. desember, -31 stig.

Mesta sólarhringsúrkoma mældist í Skaftafelli 26. febrúar, 154,1 mm, en daginn áður höfðu mælst þar 153,4 mm.

Nokkrum sinnum gerði hvassviðri sem ollu tjóni, aðallega af norðlægri eða norðaustlægri átt. Varð af þeim sökum nokkrum sinnum foktjón, samgöngur lömuðust og raflínur urðu fyrir skemmdum. Fjárskaðar urðu og nokkrir en minni en árið á undan.

Janúar var óvenjuhlyr, ekki síst í Reykjavík, og úrkomusamur víðast um landið. Snjóþyngsli voru þó veruleg norðan- og norðaustanlands og m.a. alhvítt á Akureyri nær allan mánuðinn.

Febrúar var sömuleiðis mjög hlýr, annar til fjórði hlýjasti frá upphafi mælinga. Var m.a. frostlaust í Surtsey allan mánuðinn og mun það í fyrsta sinn sem slíkt gerist í febrúar á nokkurri veðurstöð hér á landi frá upphafi mælinga. Mjög var úrkomusamt sunnan- og suðaustanlands. Spilltust vegir sums staðar beinlínis vegna þíðviðris.

Mars í byrjun mánaðarins gerði vonskuveður með ófærð og harðindum sem lömuðu samgöngur. Eftir það fór tíðarfar batnandi og veður hagstæðara. Svifryksmengun var mikil í Reykjavík og víðar.

Apríl var kaldur, einkum á norðaustanverðu landinu. Snjóþyngsli voru veruleg á Norður- og Norðausturlandi, sem og norðanverðum Vestfjörðum en sólríkt á Suðvesturlandi.

Mái var kaldur framan af og tók snjó hægt upp. Úrkoma var í meira lagi og urðu leysingar bráðar í lok mánaðar með flóðum og aurskriðum.

Júní var hlýr og þurr norðanlands og austan- en vætusamt suðvestanlands. Á Akureyri var mánuðurinn sá hlýjasti frá 1953.

Júlí var lengst af úrkomusamur og sólarlítill syðra en á hálendinu var óvenjuhlytt. Í Veiðivatnahrauni komst hiti í 25,9 stig í lok mánaðar en stöðin er í 647 m hæð.

Ágúst var úrkomusamur og veður þungbúið um Suður- og Vesturland en allgott nyrðra.



Jarðvegsskriða í fjallshlíð og kalin tún í Öxnadal í maí 2013.

September var votviðrasamur en norðanáhlaup gerði um miðjan mánuðinn og snjóaði um heiðar og fjöll.

Október var þurrviðrasamur með afbrigðum suðvestanlands svo að sums staðar varð þá lokið heyskap. Norðanlands snjóaði sums staðar.

Nóvember var umhleypingasamur; kalt um miðjan mánuðinn en hlýindi í lokin.

Desember var sömuleiðis umhleypingasamur og kaldur á köflum. Um jólin gerði víða stórhrið með miklum samgöngutruflunum, m.a. á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni. (*Byggt á yfirliti Veðurstofu Íslands*)

BÓKMENNTIR OG FRÆÐI

Miðstöð íslenskra bókmennta var sett á laggirnar í ársbyrjun 2013 og tók hún við verkefninu Sögueyjan Ísland, sem sett hafði verið saman í tilefni bókamessunnar í Frankfurt 2011, og Bókmenntasjóði. Hrefna Haraldsdóttir var skipuð formaður stjórnar en framkvæmdastjóri Rakel Björnsdóttir. Skv. lögum er hlutverk Miðstöðvarinnar „að styrkja útgáfu bóka á íslensku, styðja við og styrkja þýðingar og kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis og efla bókmenningu hér á landi“.

Skáldsögur

Tveir meginstraumar voru nokkuð áberandi í íslenskri skáldsagnaútgáfu árið 2013, sögulegar skáldsögur og það sem nefna mætti fjölskyldu- eða ættarsögur.

Skuggasund eftir Arnald Indriðason varð söluhæsta bók ársins, seldist í um 23 þúsund eintökum. Þessi nýjasta bók Arnaldar er vissulega sakamálasaga en hann heldur hér áfram að þróa þá list sína að nota sviðsetningar sakamála til að draga upp forvitnilegar fortíðarmyndir. Hið sögulega sjónarhorn hentar honum vel.

Sagan gerist á tveimur tímasviðum; annars vegar er einkennilegt dauðsfall í nútíma sem tengist á einhvern undarlegan hátt morðmáli frá stríðsárunum. Erlendur kemur hér hvergi við sögu; annar maður, eftirlaunamaður úr rannsóknarlögreglunni, fær það hlutverk að raða brotunum saman í félagi við lesandann.

Það er jafnan sterkur félagslegur tónn í sögum Arnalds, áberandi samúð með hinum veikari og alúð lögð við sköpun aukapersóna. Vafalítið hafa þessir eiginleikar átt sinn þátt í að efla tryggð lesenda við bækur hans; þær hafa siðferðilegan boðskap og fjalla einatt um mannleg örlög af nærgætni, auk þess að gefa trúverðuga innsýn í samfélag fortíðar. Vinsældir hans á erlendri grund, sem virðast stöðugt fara vaxandi, sýna að það sem oft virðist „þjóðlegast“ og sérlegast einkenni á litlu samfélagi reynist einatt bæði alþjóðlegt og sammannlegt.

Sæmd eftir Guðmund Andra Thorsson hlaut mjög góðar viðtökur. Sagan gerist í Reykjavík undir lok 19. aldar og segir frá því hvernig Benedikt Gröndal hraktist frá kennslu í Lærða skólanum eftir að hafa lent í deilum við Björn M. Olsen sem skipaður hafði verið umsjónarmaður skólans. Má segja að meginviðfangsefni bókarinnar séu lýsingar þessara tveggja manna. Þar er ólíku saman að jafna; Björn metnaðargjarn og kappsamur við að halda uppi aga en Benedikt búinn að missa konuna, drekkur meira en góðu hófi gegnir og stundar kennsluna stopult. Samúð höfundar er öll með hinum drykkfellda fjölfræðingi og rómantíker en þó fær lesandinn nokkra sýn á hinar mannlegri hliðar umsjónarmannsins. Hið merka brautryðjandastarf Björns á sviði íslenskra fræða liggur að mestu utan þessa sögusviðs.

Sæmd er söguleg skáldsaga; byggist á sönnum atburðum og styðst við sögulegar heimildir, ekki síst *Dægradvöl* Benedikts og fleiri ævisögur, t.d. Árna Þórarinssonar. Hann vísar þó frá sögulegum staðreyndum þegar hann telur það þjóna frásögninni. Textinn er myndríkur og ljóðrænn, jafnvel skruðmikill á köflum.

Fiskarnir hafa enga fætur eftir Jón Kalman Stefánsson var kynnt sem e.k. ættarsaga höfundarins í búningi skáldsögu. Sögusvið og tími eru lagskipt ef svo má segja. Ættarsagan hefst austur á fjörðum snemma á tutt-

ugustu öld en í samtíma lesenda birtist sögumaður sem vitjar heimahaga sinna í Keflavík eftir langa fjarveru og rifjar upp æskuár sín þar á áttunda áratugnum. Þetta er flókin saga sem skilur eftir margar spurningar og lesendur sem hljóta að vænta framhalds. Bókin fékk almennt góðar viðtökur en þó var því fleygt að ekki væru Keflvíkingar allir sáttir enda er myndin af bænum fremur dapurleg. Sagan snertir líka erfið mál, t.d. samskiptin við bandaríska herinn, en hún er skrifuð í þeim myndríka og ljóðræna stíl sem einkennir fyrri verk höfundar.

Mánasteinn: Drengurinn sem aldrei var til er stutt skáldsaga eftir Sjón og hefur einkenni sögulegrar skáldsögu að því leyti að hún gerist í Reykjavík 1918 og er byggð á gögnum um það sögusvið. Hún tekur hins vegar á málefni sem venjulegar heimildir sniðganga jafnan, þ.e. samkynhneigð. Söguhetjan, unglingspiltur sem selur sig samkynhneigðum körlum í Óskjuhlíðinni, var sem sé „aldrei til“ ef marka má heimildir. Þessi bók þótti marka veruleg tímamót í íslenskri bókmenntasögu.

Stúlka með maga eftir Þórunni Erlu og Valdimarsdóttur er afar litrík ættarsaga en birtir um leið breiða samfélagsmynd. Hún er byggð á ýmsum sögulegum heimildum, m.a. einkaskjölum fjölskyldunnar, en frásagnaraðferðin sjálf ber einkenni skáldsögu. Aðalpersóna sögunnar er Erla, móðir Þórunnar, og sagan er að mestu lögð í munn henni. Hún er „stúlka með maga“, þ.e.a.s. verður ólétt helsti snemma fyrir samtíma sinn og það er ættarsaga hennar sem myndar hinn litríka vef.

Árni Þórarinsson kom lesendum sínum á óvart með stuttri skáldsögu sem bar titilinn *Glæpurinn, ástarsaga*, en reyndist svo ekki venjuleg glæpasaga þó að sögusviðið tengdist undirheimum og utangarðsveröld Reykjavíkur. Sagan fjallar um erfið fjölskyldumál og afleiðingar kynferðisofbeldis og það er ekki bjart yfir örlögum söguhetjanna. Annar höfundur, Hafliði Vilhelmsson, fjallar einnig um eftirmál gamalla fjölskylduvandræða í sögunni *Svartþröstur*. Fyrsta bók Hafliða, *Leið tólf, Hlemmur-Fell*, kom út 1977 og vakti talsverða athygli en síðan hefur liðið langt á milli bóka hans. Fyrsta bókin rakti aðdraganda þess að ungur maður festir ráð sitt og gerist venjulegur heimilisfaðir og skuldaþræll. Söguhetja *Svartþröstar* hefur einmitt átt svipað líf þegar höfundurinn leysir hann úr ánaudinni þremur áratugum síðar — en þó með kaldhæðnisglotti.

Ljóð

Bjarki Karlsson hlaut bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir handrit að ljóðabók sem gefin var út á haustdögum 2013: *Árleysi* alda. Áður en langt um leið var hún orðin ein söluhæsta bókin og margendurprentuð áður en komið var fram að jólum. Þetta er óvenjuleg bók í hæsta máta; ljóðin eru ort undir hefðbundnum háttum en orðfæri og

myndmál nútímalegt. Efnið er fjölskrúðugt. Bókin hefst á heimsósóma-kvæði í gömlum stíl, með sama formi og „Aldarháttur“ Hallgríms Pétursonar. Efnið er þó glænýtt; hrunið og eftirmál þess. Á eftir þessu kvæði fylgir alllangur kafli sem kalla má háttatal eða stælingar ljóða þekkra höfunda sem eru efnislega tilbrigði við barnagæluna „Afi minn fór á honum Rauð“.

Vera má að einhverjum þyki glannalegt að skopstæla þjóðskáldin á þennan hátt en það hafa þó mörg fyrri skáld iðkað, t.d. Benedikt Gröndal, Hannes Hafstein og Jón Helgason. *Árleysi alda* er skemmtilestur og áminning um gildi hinnar fornu braglistar.

Eva Rún Snorradóttir sendi frá sér sína fyrstu ljóðabók, *Heimsendir fylgir þér alla ævi*. Þetta er stutt bók og einföld að byggingu en hugmyndin, sem vísað er til í titli hennar, myndar e.k. leidarstef í gegnum hana alla og gerir hana merkilega heilsteypa. Það birtist í ýmsum óljós-um smámyndum sem orka á lesandann eins og minningabrot. Sviðið er blokkahverfi í Reykjavík:

Í hverri blokk
jafn margir íbúar
og í litlu þorpi úti á landi.

Hér gerist fátt en þó er eins og ljóðmælandinn hafi á uppvaxtarárunum upplifað margan „heimsendi“ og staðið ein andspænis heiminum.

Loks er þess að geta að út kom ný ljóðabók eftir Þorstein frá Hamri, *Skessukattar*. Sú bók er hin mesta listasmíð. Þorsteinn byrjar mál sitt á að ígrunda andstæður; það kyrrláta samræmi sem einu sinni var: „berjasælu sumars“, andspænis þeirri upplausn sem síðari tímar hafa fært að höndum; hvað verður um Snæfellsás þegar jökull hans er horfinn? Myndmál ljóðanna er, sem fyrr, mjög sótt í íslenska náttúru og dvalið við tengsl hennar við fólkið sem þar bjó. Í ljóðinu „Gatan“ lýsir Þorsteinn þeim örfína þræði tungu og menningar sem tengir Gunnar með atgeirinn, kóng Pípin og Ólöfu dóttur hans, Eggert og Jónas við okkur hin og „gefur í skyn / allt sem er ofur viðkvæmt“ — „sem orð myndu drepa á dreif“. Hér birtist list hins kyrrláta og fíngerða; um ljóðið sjálft segir beinlínis, með hógværri en hnitmiðaðri stuðlun:

Oftar en hitt
óx það af litlu.

Í upphafi bókarinnar er tilvitnun í *Íslenska orðabók* þar sem hugtakið skessuketill er útskýrt — eins og til að undirstrika myndhverfinguna sem vísar til mótnar hugmynda og úrvinnslu í formi ljóða. Þessi myndhverf-

ing birtist aftur í lokaljóði bókarinnar þar sem hin nánú tengsl skálds og náttúru eru áréttuð.

Ráðherrasögur

Tveir fráfarandi ráðherrar sendu frá sér bækur um starf sitt í ríkisstjórn, Steingrímur J. Sigfússon og Össur Skarphéðinsson. Slík rit stjórnmalamanna eru vitanlega skrifuð út frá skýrt afmörkuðu pólitísku sjónarhorni og fela jafnan í sér ýmislega réttlætingu eigin verka; þær geta þó orðið nytsamar heimildir. Þriðja ráðherrasagan er af allt öðru tagi, ástarsaga Jónínu Leósdóttur og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hin pólitíska dagbók Össurar Skarphéðinssonar, *Ár drekans*, er sérkennilegt verk. Titillinn vísar til þess að í lok ársins landar utanríkisráðherrann með sínu fólki fríverslunarsamningi við Kína, fyrst vestrænna ríkja. Samningaviðræðurnar við ESB mynda hins vegar helsta leiðarstef frásagnarinnar. Hún fylgir dagbókarforminu nákvæmlega; þess eru jafnvel dæmi að höfundur setji fram pólitíska spádóma sem ljóst var að ekki rættust og hann hefði getað fellt út.

Össuri virðist oft láta betur að semja við pólitíska andstæðinga en samherja. Raunar hlýtur bersögli hans um innanflokksátök í Samfylkingunni að koma nokkuð á óvart, t.d. togstreita við formanninn Jóhönnu og Oddnýju Harðardóttur, sitjandi fjármálaráðherra. Eftir að bókin kom út fóru að birtast viðbrögð flokkssystkina hans sem könnuðust ekki við allt sem þar kemur fram. Þótti mörgum ljóst að Össur væri með þessu að bæta sitt pólitíska tengslanet út fyrir eigin flokk.

Sú sjálfsmynd sem hér er dregin upp sýnir fyrst og fremst atorkusaman ráðherra og umhyggjusaman fjölskylduföður. En „skugginn“ sem þessi mannsmynd varpar sýnir bragðvísan stjórnmalamann sem hefur yndi af pólitískum leiksýningum. Og myndin sem bregður fyrir í bakgrunni, af starfsháttum alþingismanna, er ekki sérlega uppörvandi. Hér segir og undan og ofan af nokkrum trúnaðarsamtölum utanríkisráðherrans við forsetann þar sem ekki eru aðrir áheyrsla en Bessastaðahundurinn Sámur og frásagnir af ræðuhöldum á ríkisráðsfundum verða sumar að teljast dæmalausar.

Höfundur er mikill sögumaður og tekst oft að byggja spennu í frásögnina. En hann hefur mikið yndi af að sviðsetja sjálfan sig, lýsa dramatískum tilþrifum sínum þegar hann gengur snúðugt um sali eða heillar heilu diplómatafundina með innblásnum ræðum. Bókin hlýtur að vera skyldulesning fyrir stjórnmalamenn samtímans en ekki síst pólitíska andstæðinga höfundar.

Hin bókin er rituð af Birni Þór Sigbjörnssyni blaðamanni og heitir *Steingrímur J: Frá hruni og heim*. Hún er e.k. viðtalsbók, byggð á frásögnum Steingríms, en einnig ýmiss konar heimildum öðrum og spannar

tímabilið frá aðdraganda bankahrunsins 2008 og fram um stjórnarskipti vorið 2013. Suma kaflana skrifar Steingrímur sjálfur svo sem inngang og eftirmála.

Steingrímsbók er hvergi nærri slíkur skemmtilestur sem *Ár drekans* en þó forvitnileg sem heimild. Þar segir m.a. frá fyrstu viðbrögðum stjórnámálamanna við bankahrununu og uppástungu Steingríms til Geirs Haarde um þjóðstjórn — sem hann segir að Samfylking hafi afskrifað eftir að Davíð Oddsson hafði flutt svipaðan boðskap inn á ríkisstjórnarfund. Þá eru rifjuð upp harkaleg viðbrögð norrænna ráðamanna við tíðindum af vandræðum Íslendinga en rausnarskap Færeyinga og Pólverja. Góð samskipti við AGS munu hins vegar hafa komið nokkuð á óvart.

Yfirleitt talar Steingrímur gætilega um fólk; ber embættismönnum almennt vel söguna. Hann á það sameiginlegt með Össuri að skiptin við samherjana virðast stundum hafa verið erfiðari en andstæðingana.

Afstaða Steingríms til ESB er að ýmsu leyti ekki eins afdráttarlaus og sumra flokksfélaga hans og má vera að það komi á óvart. En vafalítið hefur eitt meginmarkmiðið hans með bókinni verið að skýra sýn hans á hið alræmda Icesave-mál og framvindu þess. Hann lýsir einnig viðhorfum sínum til ýmissa annarra hitamála, t.d. endurskoðun stjórnarskrár og fiskveiðistjórnun en fer ekki djúpt í saumana á þeim. Þá er hér birt í íslenskri þýðingu greinin sem Steingrímur birti í *Financial Times* eftir ósigur í kosningum 2013, þar sem hann velti upp þeirri almennu spurningu hvaða möguleika stjórnámálamenn ættu yfirleitt á að standa undir „óraunhæfum væntingum kjósenda“.

Sú ráðherrasaga sem kom fólki vafalaust mest á óvart var þó bók Jónínu Leósdóttur, *Við Jóhanna*. Það hafði um allnokkurt skeið verið fólki kunnugt að þær Jóhanna og Jónína væru sambýliskonur og svo langt hafði jafnréttisþróun hér á landi þó náð að sú vitneskja hafði ekki orðið Jóhönnu fjötur um fót. Þegar allt kom til alls voru margir Íslendingar jafnvel dálítið stoltir af því að verða fyrstir þjóða til að hafa lesbíu á forsætisráðherrastóli, hvaða álit svo sem þeir höfðu á henni sem stjórnámálamanni. En þetta er í rauninni nýtt viðhorf; til skamms tíma var slíkt í besta falli haft að gamanmálum. Jónína lýsir af mikilli einlægni þeirri erfiðu reynslu tveggja giftra kvenna að þurfa að gangast við eigin tilfinningum og taka líf sitt til endurskoðunar; viðurkenna ást sína frammi fyrir skilningsvana samfélagi. Enginn vafi leikur á mikilvægi þessarar bókar í baráttunni fyrir umburðarlyndi og jafnrétti og heimildargildi hennar á trúlega eftir að reynast ómetanlegt. En um hinar pólitísku sviptingar segir hún minna.

Fræðirit

Mörg aðgengileg fræðirit komu út á árinu og verður þó fátt eitt talið hér.

Af jörðu — Íslensk torfhús eftir Hjörleif Stefánsson er vegleg bók, 320 blaðsíður, gefin út í samvinnu við Þjóðminjasafnið. Hún er prýdd fjölda teikninga og ljósmynda, ásamt greinargóðum heimilda-, mannanafna- og atriðaskrá. Hér er um að ræða afar fallega bók þar sem áhersla er lögð á að myndefni fái að njóta sín. Textinn er hins vegar ekki mjög viðamikill eða fræðilegur; þetta er aðgengileg bók sem beinir sjónum að íslenska torfbænum sem fyrirbæri í sögu byggingarlistar. Viðfangsefni bókarinnar eru fremur valin frá fagurfræðilegu sjónarhorni en að um sé að ræða alhliða úttekt á hinum „íslenska moldarkofa“. Sumir munu hafa saknað þess en þar hefði einfaldlega verið um allt annað verk að ræða. Hér er hins vegar fjallað um torfhúsastílinn sem menningarsögulegt fyrirbæri og enginn vafi er á að þar sem viðfangsefnið er svo forgengilegt sem raun ber vitni þá munu hinar mörgu ljósmyndir bókarinnar í raun fela í sér verulegt heimildargildi.

Sigrún og Friðgeir: Ferðasaga eftir Sigrúnu Pálsdóttur er sagnfræðirit sem fylgir meginreglum fræðilegrar heimildanotkunar en frásögnin sem þar er miðlað einkennist af myndrænni sviðsetningu og skáldlegri innlifun. Þetta er saga af ungum hjónum, Friðgeiri Ólasyni og Sigrúnu Briem, sem fóru til Bandaríkjanna til sérnáms í læknisfræði haustið 1940 og voru á heimleið með Goðafossi þegar skipinu var sökkt undan Garðskaga af þýskum kaþbáti haustið 1944. Þar fórust þau ásamt börnum sínum þremur og fleira fólki.

Þetta er áhrifamikil bók. Stuttorð en hnitmiðuð umfjöllun Sigrúnar um hina sögulegu framvindu stríðsáranna myndar bakgrunn við úrvinnslu úr persónulegum heimildum fjölskyldunnar, einkabréfum, ljósmyndum o.fl. Lesandinn er jafnóðum upplýstur um þá ógn sem vofir yfir á meðan hin unga fjölskylda er að mótast og flest gengur henni í haginn. Harmsagan sem í vændum er fær þannig dýpri merkingu.

Kaupmannahöfn sem höfuðborg Íslands eftir þá Guðjón Friðriksson og Jón Þ. Þór er mikið rit, tvö bindi, samtals nærri 1200 blaðsíður. Hún hefst á athyglisverðri frásögn af því hvernig tókst til við fjármögnun verksins sem hófst árið 2006, í miðju „góðæri“. Mikilvægustu styrktaraðilarnir voru sjóður sem stofnaður var af skipakónginum A. P. Møller og hins vegar Styrktarsjóður Baugs undir stjórn Jóhannesar Jónssonar, auk Søren Langvad, aðaleiganda verktakafyrirtækisins Pihl og Søn. Sjónarhorn frásagnarinnar er einkum bundið við Kaupmannahöfn; horft er til Íslands „úr landsuðri“. Verkið hefst á yfirliti um þá viðburði sem hófust er Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd en færðust síðan inn í Kalmar-

sambandið og urðu þegar í hinu fjölbjóðlega Danaveldi. Þessari sögu lýkur síðan með gerð sambandslagasamnings 1918. Höfundar miðuðu verklag sitt við að útkoman yrði „sameiginlegt verk“ fremur en „sam-suða tveggja verka“ og er það almennt mat þeirra sem um hafa fjallað að það hafi heppnast vel.

Landbúnaðarsaga Íslands, fjögurra binda yfirlit um sögu íslensks landbúnaðar frá upphafi og fram á okkar dag, kom út á árinu eftir nokkuð langt ritunarferli. Hér er um að ræða veglegar bækur og vel myndskreyttar, alls 1357 blaðsíður. Upphaflega átti Jónas Jónsson, fyrrverandi búnaðarmálastjóri, frumkvæði að verkinu en þegar sýnt var hve umfangsmikið það gæti orðið var því skipuð ritnefnd og Árni Daníel Júlíusson fenginn til að vinna verkið á móti Jónasi. Svo fór að Jónas féll frá eftir stutt veikindi 2007. Þá hafði hann hins vegar skilað að mestu handriti að sínum hluta, einkum sögu einstakra búgreina sem birtist í tveimur síðari bindunum. Árni Daníel tekur hins vegar saman sögulegt yfirlit um þróun landbúnaðar, allt frá árdögum hans fyrir uppundir 10 þúsund árum og fram til þeirra tæknivæddu en þó á margan hátt erfiðu tíma sem íslenskur landbúnaður býr við í lok tuttugustu aldar.

Náttúruvá á Íslandi — Eldgos og jarðskjálftar. Ritstjórar bókarinnar eru Júlíus Sólnes, Freysteinn Sigmundsson og Bjarni Bessason. Þessi bók er almennt fræði- og uppláttarrit fyrir almenning og fræðimenn um eldgos og jarðskjálfta og þá hættu sem mönnum getur stafað af slíku. Þetta er mikið rit, 786 blaðsíður með fjölda ljósmynda, korta og skýringarmynda og rekur í meginatriðum eldgosa- og jarðskjálftasögu Íslands. Viðlagatrygging Íslands var helsti styrktaraðili verksins en mikill fjöldi fræðimanna ritar einstaka kafla. Enginn vafi leikur á að hér er um afar þýðingarmikið rit að ræða en hinu er ekki að leyna að bókin sjálf er nokkuð erfið viðfangs vegna stærðar og þyngdar; hefði mátt koma út í a.m.k. tveimur bindum.

Ódáinsakur, helgifesta þjóðardýrtinga eftir Jón Karl Helgason er safn kafla eða ritgerða sem hafa að einhverju leyti birst áður en eru hér felld í ákveðna heildarmynd. Meginhugsunin sem tengir þær varðar spurningar um meðferð þjóðlegra helgimynda, mótun eða meðferð sameiginlegra minninga um þjóðhetjur fyrri tíðar, ekki síst skáld. Hér segir m.a. af þeirri forneskjulegu eftirsókn eftir líkamsleifum dýrtinga sem tók sig upp þegar því sem menn töldu bein Jóns Arasonar var stolið úr kirkjugarðinum á Hólum og tilfæringunum með hinar meintu líkamsleifar Jónasar Hallgrímssonar. Höfundur fléttar hér inn frásögn af pílagraímsferð sinni um slóðir dauðans í nágrannalöndum, m.a. Egyptólógíudeildina í British Museum og Panþeonhofið í París þar til hann stendur loks á Signubökkum, eftir drungalega listsýningu þar sem bein nýlátinnar konu koma við sögu,

og líður eins og hann standi í sporum Hamlets á grafarbakkanum með hauskúpu hirðfíflsins. — Þessi ferðasaga er öðrum þræði allegoría um þrautir rannsakandans sem glímur við viðfangsefni sem er erfitt að leiða til röklegra lykta.

Jón Karl dvelur einna lengst við hlutverk Jónasar Hallgrímssonar sem veraldlegs þjóðardýrlings. Að setja hann á nýjan peningaseðil var í rauninni sambærilegt við aðrar aðgerðir sem beitt hefur verið til að tryggja hlut hans í hinum menningarlegu minningum þjóðarinnar.

66 handrit úr fórum Árna Magnússonar. Í tilefni þess að 350 ár voru liðin frá fæðingu Árna Magnússonar stóðu Stofnanir Árna Magnússonar í Reykjavík og Kaupmannahöfn, auk bókaforlagsins Opnu, að útgáfu veglegs afmælisrits. Um útgáfuna sá Svanhildur Óskarsdóttir sem ritaði inngang um Árna sjálfan og handritasafn hans, allt til þess að arfi hans var skipt milli Íslendinga og Dana er handritamálið var til lykta leitt. Hér er annars um að ræða e.k. sýnisbók handrita þar sem ein opna er helguð hverju þeirra; á annarri síðunni er mynd úr handritinu og á hinni er stutt samantekt um sögu og sérkenni hvers handrits. Þetta form minnir dálítið á *Handritaspjall* Jóns Helgasonar. Samantektir þessar eru skrifaðar af ýmsum fræðimönnum tengdum umræddum stofnunum. Á eftir fer síðan greinargerð um sjálft handverkið, bókagerðina.

Vatnið í náttúru Íslands er fimmta og síðasta bindið í hinu mikla verki Guðmundar Páls Ólafssonar náttúrufræðings og listamanns um náttúru Íslands en hann dó frá þessari bók, langt um aldur fram. Fyrsta bókin, *Fuglar í náttúru Íslands*, kom út 1987 og vakti mikla athygli enda afar fallegt og nýstárlegt verk en á eftir henni fylgdu *Ströndin*, *Hálendið* og *Perlur í náttúru Íslands*. Guðmundur Páll var óvenjulegur höfundur; fjölmenntaður og fjölhæfur: líffræðingur og listamaður, teiknari, ljósmyndari, bókahönnuður, náttúrukönnuður og fræðari. Hann var einn skeleggasti fyrirliði náttúrverndar á Íslandi og alls ófeiminn við að flétta saman vísindi og list í framsetningu sinni.

Eftir efnahagshrunið 2008 má segja að orðið hafi til ný „bókmennta-grain“ á Íslandi, „hrunbækur“. Þar hefur verið um að ræða frásagnir þátttakenda meðal áhrifamanna, pólitísk deilurit, fræðilega umfjöllun, sagnfræði eða „blaðamannasagnfræði“ og jafnvel glæpareyfara. Árið 2013 kom m.a. út bókin *Ísland ehf.: Auðmenn og áhrif eftir hrun* eftir Magnús Halldórsson og Þórð Snæ Júlíusson. Hún segir frá hruninu 2008 og eftirköstum þess frá sjónarhóli ungra blaðamanna. Höfundarnir hófu einnig útgáfu vefritsins *Kjarnans* árið 2013, ásamt nokkrum félögum sínum. Í *Íslandi ehf.* er athyglinni ekki síst beint að eftirköstum hrunsins og því hvernig baráttan um „protabúið“ hefur þróast; henni var hvergi nærri lokið fimm árum eftir hrunið.

Þýðingar

Árið 2013 var afar gjöfult á merkar þýðingar. Þar má nefna stórvirki Heródotusar, *Rannsóknir*, í þýðingu Stefáns Steinssonar. Gríski sagnaritarinn Heródotus hefur oft veri nefndur „faðir sagnfræðinnar“ en rit hans um Persastríðin er samið um miðja fimmtu öld f. Kr. og talið algert brautryðjandaverk á sviði sagnaritunar.

Tvö mikil verk komu m.a. út hjá Uppheimum, litlu forlagi en mikilvirku, sem lagði upp laupana í lok ársins. Annars vegar er um að ræða klassískt verk í bókmenntum 20. aldar: *Sem ég lá fyrir dauðanum* eftir William Faulkner sem kom út í þýðingu Rúnars Helga Vignissonar, sem einnig ritar eftirmála. Hin bókin er talin með merkustu ritum norræna bókmennta síðustu ára, stórvirkið *Ó – sögur um djöfulskap* eftir færeyska höfundinn Carl Jóhan Jensen, í þýðingu Ingunnar Ásdísardóttur.

Loks má geta um tvær merkar bækur sem fjalla um valdaskeið nasista. *Mennirnir með bleika þríhyrninginn* eftir Heins Heger, sem raunar er dulnefni, kom fyrst út í Þýskalandi 1972 en birtist nú í íslenskri þýðingu Guðjóns Ragnars Jónassonar. Þar segir frá reynslu manns sem var handtekinn fyrir samkynhneigð og hnepptur í fangelsi á tímum Þriðja ríkisins. Hann lifði af og sagði sögu sína síðar en varð þó að láta lítið fyrir sér fara í Þýskalandi eftirstrífðsáranna. Bókin er ekki bókmenntalegt stórvirki en merkileg heimild og innlegg í mannréttindaumræðu síðustu áratuga.

HHhH eftir Laurent Binet er nýleg bók sem hlotið hefur heimsathygli. Titillinn er skammstöfun fyrir „Himmlers Hirn heißt Heydrich“ — „Heili Himmlers heitir Heydrich“. Meginviðfangsefni hennar er banatilræðið við Reinhard Heydrich, landstjóra nasista í Prag 1942.

Í umsögnum hefur höfundur m.a. verið kallaður póstmóðernískur; það vísar væntanlega til þess að hann fjallar í rauninni ekki síst um glímu sína við frásögnina. Hann er bókmenntafræðingur, kennir ritlist og beitir ekki hefðbundnum aðferðum sagnfræðinnar til að styðja skrif sín. Hann dregur enga fjöður yfir erfiðleika við öflun heimilda; lýsir m.a.s. sjálfum rannsóknar- og ritunarferlunum svo nákvæmlega að hann strikar ekki út missagnir sem tilheyra fyrstu stigum verksins heldur „leiðréttir“ þær þegar hann kemst að hinu rétta, eins og sá sögumaður sem áttar sig allt í einu á að hann hefur haldið einhverri vitleysu fram í upphafi máls síns. Þetta gæti hljómað sem fremur óvönduð aðferð en frásögnin er svo vel samin að þetta veikir hana síður en svo. Binet vísar ekki til heimilda en gerir þó á ýmsan hátt grein fyrir þeim og leggur áherslu á að því fari fjarri að hann skáldi nokkuð inn í hina sögulegu atburðarás. Hann hafnar í rauninni hefðbundnum aðferðum hinnar sögulegu skáldsögu; það sem er skáldlegt við aðferð hans er fremur hin persónulega og síðferðilega túlkun hans en skáldleg sviðsetning.

Verðlaun og viðurkenningar

Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir árið 2012 voru afhent 6. febrúar. Gunnar F. Guðmundsson fékk verðlaun í flokki fræðirita fyrir *Nonna* og Eiríkur Örn Nordahl í flokki fagurbókmennta fyrir *Illsku*.

Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna, fyrir árið 2012 voru afhent 24. febrúar. Verðlaunin hlutu: *Ósjálfrátt* eftir Auði Jónsdóttur í flokki fagurbókmennta; *Sagan af klaustrinu á Skriðu* eftir Steinunni Kristjánsdóttur í flokki fræðibóka; *Randalín og Mundi* eftir Þórdísi Gísladóttur í barna- og unglingsflokki.

Til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs voru að þessu sinni tilnefnd *Illska* Eiríks Arnar og *Ósjálfrátt* Auðar Jónsdóttur.

Félag starfsfólks bókaverslana veitti sín verðlaun í desember:

Besta íslenska skáldsagan: *Mánasteinn, drengurinn sem aldrei var til* eftir Sjón.

Besta íslenska unglingsbókin: *Tímakistan* eftir Andra Snæ Magnason.

Besta íslenska barnabókin: *Vísindabók Villa* eftir Vilhelm Anton Jónsson.

Besta íslenska fræðibókin: *Íslenska teiknibókin* eftir Guðbjörgu Kristjánsdóttur.

Besta íslenska ljóðabókin: *Árleysi alda* eftir Bjarka Karlsson.

Besta íslenska ævisagan: *Sigrún og Friðgeir: Ferðasaga* eftir Sigrúnu Pálsdóttur.

BÚNAÐUR

Veturinn 2013 var talsvert snjóþungur á hálendinu og t.a.m. á Tröllaskaga og í dölum Suður-Þingeyjarsýslu en snjóléttur á láglendi um suðvestanvert landið og víðast með ströndinni norðanlands og austan-. Vorið var fremur kalt og var enn mikill snjór t.d. í Fljótum í Skagafirði, Svarfaðardal og Bárðardal seint í maí. Sláttur hófst víða með seinna móti vegna vorkulda og kals sem var umtalsvert á ýmsum svæðum norðaustan- og austanlands, t.d. á ýmsum stöðum í Skagafirði, Öxnadal og Hörgárdal og víðar í Eyjafirði; í dölum Suður-Þingeyjarsýslu og á sumum svæðum á Fljótsdalshéraði, t.d. Jökuldal. Eftir að hlýnaði um mánaðamótin maí-júní var sumarið sólríkt um norðan- og austanvert landið en sólarlítið og úrkomusamt var víða vestan- og sunnanlands. Vegna vorkuldanna var korni sáð með allra seinasta móti. Heyfengur varð með minna móti víða á Norðaustur- og Austurlandi en um meðallag víðast annars staðar. Uppúr miðjum september snjóaði í byggð á Efra-Jökuldal og víðar og fenti þá eitthvað af fé, þó skaðar hafi ekki orðið stórfelldir. Veturinn sem fylgdi var snjóþungur til fjalla og í byggð norðan- og austanlands



Að loknu votviðrasumri; nýbundin há í október.

ofan við 200–300 m hæð yfir sjó. Á láglandi voru snjóþyngsli hins vegar ekki mikil.

Berjaspretta var góð víðast um Norður- og Austurland og einnig á Vestfjörðum en með minna móti á Suður- og Vesturlandi. Berin þroskuðust seinna en árið á undan.

Heyfengur o.fl. 2013 – tölur í svigum frá 2012

Hey í rúllum og ferböggum pökkuðum í plast var talið nema 1.917.177 rúmmetrum (1.834.482 árið áður). Annað vothey var 47.346 rúmmetrar (61.507 árið áður). Þurrhey var 99.420 rúmmetrar (94.747 árið á undan). Kornuppskera nam 17.576 tonnum (13.877 árið á undan). Kornhálmur var talinn vera 21.730 rúmmetrar (28.758 árið áður). Kornhálmurinn er að mestum hluta notaður til svepparæktunar og sem undirburður undir búfé, aðallega nautgripi og hross. Heyfyrningar voru 151.595 rúmmetrar af votheyi og 5.859 rúmmetrar af þurrheyi og voru minni á haustnóttum 2013 en næstu 10 ár á undan. (*Heimild: Matvælastofnun*)

Matjurtir

Kartöfluuppskera mun hafa verið um 6.000 tonn sumarið og haustið 2013 (talin hafa numið um 9.600 tonnum árið 2012). Tómatauppskera var 1.560 tonn (var áður 1.716 tonn), gúrkuuppskera var 1.781 tonn (1.673 tonn árið áður), paprikuuppskera var 244 tonn (261 tonn árið á undan), blómkálsuppskera nam 90 tonnum (var 119 tonn), gulrótauppskera var 453 tonn (647 tonn árið áður), hvítkálsuppskera nam 359 tonnum (var 429 tonn á fyrra ári), kínakálsuppskera var 142 tonn (183 tonn árið áður),

spergilkálsuppskera var 83 tonn (129 tonn árið áður), gulrófnauppskera nam 609 tonnum (var 1262 tonn árið áður), salatuppskera var engin skráð (161 tonn á fyrra ári) og sveppauppskera var 585 tonn (570 tonn á fyrra ári). (*Heimild: Samband garðyrkjubænda*)

Búfjáreign

Slá má föstu að vegna breyttra aðferða við skráningar vanti nokkuð upp á raunverulegan fjölda búfjár í eftirfarandi tölum og þá sérstaklega hrossa. Ekki er sennilegt að þeim hafi fækkað svona mikið á milli ára. Lakari skil ásetningstalna munu vera skýringin á því hve t.a.m. hross virðast fá haustið 2013. Verið getur að skil talna yfir ásetning annarra búfjártægunda en hrossa hafi einnig verið lakari en til stóð. Búfjáreign Íslendinga var í árslok 2013 (í svigum tölur frá 2012):

Nautgripir	68.766	(71.513);
þar af mjólkurkúr	24.210	(24.761)
Sauðfé	471.434	(476.262)
Hross	53.021	(77.380)
Svín	2.531	(3.643)
Varphænur	150.005	(200.169)
Minkar (fullorðin dýr)	64.484	(40.178)
Refir (fullorðin dýr)	4	(3)
Kanínur	276	(258)
Gæsir og endur	945	(991)
Kalkúnar	2.208	(1.609)
Geitur	891	(857)

(*Heimild: Matvælastofnun*)

Slátrun og kjötframleiðsla 2013 – tölur í svigum frá 2012

Slátrað var 592.815 fjár í slátruhúsum (585.398 árið áður). Af því voru 541.893 dilkar (537.317 árið áður) og 48.764 fullorðið fé (45.991 árið áður). — Fjöldi þess fjár sem kjötið af fór í úrkast er inni í heildarsamtölunni 592.815.

Mestar afurðir í sauðfjárrækt á árinu, á búi með yfir 100 ær voru hjá Eiríki Jónssyni í Gýgjarhólskoti í Biskupstungum í Árnessýslu, 39,5 kg á á en bú hans var einnig afurðamest í þessum flokki árið á undan.

Meðalfallþungi dilka var 15,98 kg, sem er 0,31 kg minni fallþungi en árið áður. Kindakjötsframleiðslan var 9.892 tonn (9.921 tonn árið áður). — Slátrað var 21.444 nautgripum (22.173 árið áður). Kjötframleiðsla af nautgripum var 4.082 tonn (4.113 árið áður). Slátrað var 9.802 hrossum (11.350 árið áður) og var framleitt hrossakjöt 1.293 tonn (1.503 tonn árið áður). Slátrað var 76.772 svínum (73.450 árið áður) og var svínakjöts-

framleiðslan 6.339 tonn (5.854 tonn árið áður). Alifuglakjötsframleiðsla var 7.897 tonn (7.835 árið áður). (Heimild: Landssamtök sláturleyfishafa.)

Mjólkurframleiðsla

Mjólkurframleiðsla hjá aðildarfélögum SAM – Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði árið 2013 kemur fram hér á eftir. Framleiðsla heimavinnsluaðila og annarra en aðildarfélaga SAM og framleiðsla skv. sér-samningum var 67.002 lítrar árið 2012 og 330.941 lítri árið 2011 skv. tölum frá Hagstofu Íslands. Tölur um sambærilega framleiðslu á árinu 2013 hafa ekki legið fyrir.

Mjólkurframleiðsla skv. tölum frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði var eftirfarandi:

Kúabændur sem seldu mjólk til afurðastöðva voru 663 (668 á fyrra ári) og áætluð framleiðsla mjólkur 133.465.843 kg (135.924.537 kg árið áður). Mjólk innvigtuð í afurðastöðvar nam 123.847.208 kg (129.095.964 kg árið áður).

Framleiðsla í afurðastöðvum var þessi: Drykkjarmjólk: 33.714.458 kg (33.398.958 kg árið áður), súrðar mjólkurvörur: 11.277.649 kg (11.672.918 kg árið áður), skyr 3.346.950 kg (3.201.118 kg árið áður), ostur 7.260.917 kg (7.396.581 kg árið áður), smjör 1.371.101 kg (1.563.442 kg árið áður), smjörvi 801.268 kg (787.134 kg árið áður), léttsmjör 127.920 kg (168.100 kg árið áður), klípa 19.774 kg (25.087 kg árið áður).

Afurðahæsta kýr á landinu 2013 var Tígulstjarna nr. 411 í Ytri-Skógum undir Austur-Eyjafjöllum en hún mjólkkaði 12.112 kg. Mestar afurðir eftir reiknaða árskú árið 2013 voru á Brúsastöðum í Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu, á búi sem rekið er af félagi sem nefnt er Brúsi ehf., 7.693 kg.

Útflutningur

Út voru flutt 1.236 lifandi hross árið 2013 (1.333 árið áður). Flest hross voru flutt til Þýskalands, alls 552 (541 árið áður).

Útflutningsverðmæti landbúnaðarvara skiptist þannig í milljónum króna á fob-verði árið 2013 (í svigum tölur frá 2012):

Afurðir sláturdýra	5.629	(4.732)
Fiskeldisafurðir	4.859	(4.679)
Búfé	917	(1.039)
Afurðir annarra land- og sjávarnyrtja	612	(515)
Mjólk og mjólkurvörur	557	(867)
Aðrar landbúnaðarvörur	620	(495)

Samanlagt verðmæti útfluttra landbúnaðarvara hækkaði úr 12.327 milljónum á fob-verði árið 2012 í 13.195 milljónir árið 2013. (Heimild: Hagstofa Íslands)

Lax- og silungsveiði

Laxveiði á stöng sumarið 2013 var um það bil tvöföld miðað við árið á undan og um 69% meiri en meðalveiði á stöng árin 1974–2012. Alls voru veiddir 68.042 laxar en af þeim var 23.133 (34%) sleppt aftur. Heildarfjöldi landaðra stangveiddra laxa var því 44.909.

Alls voru 11.583 laxar veiddir í net sumarið 2013 (3.759 laxar árið 2012) og var netaveiðin því um það bil þrefalt meiri en fyrra ár. Þrátt fyrir þetta má segja að netaveiði hafi farið minnkandi undanfarin ár og áratugi, m.a. vegna aukinnar sóknar í stangveiði, uppkaupa netaveiðiréttar í sjó og leigu netaveiðiréttar í Hvítá í Borgarfirði.

Mest laxveiði á stöng, miðuð við fjölda veiddra laxa, var í Ytri-Rangá, 5.453 laxar (4.242 árið áður). Næstmest var veiðin í Eystri-Rangá, 4.797 laxar (3.004 árið 2012) og í þriðja sæti var Miðfjarðará í Vestur-Húnavatnssýslu en þar veiddust 3.659 laxar (1.610 árið á undan). Í fjórða sæti var Norðurá með 3.505 laxa (953 árið 2012), í fimmta sæti voru Þverá og Kjarrá en þar veiddust 3.243 laxar árið 2013 (738 árið á undan), þar á eftir komu síðan Blanda og Svartá, Langá, Haffjarðará, Stóra-Laxá og loks Grímsá og Tunguá.

Stangveiði á urriða sumarið 2013 var mest í Veiðivötnum, 7.167 urriðar (13.764 árið áður). Næstmest var veiðin í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu ofan Brúa en þar veiddust 4.014 urriðar (4.853 árið 2012) og í þriðja sæti var Fremri-Laxá á Ásum en veiðin þar var 3.112 urriðar (3.199 árið áður). Bleikjuveiði á stöng var mest í Veiðivötnum, 6.864 alls (6.560 árið á undan). Næstmest var veiðin í Víðidalssá og Fitjá 1.524 bleikjur (1.106 árið áður) og í þriðja sæti var Norðfjarðará en þar veiddust 1.124 bleikjur sumarið 2013. (*Heimild: Veiðimálastofnun*)



FORSETI ÍSLANDS

Ólafur Ragnar Grímsson tók mjög virkan þátt í alþjóðlegri umræðu um umhverfismál og viðbrögð við áhrifum hnattrænnar hlýnunar á árinu 2013. Víða voru birt viðtöl við hann þar sem hann vék að þessum mál-efnum. Þá ræddi hann einnig talsvert um fjármálakreppuna og gagnrýndi t.a.m. viðbrögð ýmissa nágrannaríkja við fjármálahruninu á Íslandi.

Forsetinn kom að stjórnarskiptum svo sem venja er en tengdist lítt innlendri stjórn málaumræðu á árinu. Eftir Alþingiskosningar 27. apríl ræddi forseti við formenn flokka en fól síðan Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni formanni Framsóknarflokks umboð til stjórnarmyndunar hinn 30. apríl. Hinn 22. maí fundaði hann aftur með formanni flokksins til að ræða gang viðræðna og þótti það óvenjulegt. En daginn eftir fóru fram ríkisráðsfundir á Bessastöðum og ný stjórn tók til starfa.

Erlendir og alþjóðlegir viðburðir

Forseti Finnlands, Sauli Niinistö, kom í opinbera heimsókn 28. maí, ásamt fylgdarliði. Sama dag hófst málþing um framtíð norðurslóða í Hátíðarsal Háskóla Íslands með þátttöku hinna finnsku gesta. Hófst það á ávörpum forsetanna.

Forsetinn tók virkan þátt í umræðu um loftslagsmálefni og orkubúskap á árinu, bæði í fyrirlesturum og ræðum en einnig í viðtölum við erlenda fjölmiðla, auk þess sem hann tók sæti í ráðgjafarnefnd SP og Alþjóðabankans um sjálfbæra orku.

Um miðjan janúar sótti hann Heimsping um hreinan orkubúskap í Abu Dhabi. Flutti hann m.a. ávarp þar sem hann ræddi þær hættur sem við blasa vegna breytinga á loftslagi jarðar og ekkert mun fá stöðvað nema breytingar verði á orkubúskap mannkyns. Forsetinn er m.a. formaður dómnefndar hinna svonefndu Zayed-orkuverðlauna sem veitt voru við þetta tækifæri.

Forsetinn fór í opinbera heimókn til Frakklands 25. – 28. febrúar og átti m.a. fund með François Hollande forseta Frakklands, auk þess sem hann heimsótti franska þingið. Þá flutti forsetinn m.a. fyrirlestur um málefni norðurslóða og horfur í loftslagsmálum við Pierre et Marie Curie háskólann í París, auk þess sem hann opnaði ljósmyndasýningu Ragnars Axelssonar, „Veiðimenn norðursins“. Ennfremur flutti hann ræðu um „hagkerfi hreinnar orku“ á fundi sendiherra aðildarríkja OECD í París.

Loftslagsmál voru enn á dagskrá á ráðstefnu í Wadia-jarðvísindastofnuninni í Dehradun á Indlandi um í byrjun apríl en þar flutti forsetinn setningarræðu. Ennfremur átti forsetinn fundi með forseta og forsætisráðherra Indlands en Indland hefur m.a. sótt um áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu.

Opinber heimsókn forsetans til Þýskalands hófst 24. júní og lauk 28. júní en með í för var m.a. Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra. Átti forsetinn m.a. fund með gestgjafanum, Joachim Gauck forseta Þýskalands, auk þess sem þeir Ólafur Ragnar og Gunnar Bragi hittu Angelu Merkel kanslara Þýskalands. Málefni norðurslóða og orkubúskapur voru enn til umræðu, auk annarra málefna.

Ban Ki-moon framkvæmdastjóri SP heimsótti Ísland í byrjun júlí og sat m.a. fund með forsetanum á Bessastöðum.

Dagana 12.–14. október var haldin alþjóðleg ráðstefna í Hörpu á vegum nýstofnaðra samtaka er nefnast Arctic Circle eða „Hringborð norðurslóða“. Hér er um að ræða breiðan samstarfsvettvang ýmissa alþjóðlegra stofnana og fyrirtækja um málefni norðursins en forseti Íslands er einn frumkvöðla að stofnun þeirra.

Varaforsætisráðherra Kína, Ma Kai, átti fund með Ólafi Ragnari á Bessastöðum 27. október.

Margrét Danadrottning kom í opinbera heimsókn til Íslands í boði forseta hinn 12. nóvember í tilefni 350 ára afmælis Árna Magnússonar. Sótti hún ýmsa viðburði í tilefni þess, fyrirlestra og sýningar, auk þess sem henni voru afhent fyrstu tvö bindin af verki Guðjóns Friðrikssonar og Jóns Þ. Þórs, *Kaupmannahöfn sem höfuðborg Íslands í 500 ár*. Heim-sókninni lauk 14. nóvember.

Innlendir viðburðir og viðurkenningar

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands voru veitt í febrúar. Þau hlaut Úlfur Hansson frá Listaháskóla Íslands fyrir þróun og smíði nýs hljóðfæris, þ.e. „rafstroknar hörpu með snertitökkum“.

Forsetinn heimsótti Reykhólahrepp 17. september en 21.–24. október heimsóttu forsetahjónin Fjarðabyggð.

Opið hús var á Bessastöðum í tilefni safnanætur 8. febrúar og veittu sérfræðingar leiðsögn á staðnum.

Fálkaorðan var alls veitt 37 einstaklingum á árinu, 19 Íslendingum og 18 erlendum ríkisborgurum. Þar á meðal voru forseti Finnlands og 13 manns úr fylgdarliði hans.

HAFÍS VIÐ ÍSLAND

Fyrri hluta árs var meginjaðar hafís í Grænlandssundi yfirleitt nálægt miðlínu þess, sem er um 80 sjómílnur norðvestur af Vestfjörðum, eða þá Grænlandsmegin við línuna. Öðru hverju þessa mánuði færðist jaðarinn þó nær Íslandi. Þannig var hann 21. janúar næst landi um 30 sjómílnur norður af Straumnesi; 20. maí var hann rúmar 50 sjómílnur norðvestur af Straumnesi en um 40 sjómílnur út af Gelti þann 1. júlí. Í lok júlí var jaðarinn samkvæmt fjarkönnun gervihnatta við miðlínu og tók þá við tímabil lágmarksútbreiðslu hafíss í Grænlandssundi.

Um miðjan júlímánuð hófst hins vegar úti fyrir og við strendur Íslands skeið óvenjumikillar komu borgarísjaka. Reyndist það mun umfangsmeira en árin á undan. Mikill borgarís og íshröngl nálægt jökum var á

miðum og siglingaleiðum í Grænlandssundi og norður af Húnaflóa. Einnig rak borgarís að landi öðru hverju. Þann 7. ágúst strandaði borgarísjaki við Horn. 23. október strandaði borgarísjaki á austanverðum Skaga þar sem hann brotnaði niður.

Þann 24. nóvember var nýr lagnaðarís norður af Horni og daginn eftir var tilkynnt um ísspöng með miklu íshrafi rúmar 40 sjómílar norður af Horni og Hornvík. Ís var á þessum slóðum næstu daga og varað við siglingum norður af Kögri, ekki síst í myrkri. 2. desember var jaðar hafíss um 40 sjómílar norðvestur af Vestfjörðum, en einnig var tilkynnt um borgarís nær landi, einkum á Húnaflóa. Um miðjan desember voru nokkrir borgarísjakar 15–40 sjómílar út af Straumnesi en hafístunga rúmar 40 sjómílar norðnorðaustur af Hornbjargi með nýmyndun við jaðrana. Í árslok reyndist jaðar hafísbreiðunnar í Grænlandssundi samkvæmt gervihnattamynd vera nálægt miðlínu norðvestur af Straumnesi. (*Heimildir: Hafisgagnasöfn Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands*)

ÞENNAÐUR

Verðmæti útflutnings á iðnaðarvörum nam 309.140 milljónum fob. á árinu 2013 en var 331.145 árið á undan. Það er samdráttur um rúma 22 milljarða eða um 6,6%. Nálægt helmingur þess skýrist af tæplega 10 milljarða samdrætti í verðmæti álútflutnings.

Byggingariðnaður varð fyrir miklum samdrætti við hrunið 2008. Ýmsar vísbendingar voru þó um að hann væri byrjaður að rétta nokkuð úr kútnum er líða fór á árið 2013, innflutningur á steypustyrktarjárni var t.d. vaxandi og byggingakrönum virtist heldur fara fjölgandi.

Íslenskur skipasmíðaiðnaður hefur á vissan hátt verið að ganga í endurnýjun lífdaga á síðustu árum. Þar er ekki um að ræða stálskipasmíði heldur fremur það sem nefna mætti hátæknihlíð skipasmíðinnar; skipahönnun, tæknilausnir, raftæki fyrir skip, búnað til bættrar orkunýtingar og síðast en ekki síst vinnslutækni. En það snertir ekki aðeins fiskiðnað



Byggingakranar í Sandgerði í árslok 2013.

heldur allan annan matvælaíðnað; þær tæknilausnir sem hér eru í þróun eiga því góða möguleika á heimsmarkaði.

Undanfarin ár hefur fyrirtækið Skaginn á Akranesi verið að auka mjög umsvif sín í framleiðslu á vinnslukerfum og frystilínunum. Í mars var m.a. tilkynnt að stærsta fyrirtæki heims í vinnslu á beitarfiski (*tilapia*), Regal Springs, hefði keypt sjálfvirkan plötufrysti af Skaganum. Þá hafa Skaginn og Kælismiðjan Frost, sem starfar á Akureyri og í Garðabæ, undanfarið unnið að uppsetningu búnaðar fyrir eitt stærsta fiskvinnslufyrirtæki Færeyja, Varðin Pelagic. Í ágúst afhenti Skaginn m.a. fjóra nýja plötufrysta til Færeyja. Í desember var svo greint frá því að Skaginn hefði samið um að smíða vinnslulínu fyrir Skinney-Þinganes og mun þar vera um að ræða stærsta einstaka verkefni sem um getur á þessu sviði innanlands.

Marel tilkynnti í nóvember að fyrirtækið hefði þá selt þúsundasta Innova hugbúnaðarkerfið. Hér er um að ræða tölvukerfi sem heldur utan um upplýsingar sem varða matvælaframleiðslu, allt frá því að hráefni er tekið til vinnslu og þar til það fer til neytenda sem fullunnin vara. Þannig er hægt að tryggja rekjanleika vöru og yfirsýn um vinnslu- og sölufærli allt. Þessi hugbúnaður hefur verið seldur víða um heim.

Loks er þess að geta að þó að hefðbundin skipasmíði hafi lagst af hér á landi þá hefur plastbátasmíði haldið velli og vaxið hægt en örugglega. Veturinn 2012–2013 var í fyrsta sinn í boði nám í plastbátasmíði við Fjölbautaskóla Norðurlands vestra. Námið var ætlað fólki með reynslu af smíði úr trefjaplasti og luku 32 náminu og uppfylltu flestir skilyrði Siglingamálastofnunar til að öðlast viðurkenningu sem plastbátasmíðir.

ÍBÚAR ÍSLANDS

Í lok ársins 2013 voru íbúar landsins 325.671 en höfðu verið 321.857 árið áður.

Karlar voru 163.318 en konur 162.353.

Innflytjendur með erlent ríkisfang voru alls 19.262. Hlutfall innflytjenda í Reykjavík var 11,1%. Af einstökum íbúðahverfum var það hæst í Efra-Breiðholti, 24,6%, og á Kjalarnesi þar sem það var 34,2%.

Félagafföldi nokkurra trúfélaga í árslok 2013:

Þjóðkirkjan	244.440
Kapólska kirkjan	11.454
Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík	9.386
Ásatrúarfélagið	2.382
Skráðir múslimir skiptast á tvö félög	
Félag múslima á Íslandi	481
Menningarsetur múslima á Íslandi	360

Mannfjöldi

Upplýsingar um íbúafjölda hinna ýmsu sveitarfélaga fara hér á eftir en tölur fyrra árs eru birtar í svigum.

<i>Höfuðborgarsvæðið</i>	208.752	(205.675)
Reykjavík	121.230	(119.764)
Kópavogur	32.308	(31.726)
Hafnarfjörður	27.357	(26.808)
Mosfellsbær	9.075	(8.978)
Garðabær	14.180	(13.872)
Seltjarnarnes	4.381	(4.322)
Kjósarhreppur	221	(205)
<i>Suðurnes</i>	21.560	(21.206)
Reykjanesbær	14.527	(14.231)
Grindavíkurbær	2.888	(2.860)
Sandgerði	1.609	(1.581)
Sveitarfélagið Garður	1.409	(1.429)
Sveitarfélagið Vogar	1.127	(1.105)
<i>Vesturland</i>	15.441	(15.381)
Akranes	6.699	(6.625)
Skorradalshreppur	58	(57)
Hvalfjarðarsveit	617	(610)
Borgarbyggð	3.535	(3.469)
Grundarfjarðarbær	872	(905)
Helgafellssveit	53	(58)
Stykkishólmur	1.095	(1.112)
Eyja- og Miklaholtshreppur	148	(158)
Snæfellsbær	1.691	(1.722)
Dalabyggð	673	(665)
<i>Vestfirðir</i>	6.972	(7.031)
Bolungarvík	950	(889)
Ísafjarðarbær	3.639	(3.755)
Reykhólahreppur	271	(271)
Tálknafjarðarhreppur	297	(276)
Vesturbyggð	949	(910)
Súðavíkurbreppur	202	(182)
Árneshreppur	53	(52)
Kaldrananeshreppur	105	(104)
Strandabyggð	506	(516)

<i>Norðurland vestra</i>	7.245	(7.271)
Húnaþing vestra	1.173	(1.177)
Blönduósbaer	881	(878)
Sveitarfélagið Skagaströnd	498	(506)
Skagabyggð	98	(100)
Húnavatnshreppur	409	(405)
Sveitarfélagið Skagafjörður	3.978	(4.010)
Akrahreppur	208	(195)
<i>Norðurland eystra</i>	29.091	(29.026)
Akureyri	18.103	(17.966)
Norðurþing	2.822	(2.864)
Fjallabyggð	2.010	(2.012)
Dalvíkurbyggð	1.867	(1.864)
Eyjafljardarsveit	1.026	(1.012)
Hörgársveit	559	(566)
Svalbarðsstrandarhreppur	387	(414)
Grýtubakkahreppur	353	(360)
Skútustaðahreppur	371	(378)
Tjörneshreppur	55	(55)
Þingeyjarsveit	917	(914)
Svalbarðshreppur	90	(98)
Langanesbyggð	531	(523)
<i>Austurland</i>	12.524	(12.434)
Seyðisfjörður	665	(676)
Fjarðabyggð	4.675	(4.629)
Vopnafjarðarhreppur	695	(687)
Fljótisdalshreppur	68	(80)
Borgarfjarðarhreppur	134	(130)
Breiðdalshreppur	187	(180)
Djúpavogshreppur	470	(452)
Fljótisdalshérað	3.463	(3.434)
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.167	(2.166)
<i>Suðurland</i>	24.086	(23.833)
Vestmannaeyjar	4.264	(4.221)
Sveitarfélagið Árborg	7.889	(7.826)
Mýrdalshreppur	489	(462)
Skaftárhreppur	452	(443)
Ásahreppur	193	(191)
Rangárþing eystra	1.708	(1.735)

Rangárþing ytra	1.553	(1.518)
Hrunamannahreppur	785	(784)
Hveragerði	2.333	(2.291)
Sveitarfélagið Ölfus	1.906	(1.900)
Grímsnes- og Grafningshreppur	422	(422)
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	530	(504)
Bláskógabyggð	931	(897)
Flóahreppur	631	(639)

(Byggt á gögnum Hagstofu Íslands)

ÍPRÓTTIR

Badminton. Íslandsmótið í badminton var haldið sunnudaginn 14. apríl. Kári Gunnarsson og Tinna Helgadóttir urðu Íslandsmeistarar í einliðaleik. Í tvíliðaleik karla urðu Íslandsmeistarar Helgi Jóhannesson og Magnús Helgason en í tvíliðaleik kvenna þær Elín Þóra Elíasdóttir og Rakel Jóhannesdóttir. Þá urðu systkinin Magnús Helgason og Tinna Helgadóttir Íslandsmeistarar í tvenndarleik.

Borðtennis. Íslandsmót í borðtennis var haldið í byrjun mars í TBR-húsinu. Þar varð Guðmundur Stephensen Íslandsmeistari í einliðaleik í meistaraflokki karla í 20. skipti. Eva Josteinsdóttir varð Íslandsmeistari kvenna en þau Guðmundur urðu einnig Íslandsmeistarar í tvíliðaleik og tvenndarkeppni.

Blak. Próttur frá Neskaupstað varð Íslandsmeistari í blaki kvenna eftir sigur á HK 6. apríl. Íslandsmeistarar karla urðu hins vegar leikmenn HK eftir lokasigur á KA 11. apríl.

Fimleikar. Lið Gerplu, bæði í karla- og kvennaflokki, sigruðu í hóp fimleikum á Reykjavíkurlaikunum sem haldnir voru í janúar. Thelma Rut Hermannsdóttir og Ólafur Garðar Gunnarsson, bæði í Gerplu, urðu Íslandsmeistarar í fjölþraut á Íslandsmeistaramóti í áhaldafimleikum 9.–10. mars. Lið Gerplu varði titil sinn í hóp fimleikum á móti í Óðinsvéum 9. nóvember; Gerplustúlkur urðu þar Norðurlandameistarar.

Friðársar íþróttir. Meistaramót Íslands innanhúss var haldið 9.–10. febrúar; ÍR vann stigakeppni liða, hafði sigur í 10 af 26 greinum. Aníta Hinriksdóttir náði bestum árangri, hafði sigur í 400 m hlaupi á 54,42 sek. Þá sigraði hún í 800 m hlaupi á 2:04,05 og náði EM-lágmarki í báðum greinum, auk þess að eiga hlut í Íslandsmeti í 4x400 m boðhlaupi. Hafdís Sigurðardóttir sigraði hins vegar í langstökki, með 6,17 m stökki, og í 200 m hlaupi á 24,70 sek. Þá náði fjölþrautarkonan María Rún Gunnlaugsdóttir góðum árangri, sigraði m.a. í hástökki og 60 m grindahlaupi.

Aníta Hinriksdóttir sigraði í 1500 m hlaupi í 3. deildarkeppni landsliða

í frjálsum íþróttum í Slóvakíu 23. júní. Þá setti hún Íslandsmet í 800 m hlaupi, 2.01,17 mín., og var þá komin með keppnisrétt á HM í Moskvu. Ísland lenti í fjórða sæti á mótinu. Aníta tilkynnti síðar að hún hygðist ekki fara á mótið í Moskvu.

Aníta varð hins vegar heimsmeistari í 800 m hlaupi 17 ára og yngri á heimsmeistaramóti í Úkraínu 14. júlí. Og 20. júlí varð hún síðan Evrópu-meistari 19 ára og yngri á móti á Ítalíu. Aníta keppti einnig í 800 m hlaupi á demantamóti í Stokkhólmi 22. ágúst, lenti í 8. sæti en var ánægð með reynsluna, kvaðst hafa átt meira eftir.

Hafdís Sigurðardóttir setti Íslandsmet í langstökki á móti á Akureyri 23. maí. Tvívætti hún þar met Sunnu Gestsdóttur, stökk 6,36 m.

Aníta Hinriksdóttir og Kolbeinn Höður Gunnarsson unnu hvort um sig til tvennra gullverðlauna á Norðurlandameistaramóti unglinga í Finnlandi 17.–18. ágúst, Aníta í 800 m hlaupi og 1500 m hlaupi; Kolbeinn í 200 m hlaupi og 400 m hlaupi. Björg Gunnarsdóttir sigraði í 400 m hlaupi.

Glíma. Íslandsglíman fór fram 23. mars á Selfossi. Þar sigraði Pétur Eyþórsson úr Ármanni og varð glímukóngur Íslands. Marín Laufey Davíðsdóttir úr HSK sigraði í kvennaflokki og varð glímudrottning Íslands.

Golf. Sunna Víðisdóttir varð Íslandsmeistari kvenna en Birgir Leifur Hafþórsson Íslandsmeistari karla á Íslandsmóti í högggleik sem fram fór á Korpúlfsstaðavelli í lok júlí.

Handknattleikur. Heimsmeistaramót karla í handknattleik hófst á Spáni 12. janúar. Íslendingar léku þar í B-riðli 16 liða úrslita. Gengi íslenska liðsins á mótinu var sem hér segir: 12. janúar tap gegn Rússum, 25:30; 13. janúar sigur gegn Chile, 38:22; 15. janúar sigur gegn Makedóníu, 23:19; 16. janúar tap fyrir Dönum, 28:36; 17. janúar sigur gegn Katar, 39:29; 20. janúar tap fyrir Frökkum, 28:30. Niðurstaðan varð sú að Íslendingar lentu í 12. sæti.

Íslendingar léku tvo leiki gegn Slóvenum; hinn fyrri ytra 3. apríl og hinn síðari 7. apríl í Laugardalshöll og höfðu sigur í báðum. Íslenska landsliðið hafði því náð þátttökurétti á Evrópumeistaramóti 2014. Tveir leikir í undankeppni fóru fram um sumarið; 12. júní var keppt við Hvíta-Rússland ytra og tapaðist sá leikur, 23:29. 16. júní fór fram leikur gegn Rúmeníu í Laugardalshöll og höfðu Íslendingar sigur, 37:27. Tveir æfingaleikir gegn Austurríkismönnum í Linz fóru fram 1. og 2. nóvember og vannst annar en hinn tapaðist.

Hinn 10. mars urðu Valskonur bikarmeistarar kvenna; unnu Fram 25:22. Sama dag urðu ÍR-ingar bikarmeistarar karla er þeir unnu Stjörnuna.

Ólafur Stefánsson lék síðasta landsleik sinn 16. júní, gegn Rúmenum. Íslendingar unnu leikinn, 37:27; þar af skoraði Ólafur 8 mörk. Ólafur lék fyrst með landsliðinu fyrir 21 ári og var þetta þrjú hundruð og þrítugasti

landsleikur hans á ferlinum. Eftir leikinn fékk hann afhent Afreksmerki Íþróttasambands Íslands, fyrstur manna. Ólafur tók við starfi sem þjálfari Vals eftir þetta.

Kvennalandslíðið átti á brattann að sækja framan af árinu. Líðið tók þátt í æfingamóti fjögurra landa í Gautaborg 24.–26. maí; lék við Svía, Norðmenn og Serba en tapaði öllum leikjunum. 2. og 8. júní lék líðið gegn Tékkum um sæti á heimsmeistaramóti í lok árs en tapaði þeim leikjum báðum. Tveir leikir gegn Norðmönnum 16. og 18. júní töpuðust einnig. Í október hafði líðið loks góðan sigur í landsleik gegn Finnum, 34:18. Hinn 27. október lék líðið gegn Slóvökum ytra og tapaði, 18:19. Loks lék líðið þrjá vináttulandsleiki gegn Sviss á Seltjarnarnesi 28.–30. nóvember og tapaði hinum fyrsta en vann hina tvo; hinn fyrri með eins marks og hinn síðari með fimm marka mun.

Karlalið ÍR vann bikarmeistarakeppnina eftir sigur á Stjörnunni, 33:24, 10. mars. Bikarmeistarar kvenna urðu hins vegar Valskonur er þær sigruðu Fram sama dag, 25:22. Kvennalið Fram varð Íslandsmeistari í handknattleik 5. maí eftir sigur á Stjörnunni, 19:16. Karlalið Fram vann Íslandsmeistaratitilinn daginn eftir, 6. maí, eftir sigur á Haukum, 23:20.

Handknattleikssamband Íslands valdi þau Guðjón Val Sigurðsson handknattleiksmann ársins og Rut Arnfjörð Jónsdóttur handknattleikskonu ársins 2013. Guðjón Valur var áttundi markahæsti maður heimsmeistaramótsins, skoraði 41 mark í sex leikjum.

Hestaíþróttir. Íslenska landslíðið í hestaíþróttum fékk flest stig á heimsleikum í Berlín sem lauk 11. ágúst. Einna mesta athygli vakti yfirburðasigur Jóhanns R. Skúlasonar í tölti á Hnokka frá Fellskotu. En þrátt fyrir góðan árangur þótti ljóst þegar haustaði að þátttaka Íslendinga í heimsleikunum hefði ekki orðið til að auka sölu á hrossum til útflutnings.

Íþróttamaður ársins. Íþróttafréttamenn útnefndu, sem venjan er, íþróttamann ársins í lok árs. Gylfi Þór Sigurðsson knattspyrnumaður varð í fyrsta sæti en í öðru sæti varð Aníta Hinriksdóttir frjálsíþróttakona og Guðjón Valur Sigurðsson handboltamaður í þriðja sæti. Voru sem fyrri daginn nokkuð skiptar skoðanir meðal almennings um röð efstu manna.

Júdó. Þormóður Jónsson og Anna Soffía Víkingsdóttir náðu bestum árangri á Íslandsmóti í júdó sem fram fór 13.–14. apríl, unnu bæði í opnum flokki og í sínum þyngdarflokkum.

Karate. Elías Snorrason KFR varð Íslandsmeistari karla í kata á Íslandsmótinu í Hagaskóla 2. mars. Aðalheiður Rósa Harðardóttir Breiðabliki varð hins vegar Íslandsmeistari kvenna. Lið Breiðabliks urðu sigurvegarar í hópkata bæði í kvenna- og karlaflokki og höfðu algera yfirburði í stigagjöf.

Kristján Helgi Carrasco og Aðalheiður Rósa Harðardóttir urðu bikarmeistarar í karate á bikarmóti í lok apríl.

Íslandsmeistaramót í kumite fór fram helgina 23.–24. nóvember. Þar varð Kristján Helgi Carrasco, Víkingi, Íslandsmeistari í þremur flokkum. Telma Rut Frímansdóttir, Aftureldingu, varð hins vegar Íslandsmeistari kvenna í tveimur flokkum.

Knattspyrna. Íslenska karlalandsliðið lék fyrsta leikinn á árinu á Spáni 6. febrúar, vináttuleik gegn Rússum, og tapaði, 0:2. Næstu leikir voru liðir í undankeppni HM; Íslendingar unnu Slóvena, 2:1 í Ljubljana í mars en töpuðu síðari leik gegn Slóveníu í Reykjavík 7. júní, 2:4. Hinn 14. ágúst var vináttuleikur gegn Færeyingum í Laugardal og vannst hann, 1:0. Næsti leikur var 6. september í Bern gegn Sviss og lauk með jafntefli, 4:4. Þar vann liðið upp þriggja marka forskot og Jóhann Berg Guðmundsson skoraði þrjú mörk. Ísland vann síðan Albaníu, 2:1, á Laugardalsvelli 10. september og var þá komið í 2. sæti E-riðils. Næsti leikur var gegn Kýpur og fór fram 11. október á sama stað. Honum lauk einnig með íslenskum sigri, 2:0. Fimm dögum síðar gerði liðið jafntefli við Noreg ytra, 1:1. Þar með var ljóst að Ísland kæmist í umspil um sæti í lokakeppni HM 2014. Heimaleikur gegn Króötum skyldi fara fram 15. nóvember en það skapaði nokkurn vanda því að íslensk haustveður eru ekki hagstæð fótboltavöllum og aldrei hefur landsleikur farið fram á Laugardalsvelli á þeim tíma. Var gripið til þess að leggja hitadúk eða tjald yfir völlinn til að halda jörðinni frostlausri. Hita var blásið fyrst undir 8. nóvember og af og til næstu daga. Helstu vandræðin voru að hemja dúkinn í miklum vindi en þó tókst að verja völlinn þannig að leikurinn fór fram áfallalaust. Honum lauk með markalausum jafntefli í sæmilegu veðri. Íslendingar voru þó manni færri í seinni hálfleik. Útileikurinn gegn Króötum fór fram í Zagreb, 19. nóvember. Íslendingar töpuðu þar 2:0. Í tilfinningaþrungnu viðtali eftir leikinn greindi Eiður Smári frá því að hann hefði hér líklega leikið sinn síðasta landsleik.

Þó að Ísland væri hér með úr leik í þessari keppni hækkaði það um 70 sæti á lista FIFA á einu ári, frá júní 2012 til júní 2013. Í lok nóvember var tilkynnt að Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson hefðu verið ráðnir þjálfarar karlalandsliðsins til næstu tveggja ára.

Kvennalandsliðið hóf árið með þátttöku í Algarve-mótinu í Portúgal í mars. Fyrst lék liðið við Bandaríkin 6. mars og tapaði, 3:0. Tveim dögum síðar tapaði liðið fyrir Svíum, 6:1. Þann 11. mars tapaði liðið fyrir Kínverjum, 1:0, en 13. mars vann það Ungverja, 4:1, og lenti í níunda sæti á mótinu.

Næstu viðfangsefni liðsins voru þrír vináttulandsleikir; í apríl lék það við Svíðþjóð og tapaði, 2:0. Fyrsta júní keppti liðið á Laugardalsvelli við Skota og tapaði, 3:2. Loks tapaði liðið fyrir Dönnum ytra, 2:0.

Í júlí tók kvennalandsliðið þátt í lokakeppni Evrópumótsins í Kalmar og byrjaði á að gera jafntefli við Noreg 11. júlí, 1:1. Liðið tapaði fyrir

Pýskalandi 14. júlí, 3:0 en hafði sigur gegn Hollandi 17. júlí, 1:0, og náði þar með sæti í átta liða úrslitum. Næsti leikur var gegn Svíum 21. júlí og unnu þeir, 4:0, og lauk þar þátttöku íslenska kvennalandsliðsins á mótinu.

Þjálfaraskipti urðu í ágúst, Sigurður Ragnar Eyjólfsson hætti og var Freyr Alexandersson ráðinn í hans stað. Fyrsti leikur liðsins undir stjórn hans, og jafnframt fyrsti leikur í undankeppni HM 2015, var gegn Sviss og fór fram á Laugardalsvelli 26. september. Svisslendingar unnu hann, 2:0.

Þóra B. Helgadóttir landsliðsmarkvörður var valin markvörður ársins í Svíþjóð, annað árið í röð, hinn 11. nóvember.

Fram varð bikarmeistari karla 17. ágúst eftir sigur á Stjörnunni í Laugardal, 6:4.

Breiðablik varð bikarmeistari kvenna eftir sigur á Þór/KA á Laugardalsvelli 24. ágúst. Stjarnan varð Íslandsmeistari kvenna eftir sigur á Val, 4:0, 28. ágúst. KR-ingar urðu hins vegar Íslandsmeistarar karla 22. september er þeir sigruðu Val, 2:1, á Hlíðarenda.

Körfuknattleikur. Bikarúrslitaleikir í körfuknattleik fóru fram 16. febrúar.

Keflvíkingar urðu bikarmeistarar kvenna eftir sigur í úrslitaleik við Val, 68:60; var þetta þrettándi sigur þeirra. Kvinnalið Keflavíkur vann síðan deildarmeistaratitil eftir sigur á Snæfelli 13. mars, 71:64, og náði einnig Íslandsmeistaratitli eftir sigur á KR 29. apríl.

Stjarnan varð bikarmeistari karla eftir sigur á Grindavík, 91:79, en það er annar sigur Stjörunnar. Grindvíkingar urðu deildarmeistarar karla eftir sigur á Fjölni 14. mars, 97:82. Hinn 28. apríl urðu þeir svo Íslandsmeistarar karla eftir sigur á Stjörnunni.

Lyftingar. Lilja Lind Helgadóttir vann gullverðlaun í ólympískum lyftingum á Norðurlandameistaramóti unglinga 17 ára og yngri sem fram fór í Danmörku í nóvemberbyrjun.

Skautaiþróttir. SA Víkingar urðu Íslandsmeistarar karla í íshokki eftir að hafa sigrað Björninn, 4:0. Vala Rún Magnúsdóttir, Skautafélagi Reykjavíkur, varð Íslandsmeistari í listdansi á skautum 1. desember.

Skák. Reykjavíkurskák mót fór fram í Hörpu 19.–27. febrúar. Þetta var fjölmennasta mótið frá upphafi og fjöldi erlendra keppenda. Aðalverðlaunin hlaut Pavel Eljanov. Hundradasta Íslandsmótið í skák fór fram 31. maí–8. júní. Hannes Hlífar Stefánsson varð þar Íslandsmeistari í tólfta sinn. Lenka Ptacnikova varð hins vegar Íslandsmeistari kvenna í fimmta sinn.

Skíði. Skíðamót Íslands fór fram á Ísafirði 6.–7. apríl. Einar Kristinn Kristgeirsson varð Íslandsmeistari í svigi karla en Helga María Vilhjálmsdóttir Íslandsmeistari í svigi kvenna. María Guðmundsdóttir sigraði hins vegar í stórsvigi kvenna.

Skyldingar. Þorbjörg Ágústsdóttir sigraði á heimsbikarmóti í skyld-

ingum í Newcastle í apríllök. Guðrún Jóhannsdóttir og Hilmar Örn Jónsson urðu Íslandsmeistarar í skyldingum í nóvember. Hilmar og Þorbjörg voru síðan valin skyldingafólk ársins í desember.

Skólahreysti. Holtaskóli sigraði í Skólahreysti í þriðja sinn.

Smáþjóðaleikarnir fóru fram í Lúxemborg 27. maí–1. júní og þangað sendu Íslendingar 48 keppendur. Þátttökulönd þar voru, auk Íslands: Lúxemborg, Kýpur, Lichtenstein, Montenegro, Mónakó, Malta, Andorra og San Marínó. Flest verðlaun hreptu Lúxemborgarar: 36 gull, 39 silfur og 31 brons. En Ísland lenti í öðru sæti með 28 gull, 30 silfur og 30 brons. Íslenskt sundfólk stóð sig hér mjög vel. Anton Sveinn McKee hreppti flest gullverðlaun af einstökum íslenskum keppendum, sjö. Eygló Ósk Gústafsdóttir fékk þrjú gull og tvö silfur, auk þess að synda með þremur boðsundssveitum sem allar hreptu gull. Íslenska sveitin náði gullverðlaunum í 4x100 m hlaupi kvenna og íslenskar fimleikastúlkur unnu gull í hópfimleikum. Guðmundur Sverrisson fékk gull í spjótkesti karla fyrir kast upp á 74,38 m en Ásdís Hjálmsdóttir í spjótkesti kvenna, kastaði 56,15 m.

Reykjavíkumaraþon fór fram 24. ágúst. Sigurvegari í maraþoni karla var James Buis frá Bandaríkjunum en í maraþoni kvenna Melanie Staley frá Bretlandi. Í hálfmaraþoni sigruðu Kári Steinn Karlsson og Helen Ólafsdóttir.

KIRKJAN

Úrsagnir úr þjóðkirkjunni hafa verið alltfjar á árunum 2010–2013 en þó fór tíðni þeirra lækkandi undanfarið ár. Í ársbyrjun 2013 voru skráðir meðlimir þjóðkirkjunnar 245.184 en í lok ársins voru þeir 244.440, hafði fækkað um 744 eða um 0,3%. Kirkjan hefur m.a. brugðist við þessari þróun með því að taka ýmsa starfshætti til endurskoðunar en ekki síst með opinni umræðu um kynferðisofbeldi og endurskoðaða afstöðu til réttinda samkynhneigðra.

Kirkjuþing 2013 kom saman 16. nóvember. Þar var m.a. rætt um fjárhagsvanda kirkjunnar en framlög til hennar hafa verið skert á fjárlögum undanfarin ár. Eitt meginviðfangsefna þingsins var ennfremur að fjalla um frumvarp að nýjum þjóðkirkjulögum. Þar er m.a. lagt til að kirkjuþingi verði fengið aukid vald og ábyrgð, m.a. hvað varðar fjármál kirkjunnar. Þá er lagt til að valdsvið biskups verði takmarkað nokkuð og afmarkað, kjörtímabil hans verði sex ár og hann geti aðeins setið í tvö kjörtímabil eða 12 ár.

Skipulag Skálholtsstaðar kom til umfjöllunar kirkjuráðs í mars og voru þar m.a. kynntar hugmyndir um byggingu „miðaldakirkju“ á staðnum. Í lok árs virtist þó hafa komið bakslag í þessi áform. Mennta- og menningarmálaráðherra hefur ákveðið friðlýsingu Skálholtskirkju, skólans og



Sr. Agnes Sigurðardóttir biskup og sr. Sólveig Lára Guðmundsdóttir vígslubiskup.

nánasta umhverfis, að undanskilinni „yfirbyggingu yfir friðlýstar fornleifar Þorláksbúðar“. Nú er unnið í áföngum að gerð deiliskipulags fyrir Skálhóltsstað og jörðina alla.

Hólahátíð var haldin helgina 17.–18. ágúst og helguð 250 ára afmæli Hólakirkju en hún var vígð 20. nóvember 1763. Farin var pílgrímaganga yfir Heljardalsheiði m.a. og messað í Gvendarskál. Sólveig Lára Guðmundsdóttir tók við sem vígslubiskup á Hólum á hátíðinni 2012; þetta var því í fyrsta sinn sem hún tók á móti hátíðargestum sem húsráðandi á staðnum.

Verulega hefur þokast í jafnréttisátt innan kirkjunnar á undanföllum árum svo sem sjá má af því að tveir af þremur biskupum þjóðkirkjunnar eru nú konur.

MANNALÁT

2. janúar: Auðunn Bragi Sveinsson rithöfundur
f. 26. desember 1923.
7. janúar: Sverrir Þórðarson blaðamaður
f. 29. mars 1922.
8. janúar: Stefán P. Eggertsson verkfræðingur
f. 28. mars 1946.
19. janúar: Snæfríður Baldvinsdóttir sérfræðingur, Fjármálaeftirliti
f. 18. maí 1968.
20. janúar: Kristjón Þorkelsson sendifulltrúi Rauða krossins
f. 22. desember 1955.
21. janúar: Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn
f. 15. maí 1923.
30. janúar: Gísli Pálsson bóndi á Hofi í Vatnsdal
f. 18. mars 1920.
30. janúar: Haraldur Guðbergsson myndlistarmaður
f. 26. október 1930.
30. janúar: Jón Reykdal myndlistarmaður
f. 14. janúar 1945.
30. janúar: Þorkell Sigurbjörnsson tónskáld
f. 16. júlí 1938.
23. febrúar: Þorvaldur Þorsteinsson myndlistarmaður og rithöfundur
f. 7. nóvember 1960.
5. mars: Árni Vilhjálmsson prófessor
f. 11. maí 1932.
28. mars: Þorvarður Örnólfsson framhaldsskólakennari
f. 14. ágúst 1927.
31. mars: Herdís Þorvaldsdóttir leikkona
f. 15. október 1923.
2. apríl: Bjarni Hannesson heila- og taugaskurðlæknir
f. 21. febrúar 1938.
4. apríl: Ólafur Halldórsson handritafræðingur
f. 18. apríl 1920.
9. apríl: Hjálmar Torfason gullsmiður
f. 29. janúar 1924.
14. apríl: Baldur Óskarsson ljóðskáld
f. 28. mars 1932.
14. apríl: Björn Þorsteinsson bæjarritari í Kópavogi
f. 19. febrúar 1943.

22. apríl: Ingólfur Júlíusson ljósmyndari
f. 4. maí 1970.
26. apríl: Hreggviður Jónsson framkvæmdastjóri
f. 26. desember 1943.
26. apríl: Júlíus Agnarsson hljóðmeistari
f. 22. febrúar 1953.
5. maí: Þór Vigfússon skólameistari
f. 2. apríl 1936.
5. maí: Kristján Bersi Ólafsson skólameistari
f. 2. janúar 1938.
9. maí: Sigríð Valtingoer myndlistarkona
f. 18. mars 1935.
12. maí: Hilmar G. Jónsson, rithöfundur
f. 12. maí 1938.
18. maí: Gissur Ó. Erlingsson þýðandi, elstur íslenskra karla
f. 21. mars 1909.
27. maí: Kristján Davíðsson listmálari
f. 28. júlí 1917.
29. maí: Sveinn Guðmundsson hrossaræktandi
f. 3. ágúst 1922.
4. júní: Hermann Gunnarsson útvarpsmaður
f. 9. desember 1946.
5. júní: Sigfús Jóhann Johnsen jarðvísindamaður
f. 27. apríl 1940.
6. júní: Erling Blöndal Bengtsson sellóleikari
f. 8. mars 1932.
14. júní: Helgi Már Arthúrssón fréttamaður
f. 19. febrúar 1951.
14. júní: Methúsalem Þórisson húmanisti
f. 17. ágúst 1946.
15. júní: Eiður Ágúst Gunnarsson óperusöngvari
f. 22. febrúar 1936.
19. júní: Ólafur E. Rafnsson forseti ÍSÍ
f. 7. apríl 1963.
1. júlí: Róbert Arnfinnsson leikari
f. 16. ágúst 1923.
15. júlí: Jóhann G. Jóhannsson tónlistarmaður og málari
f. 22. febrúar 1947.
17. júlí: Heimir Þorleifsson sagnfræðingur, ritstjóri Árbókar Íslands
f. 22. nóvember 1936

27. júlí: Jóhannes Jónsson kaupmaður í Bónus
f. 31. ágúst 1940.
11. ágúst: Már Ársælsson stærðfræðikennari
f. 6. apríl 1929.
25. ágúst: Guðni Þórðarson ferðamálafrömuður
f. 24. maí 1923.
15. september: Húgó Þórisson sálfræðingur
f. 25. maí 1949.
24. september: Sigurður Sigmundsson fréttaritari, ljósmyndari, bóndi
f. 16. mars 1938.
30. september: Stefanía Þorgrímsdóttir rithöfundur
f. 11. apríl 1950.
9. október: Jón R. Gunnarsson málvísindamaður og þýðandi
f. 29. nóvember 1940.
14. október: Magnús Thoroddsen hæstaréttarlögmaður og dómari
f. 15. júlí 1934.
9. nóvember: Bo Almquist prófessor
f. 5. maí 1931.
13. nóvember: Lilja Margeirsdóttir verslunarkona
f. 5. maí 1936.
27. nóvember: Þórhallur Vilmundarson prófessor
f. 29. mars 1924.
27. nóvember: Þorgeir Þorsteinsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli
f. 28. ágúst 1929.
8. desember: Valdís Gunnarsdóttir útvarpskona
f. 10. nóvember 1958.
8. desember: Halldór Gíslason arkitekt
f. 25. ágúst 1952.
9. desember: Bogi Sigurbjörnsson skattstjóri á Siglufirði
f. 24. nóvember 1937.
15. desember: Þorkell Jóhannesson prófessor í lyfjafræði
f. 30. september 1929.
30. desember: Rúnar Georgsson tónlistarmaður
f. 14. september 1943.

NÁTTÚRA ÍSLANDS

Dýraríki

Steypireyðar sjást öðru hvoru á Skjálfaflóa en þó var kvartað yfir að ferðum þeirra hefði fækkað sumarið 2013, e.t.v. vegna vaxandi umferðar um svæðið. Í júlíbyrjun sást hvalur á Skjálfaflóa sem talinn var blendingur steypireyðar og langreyðar. Slíkir blendingar munu fágætir en hafa þó fundist af og til. Reynt var að ná húðsýni en tókst ekki. Hnúfubökum fer hins vegar fjölgandi á Skjálfaflóa. Mjaldur sást á Steingrímsfirði í maíbyrjun. Síðasta staðfesta heimsókn mjaldurs til Íslands var skráð 2007. Sex háhyrningar syntu á land á Langanesi í lok apríl. Voru björgunaraðgerðir reyndar og tókst að koma tveimur þeirra á flot aftur. Fjöldi grindhvala synti inn í höfnina á Rífi á Snæfellsnesi 7. september. Strönduðu þeir þar og í næsta nágrenni.

Nokkrar fréttir bárust af ferðum rostunga við landið, einkum austanlands. Rostungur sást í fjörunni í Reyðarfirði 17. júní og í júliflok sást einnig rostungur í Seyðisfirði. Í september sást rostungur í Borgarfirði eystra. Ljósmyndir bentu ekki til að alltaf væri um sama dýrið að ræða. Hins vegar birtist rostungur einnig við Breiðamerklónið í ágúst og er talið að það hafi verið sá sami og heimsótti Reyðarfjörð.

Kanínunum hefur verið að fjölga sums staðar í grennd við þéttbýli því svo er að sjá að hluti stofnsins lifi af veturinn. Sums staðar virðast þær orðnar plága, m.a. var kvartað undan þeim á Selfossi.

Nýjar fuglategundir sjást nú æ oftar, eyrugla er t.d. farin að verpa hér og snæuglur sjást á ákveðnum stöðum á hálendinu. Ýmsir framandlegir smáfuglar eru orðnir algengari, t.d. silkitoppa. Alls urpu 47 arnarpör á landinu vorið 2013 en búist var við að aðeins þriðjungur þeirra kæmi upp ungum. Mávar voru margir í vetrarfuglatalningu en minna var um snjótittlinga í byggð en verið hefur.

Hrun varð enn í lundavarpi í Eyjum; nær engir ungar komust á legg. Nýliðun hefur nú verið neikvæð í Vestmannaeyjum allt frá 2003 og ef svo fer sem horfir er sýnt að hann muni deyja þar út. Sandsílastofninn er enn í lægð. Kríuvarp var hins vegar með betra móti í Vatnsmýrinni í Reykjavík; framkvæmdir við votlendið við Norræna húsið hafa heppnast vel.

Rjúpnastofninn var í uppsveiflu og kom það nokkuð á óvart. Náttúrufræðistofnun mælti þó ekki með aukinni veiði, enda væri ljóst að rjúpnaveiðin væri ekki sjálfbær. Veiðidögum á rjúpu var þó fjölgað um þrjá, urðu 12 haustið 2013 og miðuðust við fjórar helgar frá 25. október til 17. nóvember. Verslun með fugl var bönnuð áfram. Miðað var við að heildarveiði yrði um 42 þúsund fuglar. Hreindýrakvóti var ákveðinn 1229 dýr, 623 kýr og 626 tarfar. Bárust alls 3610 umsóknir um þau og var dregið úr þeim.



Á snjóþungu vori: Fuglar leita varpstaða við Fljótaá.

Jarðskjálftar

Skjálftavirkni var svipuð og endranær á landinu 2013. Smáskjálftar mjög tíðir en fáir stórir. Í mars varð m.a. jarðskjálfti úti fyrir Norðurlandi, um 3,8 stig, og fannst á norðanverðum Tröllaskaga. Þá varð skjálftahrina við Grímsey sem hófst með skjálfta upp á 5,5 stig 2. apríl. Í Öxarfirði varð skjálfti upp á 3,8 stig 1. ágúst. Í september hófst enn skjálftahrina úti fyrir Eyjafirði, sá mesti 3,8 stig varð 2. október. Hinn 13. október varð síðan skjálfti upp á 4,8 stig austan við Reykjanestá og fannst víða um Vesturland.

Náttúrugripasafn

Talsvert var deilt um réttmæti þeirra hugmynda að setja upp náttúru-minjasafn í Perlunni, m.a. vegna kostnaðar. Einnig var því sjónarmiði haldið á lofti af aðstandendum „Urriðaholts hf.“ að réttast væri að byggja yfir safnið við hliðina á Náttúrufræðistofnun þar. Á Seltjarnarnesi stendur líka fokhelt safnahús, upphaflega ætlað fyrir lækningaminjasafn.

Fyrirhugað er að um 25 m löng beinagrind af steypireyði verði sett upp í Perlunni ef safnið fær inni þar. Beinagrindin er úr dýri sem rak á land á Skaga 2010. Húsvíkingar vilja hins vegar að hún verði sett upp á Húsavík og fengu m.a. stuðning fyrri menntamálaráðherra.

Í lok ársins kom fram að meirihluti fjárlaganefndar Alþingis legðist gegn því að ríkið styrkti náttúru-minjasafn í Perlunni. Forsvarsmenn

safnsins töldu eigi að síður að rekstur þess ætti að geta staðið undir sér hvað sem liði stuðningi ríkisins.

Náttúruverndarumræða

Frumvarp til náttúruverndarlaga var afgreitt úr umhverfis- og samgöngunefnd í lok febrúar með ýmsum breytingartillögum meirihlutans. Alls bárust 60 umsagnir um frumvarpið. Náttúruverndarsamtök fögnuðu almennt frumvarpinu en ýmsir gagnrýndu það, ekki síst hvað varðaði rétt til umferðar um landið, og þótti göngufólki gert hærra undir höfði en öðrum. Um mat á virkjanakostum voru vitaskuld enn deildar meiningar. Lögð var áhersla á að ljúka málinu fyrir þinglok og tókst það.

Fljótlega eftir stjórnarskiptin var þó farið að ræða um fráhvarf frá svonefndri Rammaáætlun, t.d. varðandi neðri hluta Þjórsár. Deilan um verndun Þjórsárvera hélt þannig áfram. Umhverfisráðuneytið hafði auglýst að 21. júní yrði undirritað samkomulag um friðlýsingu Þjórsárvera og sent út boðskort til þeirrar athafnar sem halda átti í Árnesi. En Landsvirkjun mun hafa hótað málshöfðun og iðnaðarráðherra lýsti áhyggjum af friðlýsingaráformunum og svo fór að Sigurður Ingi Jóhannsson umhverfisráðherra aflýsti athöfninni að morgni hins 21.

Helsti ágreiningurinn snerist um Norðlingaölduveitu, sem hefði verið afskrifuð við friðlýsinguna, og framkvæmdir við nýtt miðlunarlón austan Þjórsár. Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor benti hins vegar á að þegar væri búið að taka nærri helming þess vatns sem rennur úr Þjórsárverum og spurði hvort ekki væri komið nóg.

„Blámi og tærleiki Þingvallavatns í hættu?“ — Þetta var yfirskrift málfings á vegum náttúruverndarsamtaka sem haldið var 3. apríl. Þar var m.a. lagt út af vísbendingum um vaxandi þörungagróður í vatninu, m.a. vegna köfnunarefnismengunar. Fráveita sumarhúsa á Þingvöllum er að miklu leyti mjög ófullnægjandi. Nærri 600 sumarhús eru á vatnsverndarsvæði Þingvallavatns en ekkert eftirlit.

Mývatn og Laxá voru einnig sögð í hættu vegna ágangs og höfðu verið sett á rauðan lista Umhverfisstofnunar. Ástæður þess eru ýmsar: óvissa um hugsanleg áhrif Bjarnarflagsvirkjunar, frárennsli frá byggð og mikil fjölgun ferðamanna. Kísilgúrvinnslan hafði vafalaust mikil áhrif á vistkerfi vatnsins en henni var hætt 2004. Silungsveiði er nú orðin hverfandi lítil og kúluskíturinn svonefndi nánast horfinn.

Deilur um vegagerð í Gálgahrauni á Álftanesi fóru stigvaxandi þegar leið á haustið. Deilt var um nauðsyn þessarar vegagerðar og ásakanir komu jafnvel fram um að hún þjónaði einkum hagsmunum tiltekinnna landeigenda en því var hafnað. Deilurnar færðust á nýtt stig þegar framkvæmdir hófust mánudaginn 21. október en hópur sem kallar sig Hraunavini hefur skipulagt mótmæli gegn vegalagningunni. Hópur fólks



Ómar Ragnarsson í Gálgahrauni.

hafði komið sér fyrir í hrauninu þegar framkvæmdir áttu að hefjast og var kölluð til lögregla til að fjarlægja fólkið. Voru a.m.k. 25 manns handteknir og færðir á lögreglustöð, þ.á m. Ómar Ragnarsson. Mótmælendur voru þó ekki af baki dottnir; sumir voru handteknir oftar þennan dag. Næstu daga héldu mótmæli áfram en verktakar brugðu á það ráð að láta stærstu jarðýtu sem völ var á ryðja slóð gegnum hraunið. Í nóvember staðfesti Hæstiréttur héraðsdómsúrskurð sem hafnaði kröfu fjögurra náttúruverndarsamtaka um að leitað yrði álits EFTA-dómstóls um rétt samtakanna til aðkomu að málum af þessu tagi.

Mikil umhverfisspjöll uppgötvuðust í Mývatnssveit í maí þar sem málað hafði verið með risastórum stöfum orðið „crater“ í gíg Hverfjalls og orðið „cave“ í Grjótagjá. Notuð hafði verið olfumálning sem erfitt var að ná af. Fleiri slík spellvirki áttu þó eftir að koma í ljós og þegar kom fram á sumar bárust böndin að þýskum listamanni sem nefnist Julius von Bismarck. Myndir sem hann sýndi í Berlín þóttu bera þess vitni að hann hefði staðið að málningarstarfsemi í Mývatnssveit. Alþjóðadeild ríkislögreglustjóra tók við rannsókn málsins en listamaðurinn neitaði sök og vísaði á nafnlausu aðstoðarmenn. Málinu var þó ekki lokið.

Heimildarmyndin Hvellur, um Laxárdeiluna og sprengingu stíflunnar í Miðkvísl 1970, var frumsýnd í janúar 2013. Þar var í fyrsta sinn upplýst opinberlega hverjir stjórnuðu þeirri framkvæmd.

Síld

Enn drapst talsvert af síld í Kolgrafarfirði í ársbyrjun 2013. Aðeins lítill hluti varð nýttur en línusjómenn fengu þó sumir góða beitusíld, auk þess sem náðist og unnið var í minkafóður.

Áhyggjur manna af því að síld gengi aftur upp í Kolgrafarfjörð og dræpist þar í stórum stíl um veturinn ollu því að um haustið var margt rætt um aðgerðir til að hindra slíkt. Fóru heimamenn jafnvel að tala um að loka firðinum „varanlega“ en aldrei varð þó fyllilega ljóst hvað átt væri við með því. Fréttablaðið sló því þó upp að kostnaður við slíkt myndi ekki verða undir hálfum milljarði. Skásta lausnin, að mati Hafrannsóknarstofnunar, væri að spila háhyrningahljóð úr hátölurum innan við brúna. Endirinn varð sá að reynt var að fæla síldina út með smásprengjum 28. nóvember en það heppnaðist ekki sem skyldi. Töldu menn að 70 þúsund tonn síldar væru í firðinum um þessar mundir en súrefnismettun væri þó nægileg ennþá til að hún gæti lifað af.

Trjárækt

Hljóandi síðustu ára hafa bæði skapað góð vaxtarskilyrði fyrir trjágróður en einnig leitt af sér fjölgun meindýra sem leggjast á gróður. Greni var t.a.m. víða illa leikið eftir sitkalús. Þá olli asparglytta víða tjóni á ösp og víði um Suðvesturland. Birkifeti er fiðrildategund sem étur lauf af birki og berjalyng og hefur verið verulega skæð undanfarin ár. 2013 náði þessi skaðvaldur þó ekki að gera jafnmikinn usla í berjalöndum og undanfarin ár. Trjáskemmdir urðu hins vegar víða vegna snjóþyngsla, jafnvel í Reykjavík.

Bændur ráku enn fé á hið umdeilda svæði Almenninga í júlí. Landgræðslustjóri gagnrýndi þetta harðlega og sagði að þetta myndi m.a. kosta að girða þyrfti Þórsmörk af fyrir 15 milljónir; þessi beit skipti bændurnu engu en spillti fyrir árangri af uppgræðslu birkiskógar. Í september kom í ljós að nokkuð hafði verið um fé í Þórsmörk um sumarið.

Hæsta tré landsins er sitkagreni við Kirkjubæjarklaustur. Það mældist 25,2 m á hæð og er fyrsta tréð á Íslandi sem nær yfir 25 metra. Ösp og sitkagreni hafa sums staðar náð yfir 20 m á landinu.

Nú er farið að nota kurlað timbur sem eldsneyti í Járblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Bæði hefur það góða eiginleika sem eldsneyti við járnvinnslna en það bætir einnig kolefnisreikning fyrirtækisins. Vakti m.a. nokkra athygli þegar Skógrækt ríkisins auglýsti eftir grisjunarviði í þessum tilgangi í mars.

PRÓF

Háskóli Íslands útskrifar kandiðata þrisvar á ári. Í febrúar 2013 útskrifuðust 467, í júní 602 og 338 í október. Alls brautskráðust 1407 úr grunn- og framhaldsnámi á árinu, að frátöldum þeim sem luku doktorsprófi. Þeir skiptast svo á hin mismunandi svið skólans:

Félagsvísindasvið: 611

Heilbrigðisvísindasvið: 253

Hugvísindasvið: 217

Menntavísindasvið: 200

Verkfræði- og náttúruvísindasvið: 126

Fleiri luku hins vegar doktorsprófi frá Háskóla Íslands 2013 en nokkru sinni fyrr. Á fullveldisdaginn, 1. desember, var í fyrsta sinn haldin Hátíð brautskráðra doktora við skólann. Þar kom fram að frá 1. desember 2012 til 1. desember 2013 luku 53 doktorsprófi frá skólanum, 28 karlar og 25 konur. Þrír af hverjum fjórum þeirra voru Íslendingar.

Háskólinn í Reykjavík brautskráði alls 648 nemendur. Þar af voru karlar 393 en konur 255. Þessi hópur skiptist svo:

Grunndiplóma: 56

BA/BS: 462

Meistaránám: 126

Doktorspróf: 4

Þessi hópur skiptist svo á milli námssviða:

Kennaranám og menntunarfræði: 48

Félags- og atferlisvísindi: 32

Viðskipti og stjórnun: 191

Lögfræði: 96

Stærðfræði og tölfraði: 2

Tölvunarfræði: 82

Verkfræði og tækni: 149

Arkitektúr og byggingar: 48

Háskólinn á Akureyri brautskráði 292 í lok skólaárs 2012–2013. Þar af voru konur 222 en karlar aðeins 70. Alls luku 214 grunnnámi en 78 framhaldsnámi. Þessi hópur skiptist svo milli sviða:

Félagsvísindi: 105

Menntavísindi: 73

Heilbrigðisvísindi: 70

Raunvísindi: 44

Háskólinn á Bifröst útskrifaði 142 nemendur úr háskólanámi á árinu 2013, auk 26 úr frumgreinadeild og 76 úr símenntunarnámi:

Viðskiptasvið:

grunnám: 58

meistaránám: 17

Lögfræðisvið:

grunnám: 18

meistaránám: 19

Félagsvísindasvið:

grunnám: 15

meistaránám: 15

Háskólinn á Hólum útskrifaði alls 84 nemendur. Þeir skiptust þannig:

Diplómaprófum í ferðamálafræði, viðburðastjórnun, þjálfun og reiðmennsku; tanningum, reiðkennslu og fiskeldisfræði luku alls 50.

BA í ferðamálafræði: 19

BS í reiðmennsku og reiðkennslu: 14

MS í sjávar- og vatnalíffræði: 1

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri brautskráði alls 91 nemanda, 39 úr háskólanámi en 52 úr starfsmenntadeildum.

BS-gráðu luku 29:

Búvísindi: 11

Náttúru- og umhverfisfræði: 10

Skógfræði og landgræðsla: 1

Umhverfisskipulag: 7

Meistaragráðu luku alls 10:

Búvísindi: 1

Náttúru- og umhverfisfræði: 3

Landgræðslufræði: 2

Skógfræði: 3

Skipulagsfræði: 1

Listaháskólinn brautskráði all 149 nemendur og skiptast þeir þannig milli sviða:

Hönnun og arkitektúr: 53

Listkennsla: 24

Myndlist: 22

Sviðslistadeild: 25

Tónlist: 25

RAFORKUMÁL

Lágt heimsmarkaðsverð á áli hefur breytt verulega forsendum raforkusölu til stóriðju undanfarin ár. Hafa forráðamenn Landsvirkjunar lagt vaxandi áherslu á að ná betri samningum um raforkuverð en hingað til hefur tekist.



Álverið í Helguvík. Umræðan um orkuþörf þess hljóðnaði mjög á árinu og óvíst er hvenær það tekur til starfa.

Sæstrengur

Í lok janúar flutti Hörður Arnarsson, forstjóri Landsvirkjunar, erindi á ráðstefnu Samtaka atvinnulífsins og ræddi þá möguleika sem lagning sæstrengs til Bretlands myndi hafa fyrir Landsvirkjun og íslenskt samfélag sem hann sagði vera „í einstakri stöðu þegar kemur að orkumálum og mögulegri orkunýtingu“. Hann fylgdi þessu máli m.a. eftir með blaðagrein í júní, í tilefni skýrslu ráðgjafarhóps sem taldi verkefnið geta verið þjóðhagslega hagkvæmt. Hörður svaraði þar efasemdarröddum með því að taka fram að leggja þyrfti áherslu á að „iðnfyrirtækjum verði áfram tryggð samkeppnishæf kjör á raforku“ og verð til almennings „hækki ekki óhóflega“. Um haustið var uppi mikil umræða um lagningu sæstrengs til Bretlands og í september kom út skýrsla fjármálafyrirtækisins GAMMA sem lýsti þeim kostum sem slík framkvæmd gæti haft í för með sér.

Flutningslínur

Enn var tekist á um hvernig standa skuli að lagningu nýrra háspennulína um landið. Landsnet hefur jafnan haldið því fram að fyrirtækinu beri að leggja loftlínur þar sem það sé langhagkvæmasti kosturinn en þær raddir gerast æ háværarí er krefjast þess að nýjar línur verði lagðar í jörðu, t.d. á Suðurnesjum, í Skagafirði og Eyjafirði. Þá er fyrirsjáanlegt að deilur eigi eftir að rísa varðandi háspennulínu á Sprengisandsleið. Meðal þess sem stendur í veginum er að jarðstrengir bera vörugjöld en búnaður til loftlína ekki; tollaumhverfi yrði því að breyta ef hverfa ætti að einhverju leyti frá lagningu loftlína.

Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra lét í ljós þá skoðun í október að nauðsynlegt væri að ná almennri sátt um þessi mál og að stjórnvöld yrðu að marka skýra stefnu varðandi lagningu jarðstrengja.

Í nóvember var greint frá niðurstöðum skýrslu sem samin var að tilhlutan Landverndar af kanadísku fyrirtæki. Niðurstöður hennar benda til þess að lagning jarðstrengja sé fyllilega samkeppnishæf við loftlínur. Í þessu samhengi benti Landvernd m.a. á að bilanatíðni jarðstrengja væri lægri og að RARIK legði mestallt í jörðu í seinni tíð.

Vindmyllur

Vindmyllurnar tvær sem byrjað var að setja upp seint á árinu 2012 skammt frá Búrfellsstöð voru gangsettar við hátíðlega athöfn 14. febrúar. Þær standa á svæði sem í seinni tíð hefur verið nefnt „Hafið“ og þykir vindasamt og ákjósanlegt til að kanna hagkvæmni slíks rekstrar hér á landi en myllurnar skila fullum afköstum við 15 m á sekúndu. Vindmyllurnar eru þýskar og eiga að geta skilað 5,4 GWst á ári. Möstrin eru 55 m á hæð en spaðar 22 m; samanlögð hæð er því nálægt 77 metrum.

Reynslan af rekstrinum það sem eftir var ársins var í heild góð, meðalnýting var um 40% en meðalnýtni á heimsvísu er um 28%. Staðurinn virðist ákjósanlegur til slíks rekstrar og mætti að öllum líkindum reisa þar heila þyrpingu af vindmyllum. Er stefnt að frekari rannsóknum á hverning þær standast íslenskar aðstæður til lengri tíma litið.

Árið 2011 var vindmylla gangsett við Belgsholt í Melasveit á vegum bændanna þar. En stormasamt getur verið á þeim slóðum og myllan fauk eftir tæplega fimm mánaða starfstíma. Var mastrið lækkað talsvert og ný og endurbætt mylla gangsett í september 2013. Hún skilar raforku til búsis í Belgsholti en umframorka er seld inn á dreifikerfi. Fleiri einkaaðilar munu hafa hug á að reisa vindmyllur á komandi árum. Könnun á viðhorfum almennings leiðir í ljós að almennt nýtur þessi tækni mikillar velvildar: um 81% landsmanna er henni hlynnt.

Vatnsbúskapur og virkjanakostir

Vatnsstaða í miðlunarlónum Landsvirkunar var heldur lág í maí og sökum þess var m.a. dregið úr raforkuvinnslu í Blönduvirkjun og Fljótsdalsstöð. Þá var óskað eftir að álver Alcoa í Reyðarfirði minnkaði orkunotkun tímabundið. En þegar leið á mánuðinn og vorleysingar hófust eystra batnaði staðan og ekki kom til að draga þyrfti úr orkuafhendingu. Úrkoma var með minna móti um sumarið og í október voru horfur heldur verri en undanfarin ár og ekki voru öll lón full. Þó var ekki gert ráð fyrir að skerða þyrfti orkuafhendingu.

Hrafnabjargavirkjun í Skjálfandafljóti hefur verið til umræðu í um áratug en var sett í biðflokk í Rammaáætlun. Orkuveita Reykjavíkur og

fleiri aðilar stofnuðu hlutafélag um þessa virkjun 2005 og sumarið 2013 fengu Landsvirkjun og Hrafnabjargavirkjun leyfi til virkjanarannsóknna á svæðinu. En Náttúrufræðistofnun og ferðaþjónustufólk hafa mælt með friðlýsingu svæðisins og bent á að virkjun gæti ógnað tilvist Aldeyjarfoss og jafnvel Goðafoss.

Orkuveita Reykjavíkur var í afar slæmri stöðu eftir hrunið 2008 en hefur verið að rétta út kútnum síðustu ár. Hagkvæmni í rekstri hefur aukist og hlutfall rekstrarhagnaðar og skulda farið mjög batnandi. Rekstur Hitaveitu Akraness og Borgarness hefur kallað á verulegar viðhaldsframkvæmdir á heitavatnslögn. Þá var ákveðið að stefna að því að leggja gufuleiðslur frá Hverahlíð til Hellisheiðarvirkjunar.

SAMGÖNGUR OG FERÐAMÁL

Hin mikla aukning erlendra ferðamanna hélt áfram árið 2013 eins og undanfarin ár. Hins vegar fóru heldur vaxandi áhyggjur manna af viðtökuskilyrðum fyrir þennan vaxandi fjölda innanlands. Og framfarir í innlendu samgöngukerfi voru hægfara.

Ferðamenn

Brottfarir erlendra ferðamanna um Leifsstöð árið 2013 voru alls 781.016 en voru 646.921 árið á undan. Það er mikil aukning, um 20,7%. Þau tólf lönd, þaðan sem flestir þessara ferðamanna voru, fylgja hér á eftir. Tölur í svigum eru frá fyrra ári en prósentuaukning milli ára aftast. Eina landið á þessum lista þaðan sem ferðamönnum hafði fækkað var Svíþjóð.

Brottfarir um Leifsstöð:

Bretland	137.108	(94.599)	44,9%
Bandaríkin	119.712	(95.026)	26%
Þýskaland	75.814	(65.179)	16,3%
Noregur	52.707	(51.534)	2,3%
Frakkland	48.313	(41.570)	16,2%
Danmörk	43.119	(40.906)	5,4%
Svíþjóð	35.491	(35.601)	-0,3%
Kanada	23.970	(18.760)	27,8%
Holland	22.820	(21.305)	7,1%
Kína	17.597	(14.036)	25,4%
Spánn	17.017	(15.278)	11,4%
Ítalía	16.213	(13.841)	17,1%
Aðrir flugvellir:	9.696	(13.072)	-25,8%
Um Seyðisfjörð:	16.637	(12.780)	30,2%

Lauslega má áætla að með erlendum skemmtiferðaskipum hafi komið um 100 þúsund farþegar til skemmri viðvalar.

Gistingar

Seldum gistinóttum fjölgaði um tæp 15% frá fyrra ári og voru nær 4,3 milljónir. Þar af voru gistinætur erlendra ferðamanna 79% en þeim hafði fjölgað um 17%. Gistinóttum á hótelum fjölgaði um 14,7%. Meirihluti hótélgesta voru útlendingar, eða um 83%, og hafði þeim fjölgað um 15,4% frá fyrra ári. Gistirými hefur farið vaxandi undanfarin ár en meirihluti hótélherbergja er á höfuðborgarsvæðinu eða 57%. Sum hótél í Reykjavík voru orðin fullbókuð á vissum tímabilum strax í apríl.

Svokölluðum „norðurljósaferðamönnum“ hefur t.d. fjölgað mjög og árstíðarsveifur því minnkað til muna.

Dreifing gistinotta erlendra ferðamanna er nokkuð ójöfn eftir landslutum og hefur ekki breyst mikið frá fyrra ári. Vestfirðir og Norðurland vestra fá þar langminnst í sinn hlut.

Dreifing gistinátta útlendinga í prósentum:

Höfuðborgarsvæðið	51
Suðurnes	4
Vesturland	5
Vestfirðir	2
Norðurland vestra	2
Norðurland eystra	11
Austurland	9
Suðurland	16
Alls:	100

Ástand vega

Veturinn 2012–2013 var víða snjóþungur og mokstur varð mjög kostnaðarsamur, einkum norðanlands og vestan-; bitnaði það bæði á sveitarfélögum og Vegagerðinni. Komu vegir ekki allir vel undan vetri. Þá ollu bráðar vorleysingar einnig tjóni. Í Kinnarfelli í Köldukinn féllu fjórar miklar jarðvegsskriður dagana 28. maí til 5. júní eftir asahláku, ollu miklum gróðurskemmdum og rufu þjóðveginn norðan við Ystafell.

Í byrjun árs var mjög kvartað undan „tjörublæðingum“ vega norðanlands; olíublönduð tjara losnaði úr slitlaginu og þegar holur fóru að myndast klesstist tjaran og ofaniburðurinn í flygsur sem festust við hjólbarda og olli jafnvel tjóni á bílum. Orsakavaldurinn var sagður gölluð repjuolía sem notuð hefði verið. Þegar kom fram í apríl var m.a. ljóst að



Vegaskemmdir á Pverárfjallsvegi vorið 2013.

nýlegur Pverárfjallsvegur var mjög illa farinn og klæðning ónýt á köflum. Viðgerðir á honum hófust í júní.

Byrjað var að sprengja fyrir Vaðlaheiðargöngum í júlí 2013 og gengu framkvæmdir allvel. Um haustið voru framkvæmdir hafnar á Eskifirði til undirbúnings Norðfjarðargöngum.

Landeyjahöfn

Landeyjahöfn hefur styrkt mjög ferðaþjónustu Vestmannaeyinga en rekstur hennar var erfiður. Danska straumfræðistofnunin, DHI, lagði til að ós Markarfjóts yrði færður til austurs um tvo og hálfan kílómetra. Baráttan við dýpkun hafnarinnar væri annars vonlítil. Almennt var og vaxandi samstaða um að smíða þyrfti hentugri ferju, Herjólfur væri hreinlega of stór.

Álag á ferðamannastaði

Víða var kvartað undan „ófremdarástandi“ vegna vaxandi umferðar við vinsæla ferðamannastaði. Ferðamenn stofna sér einnig stundum í stórhættu, svo sem við Reynisfjöru, og hefur það mætt verulega á björgunar-sveitum. Á Þingvöllum var í bígerð að gera göngustíga og útsýnispalla.

Vaxandi umræða var um nauðsyn gjaldtöku til eftirlits, viðhalds og endurbóta á aðstöðu við ferðamannastaði en skoðanir eru skiptar um aðferðina. SAF, Samtök ferðaþjónustunnar, samþykktu í apríl að styðja útgáfu náttúrupassa í stað gjalda á ferðaþjónustuna fremur en að hver landeigandi færi að rukka inn aðgangsgjald. Þetta er þó ekki einfalt mál í framkvæmd því að umferðarréttur almennings um óráktað land er lögvarinn.

Reykjavíkurlflugvöllur

Enn var deilt um Reykjavíkurlflugvöll. Aðalskipulag borgarinnar gerir ráð fyrir að hann fari úr Vatnsmýrinni en meðal stjórnámálanna, einkum af landsbyggðinni, hafa verið uppi efasemdir. Skipulag borgarinnar gerir m.a. ráð fyrir að æfingaflug, kennslu- og einkaflug leggist af 2015. Stefnt er að lokun N-S-brautarinnar 2016 en hún er afar lítið notuð. Þessu hafa ýmsir áhugahópar og hagsmunaaðilar mótmælt.

Í október undirrituðu borgaryfirvöld, ríkisstjórnin og Icelandair samkomulag um meðferð málsins. Það fól m.a. í sér stofnun stýrihóps til að fjalla um málið og kanna þá kosti sem í boði eru en jafnframt að stefnt verði að því að flugvöllurinn verði starfræktur í Vatnsmýri til 2022.

(Helstu heimildir: Hagstofa Íslands og Ferðamálastofa)

SLYS

Banaslysum hefur farið fækkandi á Íslandi síðan á áttunda áratugnum. Síaukin útvist tengd afþreyingu og vaxandi fjöldi ferðamanna allan ársins hring hafa hins vegar aukið mjög álag á björgunarsveitir. Íslensk veðráttá er viðsjál sem fyrr; íslenskur karlmaður á fertugsaldri varð úti á Kópaskeri aðfaranótt 27. janúar. Hafði hann verið á leið heim af þorra-blóti en fannst látinn að morgni. Illviðri var þá á Norðurlandi.

Umferðarslys

Árið 2013 létust 15 í umferðarslysum á Íslandi. Þar af voru átta konur og sjö karlar en fimm voru undir 18 ára aldri. Þetta er fjölgun um sex frá fyrra ári en þá urðu níu banalsys. Tíðni alvarlegra umferðarslysa var mest á Suðvesturlandi, einkum á höfuðborgarsvæðinu og næsta nágrenni.

Sjóslys og skipsskaðar

Tveir menn fórust á sjó við landið á árinu. Maður fórst á kajak við Herdísarvík 21. mars. Þá féll skipverji útbyrðis af Skinney SF 20 er skipið var að veiðum út af Reykjanesi 25. júlí. Skráð vinnuslys á sjómönnum voru samtals 53 en voru 48 árið á undan.

Þá fjölgaði stórlega þeim atvikum þar sem draga þurfti skip til hafnar af ýmsum orsökum, voru 66 en 35 á síðasta ári. Í 36 skipti var um að ræða strandveiðibáta. Sex skip sukku án þess að manntjón hlytist af.

27. júní strandaði skelfiskveiðiskipið Þórsnes við Skoreyjar á Breiðafirði á svo grunnu vatni að það lá á þurru þegar fjarði út. Ekki urðu verulegar skemmdir og losnaði skipið á næsta flóði.

30. október kviknaði eldur í flutningaskipinu Fernöndu suður af Vestmannaeyjum. Sjór var þungur og aðstæður erfiðar en þó tókst að bjarga hinum 11 skipverjum upp í þyrlu Landhelgisgæslunnar. Áhöfnin var frá



Fernanda komin í síðasta áfangastað.

Rússlandi Eistlandi og Úkraínu. Lóðsinn í Vestmannaeyjum tók til við að sprauta vatni á skipið þar til varðskipið Þór kom og tók það í tog. Var haldið af stað með það áleiðis til Hafnarfjarðar en þar gaus enn upp mikill eldur og lagðist reykur yfir bæinn. Var skipið nú dregið út á rúmsjó þar sem eldurinn fékk að loga næstu daga en 6. nóvember var skipið dregið upp í Hvalfjörð og lagt að bryggju við Grundartanga. Þaðan var það síðast dregið til niðurrifs í Helguvík.

Slys tengd útivist

Hinn 3. febrúar hrpaði kona til bana í Esjunni. Hún var á ferð með um 30 göngumönnum efst í Grafardal, vestan við Hátind. Veður var hið versta og björgunaraðgerðir mjög erfiðar. Tveir íslenskir fallhlífastökkvarar létust í slysi á Flórída 23. mars er fallhlíf virkaði ekki sem skyldi. Kajakræðari druknaði, sem fyrr sagði, við Herdísarvík 21. apríl. Þá létust roskin hjón af súrefnisskorti í hjólhýsi sínu í Þjórsárdal 19. maí. Minkaveiðimaður féll í Hjaltadalsá í foráttuvexti 11. júní og fannst aldrei. Kona á áttæðisaldri lést í Þjórsárdal þegar eldur kviknaði í hjólhýsi 18. ágúst en sambýlisti hennar slapp við illan leik. Talið var að kviknað hefði í út frá gasískkáp. Í lok september var gerð víðtæk leit að bandarískum ferðamanni á Laugaveginum, Nathan Foley-Mendelssohn, en hann fannst ekki.

Flugslys og óhöpp

17. júní nauðlenti Ómar Ragnarsson lítilli Cessnavél á bakka við Sultartangalón. Virtist vélin hafa misst eldsneyti og dregið á sér þess vegna.

Sjúkraflugvél Mýflugs brotlenti á kvartmílubraut ofan við Akureyri fyrir framan fjölda áhorfenda 5. ágúst. Tveir menn fórust, flugstjóri og sjúkraflutningsmaður, en sá þriðji komst lífs af.

Loks magalenti rússnesk þota á Keflavíkurflugvelli 21. júlí en engin slys urðu á fólki.

STJÓRN MÁL

Árið hófst með nokkrum sviptingum innan ríkisstjórnar, ekki síst vegna ESB-mála. Í byrjun árs lét Steingrímur J. Sigfússon í ljós það sjónarmið að endurmeta þyrfti umsókn og stöðu aðildarviðræðna við ESB. Varð að samkomulagi milli stjórnarflokkanna að „hægja á“ viðræðunum fram yfir kosningar. Jón Bjarnason var færður úr utanríkismálanefnd og leit svo á að honum hefði verið úthýst vegna skoðana sinna. Sakaði hann flokk sinn um undirlægjuhátt gagnvart Samfylkingu og sagði sig úr þingflokki VG í lok mánaðarins. Þá bar það m.a. til tíðinda að Hjörleifur Guttormsson sagði sig úr flokknum.

18. janúar voru birtar niðurstöður skoðanakönnunar *Fréttablaðsins* og Stöðvar 2 um viðhorf manna til aðildarviðræðna við ESB. Skv. þeim vildu 49% að viðræðum yrði lokið og samningur síðan lagður í þjóðdaratkvæðagreiðslu. 36% vildu að umsókn yrði dregin til baka en 15% vildu að hlé yrði gert á viðræðum og þær ekki hafnar fyrr en að lokinni þjóðdaratkvæðagreiðslu.

Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða var loks samþykkt hinn 14. janúar. 36 þingmenn greiddu henni atkvæði en 21 var á móti. Andstæðingar héldu því fram að áætlunin einkenndist af pólitískum vilja fremur en vísindum en fylgjendur að náttúran væri hér látin njóta vafans; framundan væri áframhaldandi vinna við að rannsaka þá virkjanakosti sem settir hefðu verið í biðflokk og að friðlýsa þau svæði sem sett hefðu verið í verndarflokk.

Icesave-dómur

EFTA-dómstóllinn hafnaði 28. janúar öllum kröfum Eftirlitsstofnunar EFTA á hendur íslenska ríkinu vegna Icesave. Þrotabú Landsbankans mun eftir sem áður greiða af Icesave-skuldinni. Niðurstöðunni var fagnað mjög á Íslandi og fulltrúi AGS taldi að hún mundi leiða til batnandi lánshæfismats Íslands. Utanríkisráðherra þakkaði einkum frammistöðu Tims Ward, málflutningsmanns Íslendinga, sem benti m.a. á að ekkert segði um það í tilskipun ESB hvað tæki við ef innistæðutryggingarsjóðir gætu ekki staðið undir skuldbindingum sínum.

Steingrímur J. Sigfússon og Bjarni Benediktsson voru sammála um að Íslendingar hefðu verið beittir þvingunum, m.a. af Norðurlandarákjunum, til að ganga til hinna erfiðu samninga en Sigmundur Davíð Gunnlaugsson spurði hvort ráðherrar ætluðu ekki að biðjast afsökunar. Í framhaldi af þessu leitundu framsóknarmenn færís á að bera fram vantraust á ríkisstjórnina en fengu ekki nægilegar undirtektir og hættu við.

Þegar kom fram í febrúar sögðu ferðaskrifstofur að aukin sala væri í sólarlandaferðum og var það þakkað lausn málsins.

Eftir að dómur féll í Icesavemálinu var gerð könnun á skoðun almennings á því hvort Steingrímur og Jóhanna ættu að segja af sér. Niðurstöður voru birtar 1. feb. í *Fréttablaðinu* en skv. þeim töldu um 40% að þau ættu að hætta.

Stjórnarskrá

Feneyjanefndin, sem fengið hafði stjórnarskrárrögin til umsagnar, gerði nokkrar athugasemdir við hinar nýju tillögur, en einkum þó hversu naumur tími væri til að ljúka verkinu. Valgerður Bjarnadóttir, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, kvaðst þó enn bjartsýn á það í febrúar að ljúka mætti málinu. Feneyjanefndin benti einnig á að það gæti leitt til pólitísku þráteflis ef forseti, sem annars ætti að vera hlutlaus þjóðhöfðingi, tæki upp á því að beita málskotsrétti sínum frjállega til að stöðva óvinsæl mál. Á þessu væri ekki tekið í stjórnarskrárrættillögum.

Þegar örvænt þótti um afgreiðslu stjórnarskrármáls lagði Þór Saari fram tillögu um vantraust á stjórnina 20. febrúar. Þegar stjórnarflokkarnir vildu að hún yrði tekin fyrir dró hann hana til baka þar sem ekki var meirihluti fyrir henni; endurflutti hana þó skömmu síðar.

Ný stjórnarskrárnefnd var sett á fót 6. nóvember, skipuð fjórum fulltrúum stjórnarandstöðu, fjórum frá stjórnarmeirihluta og einum skipuðum af forsætisráðherra, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Sigurður Líndal. Stefnt var að því að lagt yrði fram nýtt stjórnarskrárráfrumvarp á kjörtímabilinu.

Aðdragandi kosninga

Landsfundur Samfylkingar fór fram í byrjun febrúar. Þar var Árni Páll Árnason kynntur sem nýr formaður en hann var kosinn með tæplega 62% atkvæða í rafrænni kosningu meðal félaga. Guðbjartur Hannesson fékk tæp 38% atkvæða. Þá var Katrín Júlíusdóttir kosin varaformaður með 59% en Oddný Harðardóttir fékk 41%. Árni Páll var hins vegar utan ríkisstjórnar og þótti mörgum það ekki styrkja stöðu hans.

Landsfundur Sjálfstæðisflokks hófst 21. febrúar í Laugardalshöll og stóð fram til sunnudags, 24. Þar bauð Halldór Gunnarsson sig fram til formanns og gagnrýndi forystuna og tillögur um efnahagsmál. Vildi hann endurvekja gömul gildi um samábyrgð og réttlæti, auk hins gamla kjörords: „stétt með stétt“.

Bjarni Benediktsson var hins vegar endurkjörinn með 79% gildra atkvæða. Hanna Birna Kristjánsdóttir var ein í framboði til varaformanns og hlaut 95% atkvæða. Þá var samþykkt ályktun um að stöðva bæri aðildarviðræður að ESB en í stjórn málaályktun var lögð áhersla á að bæta úr vanda íslenskra heimila með því að lækka skuldir og skatta.

Landsfundur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs var haldinn helgina 22.–24. febrúar. Þar lét Steingrímur J. Sigfússon af störfum sem formaður.

Hann lét þess getið í ávarpi að hann teldi flokkinn hafa náð að breyta stjórn málaumræðu í landinu og að endurreisa samfélagið í anda félagshyggju. Í viðtali við *Morgunblaðið* sagðist hann ekki sjá eftir neinu á ferli ríkisstjórnarinnar. Katrín Jakobsdóttir var ein í framboði til formanns og hlaut einróma stuðning. Þrír buðu sig fram til varaformanns en Björn Valur Gíslason sigraði með um 57% atkvæða. Nokkur umræða varð um afstöðu flokksins til ESB-umsóknar; sumir vildu hætta viðræðum strax, hinn nýkjörni formaður o.fl. töluðu fyrir því að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald málsins en að lokum var samþykkt ályktun um að ljúka bæri viðræðunum og leggja síðan í þjóðaratkvæði.

Stjórnarskrármálið olli enn uppnámi á þingi 6. mars. Þá lögðu Árni Páll, Katrín Jakobsdóttir og Guðmundur Steingrímsson fram mála- miðlunartillögu um að þingið kysi nefnd til að vinna stjórnarskráartillögur fram yfir kosninga- og þinghlé og skyldi skila tillögum á næsta haustþingi. Þór Saari svaraði þessu með því að leggja fram vantrauststillögu á ríkisstjórnina en sú tillaga var felld með 32 atkvæðum gegn 29 hinn 11. mars.

Á síðustu vikum þinghaldsins kom ríkisstjórnin fáum málum í gegnum þingið. Þingstörfum átti að ljúka 15. mars skv. áætlun en þinglok drógust mjög á langinn; viku síðar ríkti hálfgert þráteflí. Umræður um stjórnarskrármálið urðu langar og erfiðar en 19. mars var það loks tekið af dag-skrá. Var þá loks hægt að taka fyrir ýmis önnur mál sem biðu afgreiðslu. Loks var samið um þinglok 28. mars.

Kosningar

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson formaður Framsóknarflokksins náði ákveðnu frumkvæði í kosningabaráttunni um vorið með því að setja fram þá stefnu að nota bæri hluta af kyrrsettu fjármagni kröfuhafa gömlu bankanna, þ.á m. erlendra vogunarsjóða, til að lækka skuldir almennings. Þetta fjármagn hefði verið kyrrsett vegna gjaldeyrishaftanna og eigendur þess myndu neyðast til að sætta sig við afföll til að ná einhverju af því til baka; þannig mætti láta erlenda „hrægama“ borga fyrir skuldalækkun íslenskra heimila. Þetta vakti mikinn áhuga og umræður og ótrúlega háar tölur voru nefndar í því samhengi, jafnvel að 300 milljarðar gætu hugsanlega skilað sér þannig til skuldugra landsmanna.

Hugmyndin um skuldaleiðréttingu sem væri fjármögnuð af kröfuhöfum bankanna var mörgum kjósendum að skapi; skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar HÍ, sem birt var í *Morgunblaðinu* 10. apríl, sagði að Framsóknarflokkurinn væri kominn með tæp 31% fylgi, Sjálfstæðisflokkurinn tæp 19% en aðrir flokkar minna: Samfylking 12,6%, Björt

framtið tæp 11 en VG tæp 9%. Hið nýja framboð Píratar fengi 5,6% — myndi ná inn 4 mönnum.

Næsta könnun Félagsvísindastofunar, sem birt var í *Morgunblaðinu* 19. apríl, benti til þess að hlutföllin væru aftur að breytast; Framsókn komin í rúm 28% en Sjálfstæðisflokkur í 24,4%. Hinn 25. apríl birti svo *Morgunblaðið* enn nýja könnun frá Félagsvísindastofnun. Þar hafði enn dregið saman með Framsókn og Sjálfstæðisflokki en Samfylking og Vinstri græn bætt lítillega við sig.

Nokkur ný framboð komu fram. Þar má nefna Regnbogann, sem var e.k. klofningsframboð úr VG. Fyrirlíðar þessa framboðs voru m.a. Atli Gíslason, Bjarni Harðarson og Jón Bjarnason. Þessi hópur tók mjög eindregna afstöðu gegn Evrópusambandsviðræðum. Í forsvari fyrir Dögum voru m.a. Andrea Ólafsdóttir, fyrrverandi formaður Hagsmunasamtaka heimilanna, Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, og Margrét Tryggvadóttir, þingkona Hreyfingarinnar. Lögðu þau megináherslu á skuldamál heimila. Lýðræðisvaktin lagði höfuðáherslu á stjórnarskrármálin en helsti forystumaður hennar var Þorvaldur Gylfason. Hægri grænir skilgreindu sig sem hægrisinnaðan umhverfissinnaflokk en lögðu þó mesta áherslu á hugmyndir sínar um lausn efnahagskreppunnar. Í ljós kom hins vegar að formaðurinn, Guðmundur Franklín Jónsson, var ekki kjörgengur á Íslandi þar sem hann færði ekki lögheimili sitt til landsins í tæka tíð.

Kosningar fóru fram 27. apríl og urðu úrslit þeirra sem hér segir:

Sjálfstæðisflokkur: 26,7% atkv.	19 þingmenn
Framsóknarflokkur: 24,4% atkv.	19 þingmenn
Samfylking: 12,9% atkv.	9 þingmenn
Vinstri græn: 10,9% atkv.	7 þingmenn
Björt framtið: 8,2% atkv.	6 þingmenn
Píratar: 5,1% atkv.	3 þingmenn
Önnur framboð náðu litlum árangri	

Stjórnarflokkarnir fengu sem sé aðeins 23,8% atkvæða; Framsókn og Sjálfstæðisflokkur samtals rúm 51% en ríflegan þingmeirihluta: 38 þingmenn. Kjørsókn var hins vegar minni en nokkru sinni á lýðveldistímanum eða 81,4%. — Svipuð þróun hefur reyndar orðið í nágrannalöndum; ungt fólk virðist skeyta æ minna um kosningarétt sinn.

Ýmsum skýringum á slæmri útreið ríkisstjórnarinnar var velt upp. Árni Páll sagði í bréfi til flokksmanna að flokkurinn hefði vanmetið skuldavanda heimila og lagt of mikla áherslu á að ljúka Icesavemálinu. Sumir héldu því hins vegar fram að flokkurinn hefði hallast um of til vinstri. Jón Daníelsson hagfræðingur sagði að „tillitssemi við erlenda kröfuhafa“, hefði riðið baggamuninn varðandi fall stjórnarinnar; undan-

látsssemi gagnvart þrýstingi AGS og skortur á fjárfestingum, m.a. vegna gjaldeyrishafta. Reyndar var einnig bent á að því færi fjarri að Sjálfstæðisflokkurinn hefði endurheimt fyrra fylgi sitt; Framsóknarflokkurinn væri hinn eiginlegi sigurvegari þessara kosninga.

Ný ríkisstjórn

Forseti kallaði formenn flokka til viðtals í byrjun vikunnar en fékk síðan Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni umboð til stjórnarmyndunar. Sigmundur byrjaði á að ræða við formenn allra flokka og fylgdi þar stafrófsröð en sumum sjálfstæðismönnum var ekki skemmt yfir því. Bjarni Benediktsson lét í ljós þá skoðun að réttast hefði verið að flokkar þeirra hefðu gengið strax til samstarfs enda lá í loftinu að þeir myndu sameinast um stjórnarmyndun.

Nýr stjórnarsáttmáli þessara flokka var meginefni funda miðstjórnar Framsóknarflokks og flokksráðs Sjálfstæðisflokks sem haldnir voru 21. maí. Meðal atriða sáttmálans var að hætta ESB-viðræðum, hverfa frá aukinni skattlagningu á ferðaþjónustu, lækka veiðigjald og síðast en ekki síst að grípa til róttækra ráðstafana til að bæta úr skuldamálum heimilanna. Ný ríkisstjórn var kynnt formlega 22. maí og sat sinn fyrsta ríkisráðsfund daginn eftir. Þá var uppi sú óvenjulega staða að enginn hinna nýju ráðherra hafði gegnt slíku starfi áður.

Ráðherrar Framsóknarflokks voru fjórir:

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra.

Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegs-, landbúnaðar-, umhverfis- og auðlindaráðherra.

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra.

Eygló Harðardóttir félags- og húsnæðismálaráðherra.

Sjálfstæðisflokkurinn hafði fimm ráðherra:

Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra.

Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra.

Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra.

Í stefnuræðu á sumarþingi 10. júní boðaði Sigmundur Davíð tíu liða aðgerðaáætlun vegna skuldavanda heimilanna. Bjarni Benediktsson sagði hins vegar horfur heldur slæmar og stefna í 30 milljarða fjárlagahalla; ástandið væri verra en fyrri stjórn hefði viljað vera láta. En aðilar vinnu- markaðar töldu stjórnarsáttmálann almennt gefa góð fyrirheit.

Breyttar áherslur

Liðsmenn hinnar nýju ríkisstjórnar höfðu boðað ýmsar breytingar frá stefnu fyrri stjórnar og hófust brátt handa við þær. Frumvarp um að hætt yrði við þá hækkun veiðigjalda sem samþykkt hafði verið í tíð fyrri ríkisstjórnar var lagt fram á sumarþingi 12. júní. Samkvæmt því var gert ráð fyrir að veiðigjöld myndu lækka um fjóra til sex milljarða næsta árið. Þetta mál velktist nokkuð í þinginu; umræður urðu langar og hagsmunaaðilar lágu ekki á sjónarmiðum sínum. Útgerðarmenn kvörtuðu yfir veiðigjaldinu 24. júní en ASÍ lagðist gegn lækkun daginn eftir. Í júlíbyrjun, er lögín höfðu verið afgreidd frá þingi, var forsetanum afhentur undirskriftalisti með um 35 þúsund áskorunum um að synja hinum nýju lögum staðfestingar. Hann undirritaði þau hins vegar 9. júlí.

Það lagðist ekki vel í alla er tilkynnt var að Sigurður Ingi Jóhannsson myndi bæði gegna embættum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra en einnig umhverfis- og auðlindaráðherra. Töldu ýmsir umhverfisverndarsinnar að sá málaflokkur myndi nú verða látinn þoka nokkuð fyrir öðrum hagsmunum. Þegar skyndilega var hætt við að undirrita samkomulag um friðlýsingu Þjórsárvera 21. júní vegna athugasemda Landsvirkjunar þótti þeim grunur sinn staðfestur.

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra tilkynnti á sumarþinginu að hann hygðist gera hlé á aðildarviðræðum við ESB á meðan hann væri ráðherra. Jafnframt var boðað að skýrsla væri væntanleg um stöðu samningaferlisins. En 22. ágúst kynnti utanríkisráðherra þá skoðun að ekki þyrfti að samþykkja nýja þingsályktun til þess að slíta viðræðunum endanlega. Samninganefndin við ESB var leyst upp í september. Margir fögnuðu þessu en mótmæli urðu líka víðtæk og hávær krafa kom fram um að staðið yrði við kosningafyrirheit um þjóðaratkvæðagreiðslu. Forystumenn ríkisstjórnarinnar lýstu hins vegar þeirri afstöðu að ekki yrði haldið áfram aðildarviðræðum nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu en slíkt væri ekki á dagskrá; sú stefna hefði verið ljós fyrir kosningar að stjórnarflokkarnir hygðust ekki ganga í ESB. Nokkur óánægja var þó merkjanleg meðal sumra sjálfstæðismanna út af þessu máli, jafnvel á þingi.

Á sumarþinginu var samþykkt að hætta við að innheimta gistináttaskatt þann sem síðasta ríkisstjórn hafði ákveðið. Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra greindi hins vegar frá því að hún stefndi að því að leggja fram frumvarp um náttúrupassa og skipaði starfshóp til að vinna að undirbúningi. Gjaldtaka myndi þannig hefjast næsta sumar.

Hagræðingarhópur

Í júlíbyrjun var skipaður sérstakur hagræðingarhópur sem leggja skyldi fram tillögur að hagræðingu og aukinni skilvirkni í rekstri ríkisstofnana.

Formaður hópsins var skipaður Ásmundur Einar Daðason en að auki sátu í honum þingmennirnir Vigdís Hauksdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson og Unnur Brá Konráðsdóttir. Sat hópurinn að störfum um sumarið og fram á haustið. Hafði hann opið vefsvæði þangað sem senda mátti tillögur og ábendingar og mun hafa fengið á sjötta hundrað ábendingar.

Um haustið bárust þær fregnir af tillögum hagræðingarhóps að vænta mætti niðurskurðar og uppsagna hjá hinu opinbera. Þá lagði hópurinn m.a. til að Landgræðslan og Skógrækt ríkisins yrðu sameinaðar og að hætt yrði að veita fé til Bændasamtakanna.

Skuldaleiðréttingin

Undirbúningur hinnar boðuðu skuldaleiðréttingar var falinn sérfræðihópi sem skila skyldi tillögum með haustinu. Þegar líða tók á sumarið fór að gæta nokkurrar óþreyju meðal almennings. Í lok júlí fréttist að matsfyrirtækið Standard & Poor's hefði lækkað lánshæfismat Íslands vegna þessara fyrirætlaða og ljóst var að nokkurra efasemda gætti innan samstarfsflokks forsætisráðherra.

Þegar nýtt vefrit, *Kjarninn*, hóf göngu sína 22. ágúst birtist þar viðtal við Sigmund Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra. Þar sagði hann m.a. að hann vænti þess að kröfuhafar bankanna myndu sjálfir sýna eitthvert frumkvæði að því að semja um lausn á sínum málum.

Í ræðu um störf ríkisstjórnarinnar 10. september sagði forsætisráðherra hins vegar: „Í undirbúningi eru róttækustu aðgerðir stjórnvalda nokkurs staðar í veröldinni í þágu skuldsettra heimila“. Og laugardaginn 30. nóvember kynntu forystumenn ríkisstjórnarinnar síðan áætlun sína um skuldaleiðréttingu í Hörpu. Þar kom m.a. fram að alls gæti umfang aðgerða numið 150 milljörðum; þar af yrði 80 milljörðum varið til lækkunar höfuðstóls lána, að hámarki fjórar milljónir á heimili. Þá yrði heimilað að verja séreignalféyrissparnaði til lækkunar húsnæðisskulda og á móti kæmi skattaávilnun. Sú aðgerð gæti numið 70 milljörðum.

Í desember var birt könnun Félagsvísindastofnunar sem gaf til kynna að rúm 52% svarenda væri mjög ánægð eða frekar ánægð með boðaðar skuldaleiðréttingaraðgerðir ríkisstjórnarinnar. Hins vegar töldu tæp 64% að þær myndu hafa lítil eða engin áhrif á þeirra eigin fjárhag. Hagfræðideild Landsbankans tók hins vegar undir spádóma um að þessi skuldaniðurfærsla myndi valda þenslu en fagnaði því aftur á móti að heildarupphæð skuldalækkunar hefði verið lækkuð frá fyrstu loforðum.

Um starfshætti Alþingis

Steingrímur J. Sigfússon talaði allra þingmanna lengst á haustþinginu, 790 mínútur. Skemmst töluðu nokkrar þingkonur Framsóknarflokksins, minnst Jóhanna María Sigmundsdóttir, aðeins 13 mínútur.

Kynnt var skýrsla um álit almennings á Alþingi hinn 21. ágúst. Hún var samin af Félagsvísindastofnun HÍ. Ekki virtist orðstír þingsins fara batnandi því að í skýrslunni kom fram að einungis 14% almennings sögðust treysta því. Ástæðan virtist einkum hversu tamt þingmönnum væri að standa í skítkasti og rifrildi í stað málefnalegrar umræðu. Forgangsröðun málefna þótti undarleg og að ekkert væri hlustað á raddir almennings.

SVEITARSTJÓRNARMÁL

Skuldastaða íslenskra sveitarfélaga hefur verið slæm undanfarin ár. Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga gat þess þó í febrúar að rekstur sveitarfélaga væri almennt að jafna sig eftir áfallið í hruninu 2008; allar tölur bentu til þess. Í mars var sagt frá því að Hvalfjarðarsveit væri orðin eitthvert efnaðasta sveitarfélag landsins vegna tekna af Grundartanga. Eigið fé var yfir tveir milljarðar en íbúar um áramót þó aðeins 617.

Sú hagspeki, sem öðlaðist vinsældir í kringum aldamótin, að það borgi sig ekki fyrir sveitarfélög að eiga sjálf fasteignir heldur sé heppilegast að leigja þær af eignarhaldsfélögum hefur bedið skipbrot á undanförunum árum. Nokkur sveitarfélög hafa undanfarið snúið sér að því að kaupa til baka fasteignir sem seldar höfðu verið til Fasteignar hf. og síðan leigðar. Vestmannaeyjabær kaupir t.d. allar eignir til baka.

Jón Gnarr borgarstjóri í Reykjavík tilkynnti í útvarpsviðtali miðvikudaginn 30. október að hann hygðist ekki bjóða sig fram í komandi borgarstjórnarkosningum. Sagðist hann ekki líta á sig sem pólitíkus og hygðist snúa sér að uppbyggilegri og ánægjulegri verkefnum í framtíðinni; að vera í stjórnámálum væri eins og að vera í leshring þar sem ekkert væri rætt nema stafsetning.

Þessi yfirlýsing kom mörgum á óvart; þegar hófust bollaleggingar um að hér væri í smíðum ráðagerð um að Jón yrði bedinn að hætta við að hætta. Þessi ákvörðun hlyti líka að breyta hinu pólitíska landslagi í borginni og gefa öðrum flokkum sóknarfæri. Því var fyrstu skoðanakönnunar bedið með eftirvæntingu og niðurstöður hennar birtust strax föstudaginn 1. nóvember í *Fréttablaði* og á *Stöð tvö*. Þær komu á óvart því að skv. þeim virtust litlar breytingar verða á fylgi; svo var að sjá að Björt framtíð myndi einfaldlega „erfa“ fylgi Besta flokksins.

Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins tilkynnti 25. sept að hann myndi hætta í borgarstjórn og tæki til starfa í sjónvarpi við þáttastjórnun. Var almennt litið svo á að hann væri orðinn þreyttur á að deila um stefnumál sín við eigin flokksfélaga. Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í borginni fór fram 16. nóvember eftir talsvert harða kosningarátta. Niðurstöður urðu þær að Halldór Halldórsson náði fyrsta sæti. Júlíus Vífill lenti í öðru, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir í fjórða en þau sótt-

ust öll eftir fyrsta sætinu. Þorbjörg tilkynnti skömmu síðar að hún myndi ekki taka sæti á listanum.

Borgaryfirvöld í Reykjavík hafa undanfarið unnið að því að bæta aðstöðu hjólréiðafólks en þær aðgerðir hafa þó sumar mælst misvel fyrir. Meðal annars var unnið að þrengingu gatna, svo sem Snorrabrautar og Borgartúns, og gerð hjólastíga. Á Hofsvallagötu voru hjólastígar afmarkaðir og settar upp þrengingar sem vöktu takmarkaða hrifningu. Skipulagsyfirvöld bentu hins vegar á að þetta væri til bráðabirgða og tilraun.

Framkvæmdir við Hverfisgötu í Reykjavík drógu úr hömlu. Þeim átti að vera lokið í nóvember en þegar komið var fram í desember fór því fjarri að sæi fyrir endann. Kvörtuðu kaupmenn og íbúar sárlega yfir slæmum aðstæðum við upphaf jólaertíðar.

Deilur um flugvöll í Vatnsmýrinni héldu áfram en í lok október skrifuðu borgaryfirvöld, innanríkis- og forsætisráðherra ásamt forstjóra Icelandair undir þríhliða samning þar sem staðfest var að flugvöllurinn yrði á sama stað til 2022 en jafnframt að unnið yrði að könnun á því hvaða lausn væri hagkvæmust á málinu. Tæp 70 þúsund manns skrifuðu undir áskorun um að völlurinn yrði áfram í Vatnsmýrinni.

Byggingaráform um kirkju rétttrúnaðarsafnaðar við Mýrargötu voru gagnrýnd af íbúum nágrennis; byggingin mundi verða allt of stór og í engu samræmi við umhverfið. Formaður húsafríðunarnefndar tók undir þau sjónarmið í október. Hér hefðu orðið skipulagsmistök sem borgaryfirvöldum bæri að leiðrétta.

Breytt deiliskipulag fyrir Austurhöfnina, Hörpureitinn, Geirsgötu og Kalkofnsveg var samþykkt í borgarráði skömmu fyrir jól. Samkvæmt því er gert ráð fyrir hóteli, íbúðum og skrifstofum á svæðinu og að Geirsgata taki á sig allt aðra mynd en nú er.

Bæjarráð Hafnarfjarðar ákvað að framlengja ekki samning við Kvikmyndasafnið um áframhaldandi umsjá Bæjarbíós heldur fela Gaflaraleikhúsinu reksturinn. Þótti Hafnirðingum dauft yfir starfseminni og vildu nýta húsið betur með því að hafa bæði Gaflaraleikhúsið og Kvikmyndasafnið þar. Forstöðumaður Kvikmyndasafnsins mótmælti og boðaði að starfsemi þess yrði þá hætt.

Um vorið hófust viðræður um að Akranesbær tæki við Sementsverksmiðjusvæðinu og í árslok var gengið frá samningi þar að lútandi. Samkvæmt honum eignast bærinn verksmiðjusvæðið og tekur við mannvirkjum. Sementsverksmiðjan ehf. rambaði á barmi gjaldþrots en mun hafa aðstöðu á hluta svæðisins til sementsinnflutnings næstu 15 ár.

Reykjanesbær tilkynnti í mars að hætt yrði að taka þar á móti hælisleitendum 1. apríl, þangað streymdi fleira fólk en hægt væri að ráða við.

Vestmannaeyingar efndu til skoðanakönnunar meðal bæjarbúa um það

Í maí hvort reisa mætti hótél við Hásteinsvöll í svonefndri Hásteinsgröfju. Skipulagsráð hafði fallist á að byggja mætti á lóðinni en íbúar höfðu látið í ljós andstöðu. Hugmyndin hlaut ekki brautargengi. Meirihluti þeirra sem tóku þátt í kosningu í Eyjum (33%) hafnaði þeirri hugmynd að byggt yrði hótél í Hásteinsgröfju.

TÓNLIST

Íslensku tónlistarverðlaunin 2012 voru veitt 20. febrúar. Víkingur Heiðar Ólafsson hlaut verðlaun, m.a. sem flytjandi ársins á sviði klassískrar tónlistar, fyrir *Vetrarferðina* með Kristni Sigmundssyni og fyrir frumkvæði sitt að Midsummer music hátíðinni. Um þann viðburð sagði m.a.: „Sjaldan hefur kammertónlist verið flutt hér á landi af jafnmikilli andagift og eldmóði og á þessari hátíð.“ Hljómsveitin Retro Stefson fékk þrenn verðlaun, m.a. sem flytjandi ársins. Plata Ásgeirs Trausta *Dýrð í dauðapögn* var útnefnd plata ársins í flokki dægurtónlistar en í flokki sígildrar og samtímatónlistar var plata ársins *Vetrarferðin*, sem fyrr sagði, í flutningi Kristins og Víkings Heiðars. Kjurgei Alexandra fékk sérstaka viðurkenningu fyrir plötuna *Lævirkin*, sem fellur utan hefðbundinna flokka. En heiðursverðlaun fékk Þorgerður Ingólfsdóttir fyrir frumkvöðlastarf og tónlistaruppeldi.

Sinfóníuhljómsveit Íslands hóf starfsárið með þrennum Vínartónleikum í janúar undir stjórn Peters Guth. Aðalhljómsveitarstjóri hennar var annars Ilan Volkov. Hann stjórnaði m.a. á tónleikum í Hörpu 11. apríl er flutt var önnur sinfónía Arvos Pärt, *Vorblót* Stravinskys og fiðlukonsert eftir Bela Bartok. Einleikari var Patricia Kopatchinskaja og fengu tónleikarnir feykigóða dóma. Nokkrir heimsþekktir stjórnendur aðrir komu líka við sögu. Vladimir Askhenazy stjórnaði m.a. Sinfóníunni í Hörpu 2. maí. Flutt voru verk eftir Carl Nielsen, Þorkel Sigurbjörnsson og Beethoven. Stefán Ragnar Höskuldsson var einleikari á flautu. Þessir tónleikar fengu sömuleiðis afbragðsdóma gagnrýnenda.

Osmo Vänskä var gestastjórnandi Sinfóníunnar í Eldborg 13. júní. Þar voru flutt balletsvíta eftir Prokofjev og tvö verka Beethovens, forleikur og konsert fyrir píanó, sem Anna Guðný Guðmundsdóttir lék á; selló, sem Sigurgeir Agnarsson lék á; og fiðlu sem var í höndum Ara Þórs Vilhjálmssonar. Ríkharður Örn Pálsson gaf tónleikunum afbragðseinkunn í gagnrýni sinni, ekki síst stjórnandanum.

Starfsár hljómsveitarinnar hefst raunar formlega að hausti og 5. september voru haldnir upphafstónleikar þess. Þar stjórnaði Dmítríj Kítajenko *Seherazade* eftir Rimskíj-Korsakov og útsetningu Ravels á *Myndum á sýningu* eftir Mússorgskíj. Þá stjórnaði Gennady Rozhdestvenskíj

Sinfóníunni í Hörpu 10. október. Þar voru flutt verk eftir Rimskíj-Korsakov og Shostakovítsj. Eiginkona stjórnandans, Viktoria Postnikova, var einleikari á píanó.

Tectonics, tónlistarhátíð Sinfóníuhljómsveitarinnar, var haldin 18.–20. apríl. Hún er helguð nútímaverkum, tilraunakenndri tónlist og framúr-stefnuverkum ýmiss konar. Þá lék hljómsveitin upp á hvern dag en annars gefur efnisskrá hennar til kynna að hún hafi haldið 26 hefðbundna tónleika á Íslandi á árinu.

Að auki lék hljómsveitin með þungarokkshljómsveitinni Skálmöld á þrennum tónleikum í Eldborg í lok nóvember ásamt þremur kórum, Karlakór Reykjavíkur, Hymnodiu og Skólakór Kársnesskóla. Skálmöld hefur eignast fjölda aðdáenda undanfarin ár og vöktu þessir tónleikar mikla ánægju.

Í Washington var haldin listahátíðin „Nordic Cool“ 9.–10. mars. Þar spiluðu Sinfóníuhljómsveit Íslands, Trío Sunnu Gunnlaugsdóttur og Víkingur Heiðar og var almenn ánægja með viðtökum.

Listahátíð hófst 17. maí og stóð til 2. júní. Hátíðin hófst með tónverki eða hljóðgjörningi Lilju Birgisdóttur sem fluttur var á flautur skipa í Reykjavíkurbhöfn. Atriði Listahátíðar voru af margvíslegu tagi en eitt það frumlegasta verður að telja það sem bar heitið *Routeopia*, sem myndi væntanlega vera borið fram Rútópía. Þetta var sérstakur „konsertstrætó“ undir stjórn Ilmar Stefánsdóttur. Þar sat Davíð Þór Jónsson og lék á flygil á meðan ekið var um bæinn og staldrað við á ákveðnum stöðum. Vagninn tók um 50 farþega og vakti þetta atriði mikla athygli.

Ný ópera, *Ragnheiður*, eftir þá Gunnar Þórðarson, sem samdi tónlistina, og Friðrik Erlingsson, höfund texta, var frumflutt í Skálholtskirkju 16. ágúst af einsöngvurum, Kammerkór Suðurlands og fimmtíu manna hljómsveit undir stjórn Petri Sakari. Þóra Einarsdóttir söng m.a. hlutverk Ragnheiðar, einkadóttur Brynjólfs biskups. Óperan var flutt þrisvar í Skálholti og fékk frábæra dóma; var niðurstaða þeirra að Gunnar Þórðarson hefði sloppið blessunarlega við að falla í þær gildirur sem hinn síðrómantíski stíll hefði boðið upp á.

Óperan *Carmen* eftir Bizet var sett upp í Hörpu í fyrsta sinn á Íslandi í 30 ár undir stjórn bresks leikstjóra, Jamie Hayes. Hann sviðsetti verkið í miðri borgarastyrjöldinni spænsku. Hanna Dóra Sturludóttir og Kolbeinn Jón Ketilsson sungu aðalhlutverkin á frumsýningu 19. október. Jónas Sen gagnrýnandi var ekki fyllilega sáttur en þó er ljóst að ekki voru allir á sama máli því sýningin gekk vel og þurfti m.a. að bæta við aukasýningu. Nokkur mannskípti urðu meðal söngvara á milli sýninga en af öllum hópnum vakti frammistaða Hallveigar Rúnarsdóttur mesta athygli.

Tónlistarhátíðir af ýmsu tagi eru orðnar árviss viðburður á Íslandi og

dreifast um allt land. Ljóst er að þær hafa orðið verulega efnahagslega þýðingu, fyrir utan hið menningarlega og listræna gildi. Hér skal aðeins getið fáeinna.

Tónlistarhátíðin Sónar var haldin í Hörpu 15. og 16. febrúar og fór einkum fram í Norðurljósa- og Silfurbergssal en viðburðir dreifðust þó víðar um húsíð og allt niður í bílakjallarann. Hér er um að ræða alþjóðlega hátíð sem nú var haldin á Íslandi í fyrsta sinn. Hátíðin er einkum tileinkuð rafrænni tónlist og skilgreind sem „hátíð þróaðrar tónlistar og margmiðunarlista“. Við sögu kom fjöldi erlendra sem innlendra flytjenda.

„All Tomorrow's Parties“, eða ATP, nefnist alþjóðleg tónlistarhátíð eða e.k. tónleikaröð sem fer víða um heim og var haldin í herstöðinni á Miðnesheiði sumarið 2013. Þar kom fram fjöldi hljómsveita og tónlistarmanna, íslenskir sem erlendir. Langþekktastur þeirra var ástralski tónlistarmaðurinn Nick Cave sem náði feykilegu flugi, ekki síst eftir að hann hafði lent í því óhappi að detta af sviðinu.

Iceland Airwaves hefur fest sig í sessi undanfarin ár og dregur að sér æ fleiri gesti, ekki síst erlenda, enda markaðssett með það í huga. Hún er líka farin að vekja verulega athygli og fá umfjöllun í erlendum fjölmiðlum, einkum á netinu. Hátíðin fór fram í Reykjavík 30. október til 3. nóvember og meðal atriða voru tónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ólafs Arnalds í Hörpu, 31. október. En lokahnykkur hátíðarinnar voru tónleikar hinna heimsfrægu þýsku raftónlistarmanna í Kraftwerk. Þeir héldu m.a. aukatónleika í Hörpu 4. nóvember sökum mikillar eftirspurnar.

Jasshátíð Reykjavíkur hófst 15. ágúst og stóð til 22. ágúst og þar voru í boði hátt í fjörutíu viðburðir sem fóru fram á mörgum stöðum. Hátíðin hófst á tónleikum Jóns Páls Bjarnasonar og féлага í Frikirkjunni sem fengu frábæra dóma. Þá sætti það tíðindum að Friðrik Karlsson gítarleikari spilaði opinberlega á Íslandi í fyrsta sinni í 17 ár en hann kom fram með eigin hljómsveit.

Margir reglulegir tónlistarviðburðir og -hátíðir njóta mikilla vinsælda meðal traustra stuðningsmanna þó að ekki fari jafnmikið fyrir þeim í fjölmiðlum. Þar má nefna Þjóðlagahátíð á Siglufirði, sem var haldin 3.–7. júlí, Barokkhátíðina á Hólum sem fór fram 27.–30. júní. Eða þá Blúshátíð Reykjavíkur, sem haldin var 23.–28. mars. Blúsfélag Reykjavíkur, sem að hátíðinni stendur, varð tíu ára 2013. Loks skal getið minningartónleika um Bergþóru Árnadóttur sem voru haldnir 15. febrúar í Salnum í Kópavogi. Þetta voru fjórðu minningartónleikarnir um Bergþóru sem segja má að nú séu orðnir árlegur viðburður.

Reykjavík Midsummer Music var nú haldin í annað sinn en stefnir í að verða árviss viðburður af umtalsverðri stærðargráðu. Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari átti frumkvæðið að stofnun hennar og er listrænn

stjórnandi. Hátfíðin var haldin í Hörpu 19.–21. júní og helguð þemanu „anachronism“ eða „tímaskekkju“ og vísar til þess hversu mjög snjöllustu tónhöfundar hafa oft verið á skjön við samtíma sinn.

Hinn heimsþekkti gítarleikari Jeff Beck hélt tónleika ásamt hljómsveit í Háskólabíói 27. júní. Hljómsveitin Mezzoforte hitaði upp við frábærar undirtektir. Þá söng stórsöngkonan Dionne Warwick í Eldborg 10. júlí. Einnig sætti það tíðindum að hin vinsæla íslenska hljómsveit Of Monsters and Men spilaði á túninu við Vífilsstaði 31. ágúst.

Bandaríski tónlistarmaðurinn John Grant fylgdi eftir útgáfu nýrrar plötu, *Pale Green Ghosts*, með tónleikum í Silfurbergi í mars. Platan er tekin upp hér á landi, með íslenskum hljóðfæraleikumum og fékk m.a. góðar viðtökur erlendis. Hljómsveitin Sigur Rós sendi frá sér nýja plötu sem bar nafnið *Kveikur* og fékk almennt góðar viðtökur. Hljómsveitin tók m.a. að sér það verkefni að semja tónlist fyrir sjónvarpsþátt um Simpsons-fjölskylduna bandarísku. Sigur Rós lauk löngu tónleikaferðalagi í Bandaríkjunum í apríl. Plata Tómasar R. Einarssonar, *Bassanótt*, fékk frábæra dóma og ekki aðeins á Íslandi. Og að lokum er þess að geta að vefsíðan buzzfeed.com valdi plötubúðina 12 tóna í annað sæti þeirra plötuverslana heimsins sem fólk ætti að heimsækja einhvern tíma á ævinni.

ÚTVEGUR

Magn útfluttra sjávarafurða jókst lítillega milli áranna 2012 og 2013 en verðmæti stóð að mestu í stað. FOB-verðmæti útfluttra sjávarafurða árið 2013 nam alls 272.465 milljónum kr. Mikilvægasta útflutningslandið var Bretland, með um 16% útflutnings.

Helstu útflutningslönd voru:

Bretland	44.380 millj. kr.
Noregur	19.253 millj. kr.
Frakkland	19.195 millj. kr.
Spánn	18.839 millj. kr.
Rússland	18.600 millj. kr.

Aflaverðmæti dróst saman um 4,1% frá fyrra ári og munar þar mest um verðlækkun á þorski. Lækkunar gætir hins vegar innan allra aflategunda.

<i>Verðmæti afla í milljónum kr.</i>	<i>2012</i>	<i>2013</i>	<i>%</i>
Botnfiskur:	97.718,2	93.104,0	-4,7
Flatfiskur:	10.586,6	9.840,5	-7
Uppsjárvarfiskur:	46.750,4	45.338,7	-3
Skelfiskur:	4.217,3	4.468,5	-6
<i>Alls:</i>	<i>159.272,5</i>	<i>152.751,7</i>	<i>-4,1</i>

Sjófrysting afla dróst verulega saman milli ára, einkum sjófrysting til endurvinnslu innanlands. Á árinu var farið að leggja frystitogurum og selja úr landi. Einna fyrst til að hverfa úr flotanum var skip Ögurvíkur, Freri RE, sem áður hét Ingólfur Arnarson og var í eigu Bæjarútgerðar Reykjavíkur. Talsverður hópur sjómanna missti þannig atvinnu en ýmsar skýringar komu fram. Í fyrstu var bent á veiðigjald en einnig kvörtuðu útgerðarmenn yfir slæmri skuldastöðu eftir efnahagshrunið. Loks er þó rétt að hafa í huga að ferskur fiskur verður stöðugt eftirsóttari markaðsvara, auk þess sem vinnsla í landi hlýtur að vera ódýrari en sjóvinnsla.

Þessa stefnubreytingu útgerðarmanna virðist þó hafa borið nokkuð brátt að. Hinn 16. maí sigldi nýr frystitogari Brims, Skálaberg, inn á Reykjavíkurhöfn. Skipið kostaði 3,5 milljarða, er rúm 3.400 tonn og afar fullkomið, smíðað 2003. Í viðtali við *Morgunblaðið* af þessu tilefni sagðist Guðmundur Kristjánsson útgerðarmaður vonast til að koma skipinu fljótt í rekstur en það byggðist á því „að stjórnvöld breyti viðhorfum sínum til sjávarútvegsins“. En þó að skipt væri um ríkisstjórn og horfið frá fyrirætlunum fyrri stjórnar um veiðigjald fór skipið aldrei á veiðar og var selt til Grænlands í árslok.

Kvóti og aflahlutdeild

Fiskveiðiárið hefst 1. september en þá birtir Fiskistofa yfirlit um veiðiheimildir í samræmi við ákvörðun ráðuneytis. Þar er notast við hugtakið þorskígildi en það tekur einnig til allra annarra tegunda en þorsks sem veiddar eru skv. aflamarksreglum.

Eftirtalin tíu skip hlutu hæstar aflaheimildir í þorskígildiskg:

Brimnes RE:	9.506.106
Björgúlfur EA:	7.144.490
Vigri RE:	7.140.886
Júlíus Geirmundsson ÍS:	6.749.963
Kaldbakur EA:	6.717.482
Höfrungur III AK:	6.599.303
Guðmundur í Nesi RE:	6.396.793
Helga María AK:	6.336.318
Þerney RE:	6.166.256
Ottó N. Þorláksson RE:	6.090.422

Aflaverðmæti og hlutdeild 2013 eftir landshlutum

Höfuðborgarsvæðið:	31,4 milljarðar	18,6%
Suðurnes:	16,1 milljarður	9,5%
Suðurland:	18,8 milljarðar	11,1%
Vesturland:	13,3 milljarðar	7,9%
Vestfirðir:	16,4 milljarðar	9,7%
Norðurland eystra:	17 milljarðar	10,1%
Norðurland vestra:	16,7 milljarðar	9,9%
Austurland:	39,3 milljarðar	23,2%

Aflaverðmæti stærstu löndunarhafna og hlutdeild í heildarverðmæti

Reykjavík:	25,3 milljarðar	14,9%
Vestmannaeyjar:	16,1 milljarður	9,5%
Neskaupsstaður:	15,1 milljarður	8,9%

*(Helstu heimildir: Hagstofa Íslands og Fiskistofa)***VERSLUN**

Vöruskiptajöfnuður var enn hagstæður en hafði þó dregist lítillega saman. Samdráttur varð í verðmæti útflutnings um sem svaraði 3,5% og vegur þar þyngst lækkandi verð á áli á heimsmarkaði. Innflutningur lækkar um 2,6% á milli ára en þar munar mest um samdrátt í innflutningi skipa og flugvéla.

Vöruskiptajöfnuður 2013, miðað við fob-verð

Útflutningur:	610,7 milljarðar;	var 633 milljarðar 2012.
Innflutningur:	541,3 milljarðar;	var 556 milljarðar 2012.
Afgangur:	69,3 milljarðar;	var 77,3 milljarðar 2012.

Vöruflokkar innflutnings

Verð í milljónum kr. fob; árið 2012 í svigum en hlutfall af heildarinnflutningi 2013 í prósentum aftast.

Matvörur og drykkjarvörur	53.137,7	(50.226,3)	10%
Hrávörur og rekstrarvörur	161.206,0	(158.406,7)	30,3%
Eldsneyti og smurólíur	81.429,4	(84.345,4)	14,7%
Fjárfestingavörur	124.256,2	(117.662,7)	22,8%
Flutningatæki	47.355,4	(72.697,7)	8,6%
Neysluvörur	73.132,6	(70.876,7)	13,5%
Annað	844,5	(1.480,0)	0,2%
<i>Innflutningur alls:</i>	<i>541.361,9</i>	<i>(555.695,4)</i>	<i>2,6%</i>

Vörflokkar útflutnings

Verð í milljónum kr. fob; árið 2012 í svigum. Aftast er hlutfall af heildar-útflutningi 2013.

Iðnaðarvörur	309.140,1	(331.145,0)	50,6%
Sjávarafurðir	272.458,8	(268.631,7)	44,6%
Landbúnaðarvörur	13.195,1	(12.326,9)	2,2%
Aðrar vörur	15.897,6	(20.925,5)	2,6%
Útflutningur alls:	610.691,6	(633.029,1)	3,5%

EES-lönd eru helstu viðskiptaaðilar Íslendinga. Innflutningur (cif) kemur að 60,9% frá EES. Þangað fer 79,1% útflutnings (fob), tæpir 483 milljarðar.

Innflutningur

Hér má sjá þau tíu lönd þaðan sem mest er flutt til landsins og fjárhæðirnar sem um ræðir. Miðað er við cif-verð og gengi hvors árs. Tölurnar eru milljónir kr. en tölur í svigum eiga við árið 2012.

Noregur	90.870,3	(99.315,6)
Bandaríkin	58.042,5	(61.059,0)
Þýskaland	48.812,5	(54.813,1)
Kína	47.841,6	(42.743,1)
Brasilía	44.826,3	(39.730,9)
Danmörk	36.913,6	(33.801,5)
Holland	30.422,7	(36.120,9)
Bretland	27.273,3	(27.753,6)
Svíþjóð	24.594,9	(22.929,5)
Ítalía	20.173,2	(17.912,9)

Innflutningur á olíu veldur því að Noregur lendir í fyrsta sæti á þessum lista, en varðandi Bandaríkin munar mest um innflutning á súráli. Röð hinna efstu landa hefur ekki breyst utan að Danmörk hefur haft sæta-skipti við Holland.

Útflutningur

Hér eru þau tíu lönd þangað sem mest er flutt; útflutningsverðmæti í milljónum fob á gengi hvors árs en tölur í svigum vísa til fyrra árs.

Holland	183.402,7	(189.654,4)
Þýskaland	74.165,5	(81.502,2)
Bretland	57.894,5	(62.170,7)
Noregur	28.913,1	(32.258,0)
Bandaríkin	28.667,3	(28.338,1)
Frakkland	28.341,1	(28.116,1)

Spánn	24.057	(22.076,1)
Rússland	20.436	(24.200,4)
Danmörk	17.414,8	(16.504,2)
Ítalía	13.478,5	(13.014,1)

Álútflutningur skipar Hollandi sem fyrr í fyrsta sætið. Þær breytingar hafa hins vegar orðið á röð útflutningslanda frá fyrra ári að Spánn færirst upp fyrir Rússland og Ítalía færirst í tíunda sætið þar sem Nígería var 2012. (*Heimildir: Hagstofa Íslands*)

VÍSITÖLUR OG VERÐLAG

Á árinu 2013 nam verðbólga 3,1%, mælt frá janúar 2013 til janúar 2014. Hún nam 4,2% árið 2012, 6,5% árið 2011 og 1,8% árið 2010. Mælt á milli ársmeðaltala var verðbólgan 3,9% árið 2013, 5,2% árið 2012, 4% árið 2011 og 5,4% árið 2010.

Tólf mánaða hækkun verðlags eða tólf mánaða verðbólga er helsti mælikvarði verðbólgu í daglegri umæðu og viðmið í verðbólgestýringu Seðlabankans. Tólf mánaða verðbólga var 4,2% í janúar 2014 og aftur í desember, en fór niður í 3,3% á miðju ári. Þriggja mánaða verðbólga, ferfölduð til samanburðar við heilsárstölur, er jafnan sveiflukenndari. Hún var 2,6% í janúar, á milli 8 og 9% í febrúar, mars og apríl, lækkaði næstu sex mánuði en hækkaði í 3,6% í desember.

Neysliverð án húsnæðiskostnaðar hækkaði um 2% á árinu 2013. Tólf mánaða verðbólga án húsnæðis lækkaði jafnt og þétt á árinu, úr 5% í ársbyrjun í 2% í ársbyrjun 2014. Húsnæðishluti vísitölunnar — með viðhaldskostnaði, hita og rafmagni — hækkaði um 7,6% frá janúar 2013 til janúar 2014 og hafði áhrif til hækkunar neysliverðs um rúma prósentu. Verð innfluttra vara stóð nánast í stað og dró 12 mánaða verðbólgu í byrjun 2014 niður um 1,7%, en meðalgengi krónunnar styrktist um rúm 10% á þessum 12 mánuðum. Fastskattavísitala neysliverðs, sem síar út bein verðlagsáhrif óbeinna skatta, hækkaði um 3,0% innan ársins 2013, örlítið minna en neysliverð með sköttum.

Algengasti hérlendur heildarmælikvarði á gengi krónunnar er viðskiptavegið gengi gjaldmiðla þeirra þjóða sem eiga a.m.k. 1% hlut í utanríkisviðskiptum Íslendinga, oft nefnt meðalverð erlendra gjaldmiðla. Þetta gengi hækkar þegar krónan veikist. Samanvegið gengi þessara gjaldmiðla hækkar þegar krónan veikist en lækkar þegar hún styrkist. Frá árslokum 2012 til ársloka 2013 lækkaði meðalverð erlendra gjaldmiðla um 9,7%, sem svarar til 10,7% styrkingar krónunnar. Meðalverð erlendra gjaldmiðla hækkaði um 7,1% árið 2012 og 4,4% árið 2011, sem vó upp 10,6% lækkun á árinu 2010.

Gengisþróun var allskrykkjótt á árinu. Krónan styrktist um 12,5% frá áramótum fram í maíbyrjun, en lækkaði síðan um 4,5% til loka maí. Hún lækkaði áfram með nokkrum sveiflum um tæp 2% til viðbótar fram í októberlok, en hækkaði svo til áramóta um 5%.

Í árslok 2013 var sölugengi nokkurra gjaldmiðla samkvæmt skráningu Seðlabankans sem hér segir: Evran kostaði 158,94 krónur, 6,7% minna en í lok 2012; Bandaríkjadalur kostaði 115,30 krónur, 10,7% minna en í ársbyrjun; breskt pund kostaði 190,67 krónur og hafði lækkað um 8,6% á árinu gagnvart krónu; en japanska jenið kostaði 1,099 krónur, 26,7% minna en um fyrri áramót. Danska krónan kostaði 21,31 íslenskar krónur, 6,6% minna en í ársbyrjun; sú norska kostaði 18,98 krónur og hafði lækkað um 17,9% á árinu; en sænska krónan kostaði 18 krónur í árslok eftir 9,2% lækkun á árinu 2013.

Ekki var slakað á gjaldeyrishöftunum á árinu 2013, en þau voru sett á í nóvemberlok 2008. Í upphafi árs 2013 ákvað Seðlabankinn að hætta í bili reglulegum kaupum á erlendum gjaldeyri. Þau hafði hann stundað frá september 2010. Þess í stað hugðist bankinn styðja við gengi krónunnar með inngrípum á gjaldeyrismarkaði. Var sú stefna óbreytt allt árið.

ÝMISLEGT

AGS. Skrifstofu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á Íslandi var lokað um mánaðamótin júlí-ágúst 2013. Hún var opnuð í mars 2009.

Al Thani mál. Verjendur tveggja sakborninga í Al Thani-málinu svokallaða, Ragnar Hall og Gestur Jónsson, sögðu af sér skömmu áður en málsmeðferð átti að hefjast í aprílbyrjun. Varð það til að tefja mjög málsmeðferð og mun slíkur gjörningur vera einsdæmi í íslenskri réttarsögu. — Dómar féllu í Al Thani-málinu í héraðsdómi hinn 12. desember. Voru sakborningar allir sakfelldir fyrir að hafa sviðsett umfangsmikil sýndarviðskipti með hlutabréf í Kaupþingi um það leyti sem bankinn var að falla og gerð óskilorðsbundin fangelsisvist. Hreiðar Már Sigurðsson fékk fimm og hálf ár, Sigurður Einarsson fékk fimm ár, Ólafur Ólafsson fékk þrjú og hálf ár en Magnús Guðmundsson þrjú ár. Þá vakti athygli að verjendum þeirra, er sögðu sig óvænt frá málinu sumarið áður, var gerð einnar milljónar sekt hvorum um sig.

Baugsmál. 7. febrúar var dómur kveðinn upp í Hæstarétti í skattamálum Baugs og Gaums; hlutu Jón Ásgeir Jóhannesson, Tryggvi Jónsson og Kristín Jóhannesdóttir dóma fyrir skattalagabrot. Jón fékk þungstan dóm, 12 mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm og 62 milljóna sekt, Tryggvi 18 mánaða fangelsi skilorðsbundið og 32 millj. sekt. Kristín þriggja mánað skilorðsbundið fangelsi. Þá var Skarphéðinn Berg Steinarsson dæmdur til að greiða þrotabúi Baugs 105 milljónir.

Björgun á Akureyri. 18. febrúar björguðu tvær tíu ára stúlkur jafnöldru sinni á Akureyri. Hafði hún fallið niður um ís en þær skriðu til hennar og náðu henni upp.

Bílalán. Í byrjun júní gekk dómur í máli Plastiðjunnar gegn SP-fjármögnun, sem Landsbankinn hefur tekið yfir, um eftirstöðvar og uppgjör bílaláns. Dómurinn gekk skuldaranum, Plastiðjunni, í vil og fyrirsjáanlegt að bankinn yrði nú að snúa sér að endurútreikningum bílalána af fullum krafti. Alls munu um 30 þúsund lán hafa beðið endurútreikninga hjá Landsbankanum.

Bjarni Ármannsson var í héraðsdómi Reykjavíkur dæmdur í skilorðsbundið sex mánaða fangelsi í júní og til að greiða 35,8 milljónir í sekt fyrir skattalagabrot. Dóminum var áfrýjað til Hæstaréttar.

Borgarlistamaður Reykjavíkur var útnefndur 17. júní, Þorgrímur Þráinsson rithöfundur.

Dagur íslenskrar tungu. Jórunn Sigurðardóttir útvarpskona fékk verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember. Þá fengu Máltæknisetur og Ljóðaslamm Borgarbókasafns viðurkenningar fyrir starfsemi sína.

Edduverðlaunin. Kvikmynd Baltasars, *Djúpið*, hlaut Edduverðlaunin. Kristín Jóhannesdóttir leikstjóri fékk sérstök heiðursverðlaun fyrir sitt uppbyggingarstarf.

Eignarhald á landi. Fréttablaðið gerði úttekt á eignarhaldi lögbýla á Íslandi og komst að því að ríkið er langstærsti jarðeigandinn í landinu. Fyrirtækið Lífsvæl hefur undanfarin ár safnað að sér talsverðu af jarðeignum en varð gjaldþrota og komust þær jarðir í eigu Landsbankans sem hefur selt þær smám saman. Jarðir sem eru að fullu í eigu útlendinga eru ekki nema 28 eða 0,37% allra jarðeigna. Þær jarðir sem útlendingar eiga að hlut í eru 73 og ef þær eru teknar með hækkar prósentan í 1,5 af öllum jarðeignum landsins.

Svisslendingurinn Walter R. Lamprecht hefur m.a. keypt upp jarðir í Heiðardal við Mýrdal og hyggst þar standa að skógrækt, endurheimt votlendis og láta rífa niður mannvirki. Hann hyggur sem sé ekki á landbúnað heldur einhvers konar „endurheimt“.

Eldsmíði nýtur nú vaxandi vinsælda á Íslandi, sem víðar. Á Safnasvæðinu á Akranesi hafa eldsmíðir komið sér fyrir, haldið námskeið og reist sér skemmu. Í byrjun júní var haldið þar Íslandsmeistaramót í eldsmíði. Þar sigraði Gunnar Benedikt Þór Gunnarsson. Norðurlandameistaramót í eldsmíði var síðan haldið í fyrsta sinn á Íslandi á Safnasvæðinu á Akranesi 14.–18. ágúst.

Englar alheimsins. Í apríl var frumsýnd í Þjóðleikhúsinu ný leikgerð Símonar Birgissonar og Þorleifs Arnarsonar, sem einnig var leikstjóri, af

Englum alheimsins. Atli Rafn Sigurðarson fór með aðalhlutverkið. Fékk sýningin afar góðar viðtökur og þótti einstaklega vel heppnuð útfærsla á því erfiða viðfangsefni að setja svo þekkt bókmenntaverk á svið.

Fangelsi. Í ársbyrjun var efnt til hönnunarsamkeppni um fangelsi á Hólmsheiði. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra tók fyrstu skóflustungu að hinu nýja fangelsi á Hólmsheiði 4. apríl. — „Stórkostlegur dagur“, sagði fangelsismálastjóri. Jarðvegsframkvæmdir hófust í júní. Hinn 20. ágúst boðaði Hanna Birna Kristjánsdóttir, nýr innanríkisráðherra, hins vegar frestun á framkvæmdum fram til 2014.

Fegursta orð tungunnar. Ríkisútvarpið og Hugvísindasvið HÍ efndu til könnunar meðal almennings um hvert væri „fegursta orð“ íslenskrar tungu. Niðurstaðan var sú að *ljósmóðir* var valið fegursta orðið.

Félag framhaldsskólakennara. Kosið var um formann í Félagi framhaldsskólakennara í nóvember. Guðríður Arnardóttir, fyrrverandi bæjarfulltrúi í Kópavogi var kosin formaður félagsins.

Fíkniefnavandi. Úttekt á sprautufíklum á Íslandi benti til þess að þeir væru um 700 og flestir á aldrinum 35–45 ára. Hópurinn er þó í heild að eldast. Einna algengast er að fólk sprauti sig með rítalíni. Skaðaminnkunarverkefnið „Frú Ragnheiður“ snýst um það að aðstoða fíkla og koma hreinum nálum til þeirra. M.a. var rætt um að koma upp aðstöðu fyrir fíkla til að sprauta sig.

Fjármálaeftirlitið. Gunnar Þ. Andersen, fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, var í apríl dæmdur fyrir brot gegn þagnarskyldu er hann sendi fjölmiðlum gögn um mál Guðlaugs Þórs Þórðarsonar. Var Gunnari gerð tveggja milljóna sekt. Starfsmaður Landsbankans var dæmdur til greiðslu einnar milljónar.

Framhaldsskólar í fjárhagsvanda. Ársæll Guðmundsson formaður Skólameistarafélagsins sagði í nóvember að nú stefndi í að allir framhaldsskólar landsins yrðu reknir með halla næsta árið; 12 milljarðar hefðu verið teknir út úr framhaldsskólakerfinu frá 2008. Viðmiðunarlaun í reiknilíkani fjármálaráðuneytis eru miklu lægri en raunveruleg laun kennara þannig að skólunum er jafnan ætlað minna fé en þeir þurfa í raun og veru. Skólameistari Kvennaskólans, Ingibjörg Guðmundsdóttir, sagði að framlög til skólans dygðu aðeins til að borga laun og húsaleigu sem aftur rennur til Fasteigna ríkisins.

Fyrsti maí. Svo bar til þetta árið að kröfugöngur voru tvær. Annars vegar hin hefðbundna ganga verkalýðshreyfingar niður Laugaveg sem endaði á fundi á Ingólfstorgi. Hins vegar var hin „Græna ganga“ náttúruverndarsinna sem var litlu fámennari og lauk með útifundi á Austurvelli.

Gamli vitinn á Akranesi var valinn einn af sex áhugaverðustu vitum heims á vefsíðunni travelfreak.com í tilefni alþjóðadags vita. Hann var



Gamli vitinn á Akranesi og Flösin.

byggður 1918 og hefur verið vinsælt myndefni gegnum árin og oftar verið valinn einn sá fallegasti í heimi.

Glitnismál. Uppgjör og málaferli vegna Glitnis héldu áfram á árinu 2013. Slitastjórn Glitnis höfðaði mál gegn Lárusi Welding og fjórum öðrum vegna láns til félagsins Stíms árið 2008.

Þá ákærði sérstakur saksóknari Birki Kristinsson og fjóra aðra fyrrverandi starfsmenn Glitnis fyrir markaðsmisnotkun og umboðssvik. Ákæran varðaði fléttu sem fól í sér að lána félagi Birkis 3,8 milljarða til kaupa á hlutabréfum í bankanum í nóvember 2007.

Gríman. Gunnari Eyjólfssyni var veitt viðurkenning hinn 12. júní fyrir farsælan leiklistarferil allt frá 1945. *Englar alheimsins* var hins vegar útnefnt leikrit ársins.

Grundartangi. Skýrsla Faxaflóahafna um loftmengun á Grundartanga leiddi í ljós að losun brennisteinsdíoxíðs er komin að þölmörkum á svæðinu. Berast böndin að Járblendiverksmiðju Elkems. Skýrsluhöfundar bentu einnig á að bæta þyrfti rannsóknir og meðferð upplýsinga um flúormengun.

Guðmundar- og Geirfinnsmál. Starfshópur um Guðmundar- og Geirfinnsmál á vegum innanríkisráðuneytis kynnti niðurstöður sínar í lok mars. Niðurstaða sálfræðinga var sú að það væri hafið yfir allan vafa að framburðir sakborninga hefðu verið óáreiðanlegir. Því væru „veigamikil

rök“ fyrir því að taka málin upp aftur. Gísli Guðjónsson réttarsálfræðingur sagði m.a. að það hefðu verið mistök að fá hinn þýska rannsóknarlögreglumann Karl Schütz til aðstoðar.

Erla Bolladóttir greindi frá því að hún hefði sætt kynferðislegu ofbeldi í varðhaldsvistinni í Síðumúlafangelsi 1975–1976 og lagði fram kærú á hendur rannsóknarlögreglumanni. Það mál var þó fellt niður, enda fyrnt.

Gull. Mikið bar á auglýsingum um kaup á gulli en slík viðskipti voru í reynd eftirlitslaus með öllu. Gullsmiðir voru margir ósáttir, gömul listaverk væru í hættu en lögregla benti á að þetta væri afar auðveld leið til að losna við þýfi. Hver sem er getur auglýst og tekið á móti seljendum á lokuðum hótélherbergjum.

Handtaka á Laugavegi. Myndband sem sett var á netið og sýndi harkalega handtöku konu á Laugavegi 7. júlí varð til þess að lögreglumaður var ákærður fyrir að beita óþarfa hörku. Konan var dauðadrukkin og hrækti á lögreglumanninn sem sat í bílnum. Stökk hann þá út, skelkti henni í götuna og handjárnaði en síðan var hún borin inn í bílinn. Konan var í október dæmd í 30 daga skilorðsbundið fangelsi. En lögreglumaðurinn var í desember dæmdur til að greiða 300 þúsund kr. í sekt fyrir að hafa beitt óþarfa hörku þar sem konan var ófær um að veita verulega mótspyrnu. Þessi dómsniðurstaða var gagnrýnd nokkuð meðal lögreglumanna.

Hross í oss. Fyrsta kvikmynd Benedikts Erlingssonar, *Hross í oss*, var frumsýnd í ágúst. Myndin fékk hvarvetna frábærar viðtökur erlendis og hreppti fjölda verðlauna á kvikmyndahátíðum.

Hús íslenskra fræða. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra tók fyrstu skóflustunguna að Húsi íslenskra fræða mánudaginn 11. mars en fyrirhugað hefur verið að það rísi sunnan við Þjóðarbókhöðuna. Þar á m.a. að hýsa Stofnun Árna Magnússonar, Stofnun Sigurðar Nordal og Örnefnastofnun. Unnið var í grunninum fram um mitt sumar en þá var framkvæmdum hætt og um haustið var tilkynnt að þeim hefði verið frestað ótímabundið í sparnaðarskyni. Þegar þar var komið sögu fóru sumir að tala um „Holu íslenskra fræða“.

Húsavíkurhneyksli. Ung kona frá Húsavík, Guðný Jóna Kristjánsdóttir, sagði sögu sína í sjónvarpi í apríl. Henni var nauðgað af skólafélaga árið 1999 en eftir að hún kærði hann og málið fór sína leið gegnum dómskerfi reis mikil alda andúðar gegn henni í bænum. Var m.a. safnað undirskriftum til stuðnings piltinum, sem hafði verið sakfelldur, og hraktist fórnarlambið úr byggðarlaginu. Meðal þeirra sem brugðust í stuðningi við stúlkuna var presturinn í bænum. Upprifjun þessa máls olli verulegum sárindum meðal Húsavíkinga, fyrrverandi bæjarstjóra fannst hún ótímabær og þeir sem forðum skrifuðu undir báru sig nú margir aumlega. Almennt var þó litið svo á að frásögn Guðnýjar væri samfélaginu afar lærdómsrík.



Grafið fyrir Húsi íslenskra fræða.

Hvalfjörður. Stuttmyndin *Hvalfjörður* eftir Guðmund Arnar Guðmundsson hlaut verðlaun dómnefndar í Cannes í maí.

Hvalveiðar hófust aftur eftir tveggja ára hlé.

Íbúðalánasjóður. Í júlíbyrjun var kynnt skýrsla Rannsóknarnefndar um málefni Íbúðalánasjóðs og birti mjög svarta mynd af rekstrinum undan-gingin ár. Kom fram að tap sjóðsins á tímabilinu 1999–2012 næmi allt að 270 milljörðum. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að rekja mætti ólán sjóðsins til þeirrar breytingar sem varð 2004 er húsbrefakerfið var lagt niður og lánshlutfall hækkað í allt að 90% af matsverði eignar, í samræmi við kosningaloforð Framsóknarflokks. Á næstu árum hafi sjóðurinn síðan lent í samkeppni við bankana á lánveitingamarkaði. Þetta hefði m.a. gert verktökum kleift að byggja íbúðarhúsnæði langt umfram eftirspurn, taka hámarkslán, borga sér arð en láta síðan eignarhaldsfélög fasteignanna fara í þrot. Þess vegna sæti Íbúðalánasjóður m.a. uppi með fjölda óseljanlegra nýrra íbúða á Austurlandi. Stjórnendur hafi og fæstir verið menntaðir á sviði fjármálaviðskipta.

Hallur Magnússon fyrrverandi sviðsstjóri þróunarsviðs sjóðsins sendi þegar frá sér andmæli og hótaði meiðyrðamáli til að hnekkja ósönnum ásökunum. Þá mótmælti Guðmundur Bjarnason, fyrrverandi forstjóri sjóðsins, harðlega og taldi hið fjárhagslega tjón stórlega ýkt. Á næstu vikum urðu einnig stjórnámamenn úr ýmsum flokkum til að gagnrýna þessa skýrslu.

Jón Baldvin Hannibalsson. Fyrirhugað var að Jón Baldvin flytti fyrirlestra við Stjórn málafræðideild HÍ en gagnrýni femínista hindraði það. Helga Þórey Jónsdóttir og Hildur Lilliendahl brugðust við fregnum af fyrirhugaðri kennslu hans með mótmælum á netinu og hótuðu frekari aðgerðum enda hefði Jón Baldvin sætt hörðum ásökunum um kynferðislega áreitni. Stjórn málafræðideildin dró því þessa fyrirætlan til baka en sú ákvörðun sætti reyndar einnig gagnrýni.

Kaffihúsið Gæs. Hópur fólks sem lokið hafði námi af braut fyrir fólk með þroskahömlun við HÍ opnaði kaffihús í Tjarnarbíói í Reykjavík vorið 2013. Nefndist það Kaffihúsið Gæs.

Kári Stefánsson vakti máls á því í maí að ÍE byggi yfir upplýsingum sem nýta mætti til að finna konur sem hefðu stökkbreytt gen sem ylli brjóstakrabba. Málið strandaði hins vegar á því að ekki væri einhugur um það hvort fólk ætti að fá upplýsingarnar eða að njóta þess að vita ekki hvað biði.

Kjarasamningar. ASÍ og SA gerðu kjarasamning sem skrifað var undir 22. desember. Mælti hann fyrir um 2,8% almenna hækkun frá 1. jan. 2014; þó aldrei minna en um átta þúsund krónur. Fimm verkalýðsfélög innan Starfsgreinasambandsins samþykktu hann þó ekki og drógust samningar við þau fram yfir áramót. En forysta ASÍ sætti nokkurri gagnrýni innan verkalýðshreyfingarinnar fyrir frammistöðu sína.

Kjarninn, nýr vefmiðill, hóf formlega göngu sína 1. júní. Til hans var stofnað af hópi ungra fjölmiðlamanna, hann var ókeypis og frá upphafi einkum sniðinn að formi spjaldtölva. Kjarninn kom út vikulega, birti gagnrýnar greinar um hin ýmsu samfélagsmál og ávann sér fljótt talsvert traust.

Kristján Arason var sýknaður í júlí í héraðsdómi af kröfum slitastjórnar Kaupþings um endurgreiðslu á hálfis milljarðs króna láni sem hann hafði fengið frá bankanum til að kaupa hlutabréf í Kaupþingi.

Kynferðisbrotamál. Í janúar voru birtar upptökur úr falinni myndavél í Kastljósi þar sem Karl Vignir Þorsteinsson játaði kynferðisbrot gegn fjölda barna um áratugaskeið. Í framhaldi af því var hann handtekinn og settur í gæsluvarðhald. Hófust réttarhöld yfir honum í Héraðsdómi Reykjavíkur í apríl.

Hópur fólks kom saman við hús Hæstaréttar árla morguns hinn 4. febrúar og hóf táknræna hreingerningu í mótmælaskyni við frammistöðu dómsins í meðferð kynferðisbrota.

Í febrúarbyrjun var ráðist inn á heimili manns á áttræðisaldri á Skagaströnd og hann barinn til óbóta vegna ásakana um kynferðisbrot hans gegn barnabörnum.

Tíu ára stúlka sagði til manns sem hefði tælt hana upp í bíl sinn í maí og brotið gegn henni kynferðislega. Maðurinn náðist og hlaut þungan dóm.

Landflótti. Vinnumálastofnun hélt námskeið í mars um atvinnutækifæri á Norðurlöndunum og varð þar húsfyllir.

Landspítalinn. Sýking kom upp á blóðlækningadeild Landspítalans og varð að loka henni í febrúar. Bakterían sem þessu veldur er ónæg fyrir sýklalyfjum og algeng á sjúkrahúsum erlendis. Í apríl var greint frá því að íslenskri konu hefði verið sagt upp starfi á Landspítalanum þar sem hún hafði starfað sem hjúkrunarfræðingur í tvö ár án þess að hafa lokið hjúkrunarfræðinámi.

Fátt var meira rætt í fréttum frá byrjun árs en slæmt ástand heilbrigðiskerfis, fækkun sjúkrarúma, niðurskurður og uppsagnir heilbrigðisstarfsfólks. Hjúkrunarfræðingar á Landspítala héldu fund 17. janúar. Margir þeirra höfðu þá sagt upp undanfarna mánuði og horfðu til Noregs varðandi atvinnu. Hinn 4. febrúar höfnuðu hjúkrunarfræðingar á fjölmennum fundi (497) nýjum stofnanasamningi spítalans með yfir 90% atkvæða. Launahækkunar hefðu skv. honum orðið á bilinu 2,5%–12,5% en sumir fengu ekkert.

Í byrjun maí var formanni Félags geislafræðinga, Katrínu Sigurðardóttur, sagt upp störfum við Landspítalann eftir 33 ára starf. Áður höfðu geislafræðingar átt í kjaradeilu við spítalann. Erna Einarsdóttir framkvæmdastjóri mannauðssviðs neitaði því að þetta tengdist kjaradeilum, starfið hefði verið lagt niður. Geislafræðingar á Landspítalanum gripu til þess að segja upp til að knýja á um samninga en í lok júlí var loks samið við þá. Ekki urðu þó fullar sættir strax því að nokkur hluti neitaði að draga uppsögn til baka þar til formaður Félags geislafræðinga hefði ekki verið endurráðinn.

Starfandi læknar á Landspítalanum sögðu að íslenskt heilbrigðiskerfi væri hreinlega að molna niður þar sem mannauðurinn sjálfur væri í hættu. Björn Zoëga lét af störfum sem forstjóri Landspítala í lok september. Kvaðst ekki treysta sér til frekari niðurskurðar því nú væri svo komið að ekkert væri eftir til að skera niður. Hygðist hann því snúa sér að lækningum aftur. Nýr forstjóri, Páll Matthíasson, tók við 1. október.

Lánasjóður íslenskra námsmanna hugðist herða lágmarkskröfur um námsframvindu úr 18 einingum í 22 einingar á önn. Forysta Stúdentaráðs mótmælti og kærði ákvörðunina. Stúdentaráð hafði sigur í málaferlunum í ágúst; niðurstaðan var sú að Lánasjóðnum væri óheimilt að herða kröfur um námsframvindu á næsta skólaári. Dóminum var hins vegar áfrýjað.

Listaháskólinn. Friða Björk Ingvarsdóttir bókmenntafræðingur var ráðin rektor Listaháskóla Íslands frá 1. ágúst. Tók hún við af Hjálmarí H. Ragnarssyni.

Mannráp á Egilsstöðum. Í byrjun maí var manni ráðinn bani með hnífi í fjölbýlishúsi á Egilsstöðum. Daginn eftir var nágrenni hans, maður á þrítugsaldri, handtekinn, grunaður um verkið.

Makrill. Deilan um veiðikvóta á makríl varð þrálát. Fundi Íslands, Færeyja, Noregs og ESB í Reykjavík lauk 8. september án árangurs. Til að árétta sína afstöðu hélt Heimssýn, félag sjálfstæðissinna í Evrópumálum sérstaka „makrílhátíð“ á Ingólfsstorgi og bauð upp á grillaðan makríl. Ennfremur lýstu félagar yfir samstöðu með Grænlandingum og Færeyingum.

Manntalið 1703. Menningarmálastofnun SP, UNESCO, samþykkti að taka Manntalið 1703 inn á skrá yfir *Minniningar heimsins* þ.e. „Memory of the World“. Áður hefur handritasafn Árna Magnússonar verið tekið á þessa skrá hjá UNESCO.

Minnisblað um hælisleitanda. 21. nóvember var greint frá því að nígeríski hælisleitandinn Tony Omos færi huldu höfði í landinu en hans væri leitað og umsókn hans um landvistarleyfi hefði verið synjað. Hins vegar hefði brottvísun hans verið mótmælt af litlum hópi fólks fyrir utan innanríkisráðuneytið. Í *Morgunblaðinu* var vitnað til upplýsinga í „óformlegu minnisblaði innanríkisráðuneytisins ... sem *Morgunblaðið* hefur undir höndum“. Þar kom m.a. fram að maðurinn væri „í sambandi með íslenskri stúlku“ en hefði áður verið í tygjum við barnshafandi konu sem einnig væri hælisleitandi. Í umsókn hennar væri því haldið fram að hún væri fórnarlamb mansals.

Netárás á Vodafone á Íslandi. Að morgni laugardagsins 30. nóvember bárust fréttir um að vefur Vodafone á Íslandi hefði orðið fyrir árás hakkara og heimasíðu fyrirtækisins var lokað. Í tilkynningu frá fyrirtækinu sagði m.a. að ekkert benti til að „trúnaðarupplýsingar hefðu komist í hendur óviðkomandi“. Þegar líða tók á dag urðu þó undanbrögð fulltrúa fyrirtækisins æ vandræðalegri. Tyrkneskur tölvuhakkari hafði afritað ótrúlegt magn upplýsinga viðskiptavina fyrirtækisins og birt á netinu. Þar á meðal voru lykilorð af ýmsu tagi og síðast en ekki síst uppundir 80 þúsund sms-skeyti frá síðustu tveimur árum. Daginn eftir hafði landslýður m.a. fengið að lesa skeyti þáverandi stjórnarandstöðuþingmanns, Gunnars Braga Sveinssonar, um „leynifund í LÍU“ og skipulag baráttunnar gegn náttúruverndarlögum.

Norræna húsið varð 45 ára í lok ágúst.

Nýr peningaseðill var gefinn út í október, 10 þúsund krónur. Seðillinn er hannaður af Kristínu Porkelsdóttur en það vakti ekki síst athygli að á honum er mynd af Jónasi Hallgrímssyni.

OECD-skýrsla um menntamál, sem birt var í júní, sýndi að kostnaður Íslendinga á hvern grunnskólanema er með því hæsta sem gerist meðal samanburðarlanda. Kostnaður á framhaldsskólanema er mun lægri eða í 23. sæti innan OECD. Kostnaður á háskólanema er enn lægri, þar eru Íslendingar í 26. sæti.

Aðsókn að kennaranámi hefur minnkað mjög undanfarin ár og brott-

fall er jafnframt talsvert úr kennaranámi. Nokkur umræða varð um ástæður þessa og var m.a. bent á launakjör, starfsaðstæður, neikvæða umræðu um starf kennara, lengd náms o.fl. sem hugsanlegar ástæður.

PISA-könnun. Í byrjun desember voru birtar niðurstöður nýjustu PISA-könnunarinnar um kunnáttu nemenda undir lok grunnskóla. Ísland hafði færst umtalsvert niður í samanburði við önnur lönd og ollu fréttirnar verulegum áhyggjum. Á einu sviði voru íslenskir grunnskólar þó í allra fremstu röð; almenn líðan nemenda er þar góð.

PWC-mál. Hið nýja vefrit *Kjarninn* upplýsti í lok nóvember að endurskoðunarfyritækið PriceWaterhouseCoopers hefði greitt slitastjórn Glitnis hundruð milljóna í skaðabætur fyrir slægleg vinnubrögð við endurskoðun í aðdraganda hrunsins. Voru málaferli gegn endurskoðendafyrirtækinu þar með felld niður.

Ragnar Kjartansson. Sýning á myndbandsverki Ragnars Kjartanssonar „The Visitors“ var opnuð í New York 1. febrúar. Sýnd var á níu skjám í myrkvuðu rými „ljóðræn músíkölsk framvinda“ eins og Ragnar nefndi það. Verkið var tekið upp á virðulegu sveitasetri í grennd við New York af Ragnari og hópi tónlistarmanna sem allir eru íslenskir utan einn. Um haustið var sýningin sett upp í Kling og Bang galleríi í Reykjavík og sýnd við húsfylli fram eftir vetri.

Ragnar sýndi einnig á Tværingnum í Feneyjum bátinn *SS Hangover* (timburmenn). Um er að ræða gamlan íslenskan trébát, sexæring, sem var riggaður upp með mastri og stafnskrauti og um borð sat blásarasveit sem spilaði lag eftir Kjartan Sveinsson á meðan báturinn sigldi milli viðkomustaða í Feneyjum. Gagnrýnandi *The Observer* valdi verkið eitt af tíu athyglisverðustu verkum sýningarinnar.

Reykjavík Geothermal samdi í lok sept. um miklar framkvæmdir í Eþí-óþíu við byggingu jarðvarmavirkjunar.

RÚV. Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra sagði í útvarpsviðtali í október að hann stefndi að því að lækka fjárframlag til Ríkisútvarpsins um 200 milljónir en auka í staðinn heimildir þess til að afla tekna á auglýsingamarkaði. Þessum hugmyndum var þó hvorki fagnað meðal keppinauta útvarpsins á auglýsingamarkaðnum né þeim sem gagnrýnt höfðu niðurskurð til útvarpsins.

Miðvikudaginn 27. nóvember var tilkynnt um mikinn niðurskurð og fjöldauppsagnir hjá Ríkisútvarpinu. Var 39 starfsmönnum sagt upp strax, sumum jafnvel gert að hverfa á braut án þess að vinna uppsagnarfrest sinn eða ljúka verkefnum, en alls var boðað að 60 manns yrðu látnir hætta þegar þessari niðurskurðarlotu lyki og ýmsar breytingar yrðu á dagskrá. Daginn eftir var haldinn starfsmannafundur þar sem Páll Magnússon lýsti sjónarmiðum sínum. Eftir fundinn kom til snarpra orðaskipta sem náðust á mynd og voru m.a. birt á vef *Vísis*. Þar sást Páll hella úr skálum

reiði sinnar yfir Helga Seljan fréttamann sem spurt hafði út í réttmæti þeirrar fréttaskýringar sem birst hafði á netinu að uppsagnirnar væru liður í stríði Páls við fjárveitingarvaldið. Síðar sama dag baðst Páll afsökunar í viðtali. Síðdegis þennan dag mótmælti hópur fólks niðurskurðinum fyrir utan útvarps húsið.

Næstu daga sættu útvarpsstjóri og samstarfsfólk hans harðri gagnrýni fyrir að skeyta ekki um menningarhlutverk stofnunarinnar en einbeita sér að samkeppni við einkarekna fjölmiðla. Enginn hefði misst vinnuna á auglýsingadeildinni en Rás eitt hefði hins vegar orðið sérlega illa úti. Um þrem vikum síðar tilkynnti Páll að hann myndi segja lausu starfi sínu sem útvarpsstjóri.

SAFT. Selma Hrönn Maríudóttir hlaut verðlaun SAFT fyrir „besta barnaefni á netinu 2013“. Um er að ræða vefsíðuna grallarar.is sem byggir á Grallarabókum hennar, dýrasögum með fræðsluávi.

Seðlabankastjóri. Hæstiréttur hafnaði 24. apríl kröfu Más Guðmundssonar seðlabankastjóra um að skerðing kjararáðs á launum hans yrði felld úr gildi.

Skotárás í Hraunbæ. Sá atburður varð í Hraunbæ í Reykjavík aðfaranótt 2. desember að lögreglan greip til skotvopna gegn manni sem skotið hafði af haglabyssu á þá þegar þeir reyndu að opna dyr að íbúð hans. Maðurinn var veikur á geði, bjó einn og nágrannar höfðu kvartað yfir hávaða úr íbúð hans. Gashylkjum var skotið inn í íbúðina en það dugði ekki til að maðurinn gæfist upp. Eftir að hann hafði skotið á lögregluna var skotið á móti og hann felldur. Þegar hann komst undir læknishendur reyndist hann látinn. Nágrönnum var mörgum mjög brugðið en þetta er í fyrsta sinn sem lögregla beitir skotvopnum gegn manni hér á landi.

Margt var gagnrýnt varðandi þetta mál. Á það var m.a. minnt að sá sem skotinn var glímdi við alvarleg veikindi en ekki var reynt til þrautar að ná sambandi eða samkomulagi við hann áður en látið var til skarar skríða. Þá var kvartað yfir að fjölmiðlum voru ekki veittar upplýsingar fyrir en seint. Niðurstaða saksóknara og lögreglu yfirvalda var þó sú að lögreglumenn á vettvangi hefðu brugðist eðlilega við þeirri stöðu sem upp var komin.

Sköpunarverk. Kristín Gunnlaugsdóttir opnaði sýningu í Listasafni Íslands 8. nóvember og höfðu öll verkin kvensköp að meginviðfangsefni. Sýningin nefndist Sköpunarverk.

Stefán Logi Sívarsson var handtekinn 12. júlí í Miðhúsaskógi eftir viðtæka leit á Suðurlandi undanfarna daga. Hann var grunaður um ofbeldisverk og mannrán.

Svefnhljóð í garði. Svefnhljóð borgarstjóra voru tekin upp eina nótt og notuð sem efni í hljóðskúlptúr sem settur var upp í Höggmyndagarðinum við Nýlendugötu í Reykjavík. Finnbogi Pétursson myndlistarmaður stóð

fyrir því og voru hrotur borgarstjórans spilaðar þar stöðugt framan af sumri.

Söngleikurinn Mary Poppins var frumsýndur í Borgarleikhúsinu 22. febrúar og fékk þegar feykigóðar viðtökur. Gagnrýnendur voru ánægðir og aðsókn gríðarleg. Aðalhlutverkin voru í höndum Jóhönnu Vigdísar Arnardóttur og Guðjóns Davíðs Karlssonar.

Útígangsfólki fer fjölgandi. Gistiskýlið í Farsóttarhúsinu í Reykjavík gat ekki tekið á móti öllum sem þangað leituðu. Vaxandi hópur leitar þar athvarfs, þ.á m. erlendir verkamenn sem í lengst hafa hér, misst atvinnu og eru heimilislausir og í óreglu.

Vatnsendaland. Hæstiréttur úrskurðaði að Vatnsendaland væri eign dánarbús Sigurðar Hjaltesteds, sem lést 1966. Syni hans, Magnúsi, voru á sínum tíma úrskurðuð yfirráð yfir eigninni og síðari kona Sigurðar og synir þeirra borin út 1969. Þorsteinn Hjaltested er núverandi ábúandi og hefur m.a. selt hluta eignarinnar Kópavogsbæ. Vegna þeirra viðskipta hefur hann m.a. orðið hæsti útsvarsgreiðandi landsins skv. síðustu skattskrá.

Verðlaun Ásu Guðmundsdóttur Wright árið 2013 voru veitt Helga Björnssyni jöklafræðingi fyrir rannsóknarstörf.

Verðtryggingin. Elvira Mendez-Pinedo, prófessor í Evrópurétti við HÍ, leitaði álits framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á lögmati hinna íslensku verðtryggðu lána og fékk þau svör um miðjan febrúar að væri heildarkostnaður láns ekki tilgreindur bryti það í bága við neytendalöggjöf sambandsins.

Vilborg Arna Gissurardóttir komst á Suðurláti 17. janúar eftir 60 daga ferðalag og 1.140 km göngu. Eftir heimkomuna stóð Vilborg í ströngu við fyrirlestrahald, ekki síst í skólum.

VR. Ólafía Björk Rafnsdóttir var kjörin formaður VR 15. mars, hlaut 76% atkvæða. Stefán Einar Stefánsson hafði verið formaður í tvö ár en varð nú undir. Hann var mjög ósáttur við niðurstöðuna og kvaðst hafa orðið fyrir „ófrægingarherferð“ í DV.

Þyrla Landhelgisgæslunnar, Tf-Gná, varð að lenda í skyndi skammt frá Kvískerjum eftir að hún var lögð af stað í útkall 25. apríl þar sem öxull hafði brotnað í girnkassa hennar. Var hún flutt suður til viðgerðar en Danir lofuðu að aðstoða og leggja til aðra björgunarþyrlu ef á þyrfti að halda.

Þyrluskídamennska er stunduð í vaxandi mæli á Tröllaskaga og virðist stefna í harða samkeppni um aðstöðuna. Eftirspurn hefur reynst mikil en Veðurstofan varaði við snjóflóðahættu sem fylgt gæti. Leiðsögumenn báru sig þó vel þegar rætt var við þá í mars. Mánudni síðar féll snjóflóð á leiðsögumann þyrluskíðahóps utarlega við Eyjafjörð. Jökull Bergmann, formælandi fyrirtækisins gerði lítið úr atvikinu í viðtali 18. apríl en aðrar

heimildir gáfu til kynna að það hafi verið býsna alvarlegt. Vel gekk að bjarga leiðsögumanninum og koma honum á sjúkrahús.

Pungmálmar reyndust nokkuð áberandi í mosa á iðnaðarsvæði við Straumsvík; einkum bar mikið á blý- og sinkmengun. Hún var þó fremur rakin til endurvinnslu málma á svæðinu, sinkhúðunar o.þ.h., en álversins.

